# Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi

**Skýrsla II**



Sindri Ellertsson Csillag
Ásta Hermannsdóttir
2013

Forsíðumyndin sýnir Grundarfjarðarbæ þar sem horft er frá selstöðu Kvernár við Skjólsteina (ljósm. Sindri Ellertsson Csillag).

© Sindri Ellertsson Csillag og Ásta Hermannsdóttir, (Janúar 2013).
Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi II
Útgefandi: Fornleifafræðistofan
Útgáfustaður: Reykjavík
FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

## *Efnisyfirlit*


**1 Inngangur** ........ **2**

**2 Markmið** ........ **4**

**3 Fornleifaskráning** ........ **7**

3.1 Berserkseyri (1 og 2) ........ 7
3.2 Kolgrafarsel (12:1-4) ........ 9
3.3 Eyrarsel (13:1-3) ........ 13
3.4 Þórdísarstaðir og Öndverðareyri ........ 17
3.5 Grundarsel (11:1-3) ........ 20
3.6 Setbergssel á Fossafjalli 1 og 2 (3:1-3 og 4:1-4) ........ 23
3.7 Setbergssel (5:1-2) ........ 27
3.8 Kvernársel við Skjólsteina (6:1-5) ........ 28
3.9 Gilssel (7:1-4) ........ 32
3.10 Grafarsel (8:1-2) ........ 35
3.11 Kirkjufellssel (9:1-5) ........ 37
3.12 Lárdalur ........ 40
3.13 Látravíkursel (10:1-2) ........ 42
3.14 Sætrin ........ 46
3.15 Gæshólar í Helgafellssveit ........ 47

**4 Prufuholur á Seljum** ........ **48**

4.1 Prufuhola 1 ........ 49
4.2 Prufuhola 2 ........ 49
4.3 Prufuhola 3 ........ 50
4.4 Prufuhola 4 ........ 50
4.5 Samantekt ........ 51

**5 Prufuholur í Gautsstaðagróf í landi Staðarbakka** ........ **52**

5.1 Prufuhola 1 ........ 53
5.2 Prufuhola 2 ........ 55
5.3 Prufuhola 3 ........ 57
5.4 Prufuhola 4 ........ 59
5.5 Örformgerðargreiningar á jarðvegssýnum ........ 60
5.6 Samantekt ........ 61

**7 Samantekt og umfjöllun** ........ **63**

7.1 Rústirnar ........ 63
7.2 Selstaða eða býli ........ 69
7.3 Staðsetning seljanna ........ 70
7.4 Hugmyndir manna um seljabúskap ........ 72

**8 Næstu skref** ........ **77**

**9 Heimildaskrá** ........ **79**

**10 Dagbók** ........ **85**

**11 Tæknilegar upplýsingar** ........ **88**

**12 Skrár** ........ **90**

12.1 Fornleifaskrá ........ 91
12.2 Ljósmyndaskrá ........ 93
12.3 Fundaskrá ........ 94
12.4 Sýnaskrá ........ 96

# 1 Inngangur

Sumarið 2012 fór fram annar hluti verkefnisins Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem markiðið er að skrásetja allar þekktar selstöður á norðanverðu Snæfellsnesi sem og aðrar þær er verða á vegi rannsakenda. Viðfangsefni rannsóknarinnar var í þetta skipti aðallega Eyrarsveit/Grundafjarðarbær en þó var einn staður í Helgafellssveit skoðaður í fornleifaskráningarhluta verkefnisins auk þess sem grafnar voru prufuholur í tvö meint sel í Helgafellssveit, sel Bjarnarhafnar á Seljum og sel Staðarbakka í Gautsstaðagróf. Rannsakendur voru sem fyrr Ásta Hermannsdóttir (BA) og Sindri Ellertsson Csillag (MA), fornleifafræðingar. Verkefnið var styrkt úr Fornleifasjóði og vettvangsvinna fór að mestu leyti fram dagana 19. júní -24. júlí. Kostunaraðilum, heimildamönnum, landeigendum og greiningaraðilum eru færðar hinar bestu þakkir fyrir góða samvinnu og viðkynningu.

Vitneskja um seljabúskap á Íslandi er eitt af því sem er að hverfa með elstu kynslóð landsins og er því miður að miklu leyti horfin. Við erum á síðasta snúningi í dag að ná í skottið á vitneskjunni sem er svo mikilvæg þegar kemur að því að leita að minjum sem þessum sem oft eru á jaðrinum eins og hann er skilgreindur í dag, á

stöðum sem ekki er alltaf talið að búi yfir minjum. Ekki síst er vitneskjan um störf fólks í seljum og sögur þar af að hverfa. Ritaðar heimildir eru yfirleitt fáorðar um fyrirbæri eins og seljabúskap og er því oft lítið sem hægt er að ná upp úr þeim, sérstaklega þegar litið er lengra aftur í fortíðina en 100-200 ár. Örnefni geta gefið vísbendingar um staðsetningar selja og jafnvel beitarhaga þeirra eða slíkt, en það er einungis brotabrot af sögunni. Með því að rannsaka minjar selja og heimildir um þau er hægt að koma í veg fyrir að við gleymum þessum stóra þætti í búskaparháttum fyrri tíma. Í dag eru fæstir sem skilja hugtökin sel og selstaða, flestir hafa litla sem enga hugmynd um hvað þau þýða eða hvaða merkingu þau hafa fyrir sögu fólks í landinu.

Um seljabúskap í Eyrarsveit segir í skrifum Einars Sæmundssonar um Setbergssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* um miðja 19. öld:

> *Selstöður* eru ekki til, engvar þess vegna brúkaðar, og þó hinn eða þessi hafi fengið að hafa þær í annars landi, hafa þær óðar aftur niður lagzt sökum meiri kostnaðar við þær en agnsemi, og þar eð til fjallsins, hvar tiltækilegast væri til selstöðu fallið, er óveðrasamra miklu en heima við, en lítill kostamunur undan annars allstaðar ríkjandi peningsfæð“ (1970:165).

Af orðum þessum má greina að nýting selstaða er fyrir nokkru niður fallin á þessu svæði þegar lýsingarnar eru ritaðar. Textinn gefur í skyn að selstöður hafi verið óþarfar og í raun bara auka tilkostnaður fyrir þá sem þær áttu. Það mætti þó segja að þetta væri dæmigert tilsvar prests sem ekki hafði minnsta áhuga á því verkefni Hins íslenzka bókmenntafélags að skrásetja hin ýmsu fyrirbæri í sóknum landsins. Hann hefur því, líklega án þess að kynna sér málið, ritað svar sitt sér að ofan án þess að hafa nokkurn grun um magn selja í sókninni og mikilvægi þeirra í fyrri tíma búskap. Ekki allir prestar tóku þó þennan pólinn í hæðina þegar kom að því að svara fyrirspurnarblaði Hins íslenzka bókmenntafélags. Sem dæmi má nefna Helga Sigurðsson prest á Setbergi sem skilar inn sínu svari, lýsingu á Setbergssókn, árið 1873, nokkru seinna en flest önnur svör eru dagsett, og er það bæði greinagott og ágætlega upplýst. Hann lýsir m.a. öllum bæjum í sveitinni og telur upp allar þær selstöður sem hann þekkir til að hafi verið nýttar (sjá bls. 237-211 í *Sýslu- og sóknalýsingar* 1970). Þegar þær upplýsingar eru settar í samhengi við upplýsingar úr *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* (hér eftir nefnd *Jarðabókin*) er greinilegt að margir af stærri bæjum sveitarinnar hafa átt selstöður. Vitneskjan um þær selstöður, staðsetningu þeirra, húsin í seljunum og starfa fólks þar, er ört að hverfa og því mikilvægt að skrá þá vitneskju og rannsaka sem fyrst.

## 2 Markmið

Langtíma markmið verkefnisins er að rannsaka selstöður á norðanverðu Snæfellsnesi og má í stuttu máli má lýsa því svo: Í fyrsta lagi að kanna allar meintar selstöður á vettvangi og skrá þær fornleifar sem þar kunna að vera og í öðru lagi að rannsaka einhverjar þessara selstaða með uppgreftri til að fá gleggri mynd af aldri þeirra og notkun.

Í skráningarhluta verkefnisins verður lögð áhersla á að kanna fjarlægðir selstaða frá heimabæ, hvaða ástæður hafa hugsanlega legið að baki staðarvalinu, t.d.




**Mynd 1.** Yfirlit yfir allar selstöður sem skráðar voru sumarið 2012 og heimabæi þeirra. Selstöðurnar eru merktar með stjörnu en heimabæirnir með kassa. Selstöður bera sama lit og meintur heimabær þeirra (Heimild: *Kortabók* 2000:5-6).

einhver sérstök aðföng, og hvort greina megi einhverjar meginlínur í formum og fjölda húsa í selstöðunum og hvaða ályktanir megi draga af þeim. Uppgraftarhluti verkefnisins er í fyrstu miðaður að því að grafa prufuholur í nokkrar selstöður til þess að staðfesta að um selstöður sé að ræða, fá nánari vitneskju um aldur þeirra og grennslast fyrir um mögulega notkun þeirra, þ.e. hvað fengist var við í viðkomandi seli. Á dagskránni seinna meir er einnig að rannsaka einhverja selstöðu eða einstök hús í heild sinni með uppgreftri, fáist til þess fjármagn.

Markmið sumarins 2012 miðaði að skráningu selstaða í hinni fornu sveit Eyrarsveit, nú Grundarfjarðarbæ. Eftir því sem verkefninu vindur fram næstu misserin stendur til að færa verkefnið enn vestar eftir nesinu. Sumarið 2011 voru alls kannaðar 19 meintar selstöður í Helgafellssveit og Stykkishólmi á vettvangi. Sumarið 2012 voru skráðar 12 selstöður í Eyrarsveit á vettvangi. Sjá má yfirlitsmynd af staðsetningu þeirra allra á mynd 2. Eru flestar þeirra nefndar í heimildum, yfirleitt í *Jarðabókinni* eða örnefnaskrám þar sem oft eru ekki nema vísbendingar um selstöður faldar í örnefnum. Einnig komu heimildarmenn að gagni í nokkrum tilfellum og er þeim þakkað fyrir liðleg svör. Tvær selstöður voru jafnframt kannaðar með uppgreftri, selstaða Bjarnarhafnar á Seljum og selstaða Staðarbakka í Gautsstaðagróf. Áætlað var að grafa fjórar prufuholur á hvorum stað, m.a. í þeim tilgangi að ná í örformgerðarsýni til greiningar, en slík sýni geta gefið góða mynd af búsetumynstri á þeim stöðum sem þau eru tekin á. Þær áætlanir gengu þó ekki alveg eftir og verða ástæður þess raktar í uppgraftarhluta þessarar skýrslu.

Í umfjölluninni hér á eftir verður fjallað um allar þær selstöður sem kannaðar voru í fornleifaskráningarhluta verkefnisins. Byrjað verður austast í Eyrarsveit en síðan haldið sem leið liggur vestur eftir henni. Í umfjölluninni hefur hver selstaða sitt nafn og eru þau yfirleitt dregin af heimabæ viðkomandi selstöðu eða staðsetningu hennar. Í mjög fáum tilfellum höfðu selstöðurnar ákveðin nöfn sem rannsakendur höfðu vitneskju um (s.s. Setbergssel). Tölurnar sem standa aftan við hverja selstöðu vísa til númera í fornleifaskrá en hún birtist sem viðauki við þessa skýrslu (kafli 11:1). Númerakerfið byggir á fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar en þar fá allir fornleifastaðir innan hvers sveitarfélags hlaupandi yfirnúmer en einstakar fornleifar fá sérstakt undirnúmer. Gjarnan má líta á fornleifar undir sama yfirnúmeri sem eina heild, í þessu tilviki einstakar selstöður.




**Mynd 2.** Yfirlit yfir allar selstöður sem skráðar hafa verið á norðanverðu Snæfellsnesi sumrin 2011 og 2012. Tvær selstöður í Eyrarsveit voru ekki skráðar á vettvangi sumarið 2012, í Kálfadal og í Lárdal, en þar eru þó nokkuð öruggar heimildir um að sel hafi verið (Heimild: *Kortabók* 2000:5-6).

# 3 Fornleifaskráning

## 3.1 Berserkseyri (1 og 2)

Í *Jarðabókinni* segir um selstöðu Berserkseyrar: „Selstaða í heimalandi en brúkast nú til beitar heiman að“ (*JÁP* 1931-33:308) og má því gera ráð fyrir því að Berserkseyri hafi átt selstöðu. Í örnefnaskrá jarðarinnar segir um mýrarnar sem eru austan við Berserkseyrardal, þ.e. upp af Hraunsfirði: „Því nær miðja vegu milli fjalls og fjöru er klettastapi með grasivaxinni þúfu efst, stapi þessi heitir Sjónarhóll. Nokkru suðaustar eru mjög gamlar tóftir, sem kallaðar eru Sel“ (*Ö-Berserkseyri*:2). Í fyrstu mætti því halda að þessi ráðgáta væri fremur auðleyst, selstaða Berserkseyrar hafi verið á umræddum stað.




**Myndir 3-4.** Til vinstri má sjá rúst þá sem kölluð er Sel í landi Berserkseyrar (ljósm. SEC) en til hægri er teikning af rústinni.

Rústirnar sem kallaðar eru Sel í örnefnaskrá fundust á áðurgreindum stað en nokkuð víst er að þær eru ekki seljarústir. Einungis er um eina rúst að ræða og er hún sporöskjulaga, 10x6 m að utanmáli, og skiptist líklega í tvö rými, hið stærra um 6x2,4 m að stærð en hið minna 4x1,3. Dyr virðast vera á báðum rýmunum út mót austri, þ.e. til sjávar. Afar þýft er í kringum rústina og eru veggir hennar, sem virðast vera eingöngu úr torfi, mjög sokknir svo rýmin gætu e.t.v. verið eitthvað fleiri en tvö. Mat okkar er að rústin sé annað hvort stekkur, en því mælir helst í mót fjarlægð frá bæ sem er um 2,3 km, eða rúst tengd sjósókn og nýtingu á Hraunsfirði. Hugsanlega er þá um hróf með veiðarfærageymslu eða eitthvað í þá veruna að ræða. Rústin var skráð við gerð aðalskráningar í sveitarfélaginu Grundarfirði (Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005: fornleifar nr. 44).

Því þurfti að gera frekari leit að hinu meinta seli. Leitað var fanga hjá Hreini Bjarnasyni, ábúanda á Berserkseyri, og benti hann á tvo staði sem virtust koma til greina til frekari athugunar. Annars vegar tvo nokkuð þýfða rústahóla sunnan við Stekkjargil umkringda túngarði og mógröfum og hins vegar nokkurra hólfa rúst sem staðsett er í austanverðu Múlahorni undir dálítilli brekku um 500 m suðvestan við íbúðarhúsið á Berserkseyri, rétt utan við túnið. Báðir staðirnir eru skráðir í *Fornleifaskrá Grundarfjarðar* (nr. 50:1-4 og 54:1). Á fyrrnefnda staðnum er greinilegt að stærri rústahóllinn er nokkuð raskaður af yngra mannvirki sem grafið hefur verið ofan í hann. Niðurgröfturinn er um 1,5 m að dýpt og um 3x1,5 m að innanmáli en rústahóllinn sjálfur mælist um 12x15 m. Í *Fornleifaskrá Grundarfjarðar* var rústin túlkuð sem stekkur, sem gæti verið mögulegt, en þegar ábúandi var spurður álits minntist hann þess að þegar mógrafirnar á svæðinu voru nýttar hafi oft verið um dagsferðir að ræða þar sem nokkur fjöldi fólks var samankominn með nesti og birgðir. Taldi hann mögulegt að niðurgröfturinn hafi verið gerður svo fólk hefði skjól af en í aðeins 20-30 m fjarlægð frá rústasvæðinu taka við uppblásnir melir. Hugsanlegt er að sá möguleiki gæti komið til greina eða þá að niðurgröfturinn væri tengur mógröfunum með öðrum hætti, t.d. að mór hafi verið geymdur þar til þurrkunar. Rústahóllinn sjálfur er þó líklega mannabústaður af einhverjum toga en sé tekið mið af staðsetningunni og af rústunum í næsta nágrenni, ekki síst túngarðinum, verður vart séð annað en að hér hafi hjáleigan Berserkseyrarkot staðið sem nefnt er í *Jarðabókinni* og sagt að hafi verið byggð örfáum árum fyrir 1700 (*JÁP* 1931-33:309).

Á hinum staðnum sem skoðaður var er um þrefalda eða fjórfalda rúst að ræða um 11x10 m að utanmáli. Hólfin eða rýmin í rústinni virðast ekki vera öll samtíða en greinilegustu rýmin tvö, um 5x2 m og 3x2 m að innamáli, gætu vel verið stekkur og/ eða skepnuhús af einhverju tagi. Svo virðist þó vera sem þessi tvö rými séu yngri og grafin í eldri minjar. Erfitt er að gera sér nákvæmlega grein fyrir hvernig rústin hefur litið út áður en sennilega hafa rýmin ekki verið færri en þrjú, hugsanlega fjögur líkt og gert er ráð fyrir á mynd 6. Getur verið að hér hafi staðið selstaða Berserkseyrar?

Hvað staðsetninguna varðar er hún ekki ólíkleg fyrir sel, undir brekkurótum og í næsta nágrenni rennur lítill lækur. Hins vegar mælir því í mót fjarlægð frá bæ, sem aðeins eru um 500 m. Fleiri og greinilegri rústir hefðu getað tekið af allan vafa um hvort hér hafi verið selstaða eður ei en mjög greinilegt er að skriður hafa fallið úr




**Myndir 5-6.** Til vinstri er ljósmynd af þeirri rúst sem rannsakendur telja að sé líklegri sem selstaða Berseykseyrar (Ljósm. SEC). Til hægri er teikning af rústinni.

brekkunni fyrir ofan rústina og gætu þess vegna hafa grandað rústum sem mögulega hafa verið á svæðinu.

Því virðist sem svo að þrennt komi til greina um selstöðu Berserkseyrar. Til greina kemur að rústir selsins séu gersamlega horfnar í uppblæstri sem er töluverður í Berserkseyrardal, þó svo að eitt sinn hafi dalurinn getað verið ákjósanlegt seljaland. Einnig kemur til greina að hjáleigan Berserkseyrarkot sé byggð ofan á rústum selstöðunnar en staðsetningin þykir okkur ekki ákjósanleg fyrir selstöðu auk þess sem segja mætti sem svo að tekið hefði verið fram í *Jarðabókinni* ef hjáleigan hefði verið byggð í landi selstöðunnar þar sem svo skammur tími leið frá því að hún var byggð þar til *Jarðabókin* var tekin saman. Þriðji möguleikinn er að rústin sem rætt var um hér seinast hafi verið hluti af selinu en þá hefur sennilega verið annar bragur á seljabúskapnum hér heldur en annars staðar sökum hinnar stuttu fjarlægðar frá bænum, e.t.v. rekið inn á dal og komið heim á kvöldin og því selið byggt rétt fyrir utan túnin. Í öllu falli er ljóst að spurningunni um hvar selstaða Berserkseyrar hefur verið verður ekki fyllilega svarað nema með frekari rannsóknum.

### 3.2 Kolgrafarsel (12:1-4)

Kolgrafarseli skal í þessu samhengi ekki rugla saman við bæinn Kolgrafarsel sem byggðist upp úr landi Kolgrafa á 19. öld (mögulega fyrst 1857, sjá *Sýslu- og sóknalýsingar* 1970:290) og fór í eyði 1902 (*Byggðir Snæfellsness* 1977:421). Stóð sá bær utan- og austanvert í Eyrarbotni (GPS: N-306979 E-495850 ISN93). Seljaörnefni í landi Kolgrafa (sjá m.a. *Ö-Kolgrafir*) eru líklega að miklu leyti frekar tengd bænum

Kolgrafarseli en selstöðu Kolgrafa frá fyrri tímum enda raðast þau að mestu norður frá Kolgrafarselsbænum en ekki inn eftir Eyrarbotninum. Í *Jarðabókinni* segir um Kolgrafir: „Selstaða í heimalandi“ (*JÁP* 1931-33:307) og er nokkuð víst að sú selstaða hefur verið inni í Eyrarbotni þar sem besta beitiland jarðarinnar var. Í aðalskráningu fornleifa í Grundarfirði var skráð rúst í Eyrarbotni sem líklega er selstaða Kolgrafa (sjá Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005: fornleifar nr. 75). Einungis var skráð ein fjórföld rúst á þessum stað við gerð aðalskráningarinnar.



**Mynd 7.** Horft inn að selstöðu kolgrafa undur Hrauntungum. Handan Slýárinnar glittir í Eyrarsel, selstöðu Hjallbjarnareyrar (Ljósm. SEC).

Selstaðan stendur austan Slýár, undir svokölluðum Hrauntungum. Selstaðan liggur fast að Hrauntungunum norðvestanverðum og rennur Slýáin skammt frá. Gefur þessi staðsetning selstöðunni gott skjól fyrir sunnanillviðrunum sem einkenna þetta svæði. Þegar komið er inn í Eyrarbotn blasir við Slýáin þar sem hún hefur sorfið sig niður í jarðveginn fyrir miðjum dalnum. Vestan við hana er Selhóll og austan við ána eru Hrauntungur. Undir Hrauntungum er selstaða Kolgrafa en undir Selhól er selstaða Eyrar (sjá kafla 3.3 hér á eftir). Eyrarbotninn er fallegur staður sem var í alfaraleið fram á 20. öld en í gegnum hann, yfir Tröllaháls og yfir í Hraunsfjarðarbot lá

alfaraleiðin á milli Eyrarsveitar og Helgafellssveitar. Einnig var hægt að fara gangandi upp og inn fyrir Selhól, upp í Hestadali og þaðan yfir Slitvindastaðaskarð og yfir í Staðarsveit, en sú leið var lítt fær hestum (sjá Ö-*Eyrarbotn og Hrafnkelsstaðir*:1).

Rústir Kolgrafarsels eru fjórar en þó er mögulegt að fleiri rústir leynist á svæðinu sem er nokkuð þýft og rakt, því geta rústir verið fljótar að dulbúast þúfum og gróðri. Rústin sem skráð hafði verið í aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu er sú yngsta í selinu og kúrir hún í smá grashvilft inn í Hrauntungurnar. Rústin (nr. 1) er þreföld með mögulegu fjórða rými við vesturlangvegg. Rústin er í heild um 14x7,5 m að utanmáli og er hún nokkuð sérstök að því leyti að eitt rýmið er eins konar rétt eða stórt aðhald. Það rými (c) er nyrst á rústinni og er það um 6x4 m að innanmáli, grjóthlaðið og greinilegt. Op er á því rými til norðurs. Sunnan við aðhaldið er rými b, en á milli þeirra er hugsanlega áður nefnt fjórða rými (d). Það er mjög lítið og gæti verið eldra en aðrir hlutar rústarinnar þar sem ekkert grjót er sjáanlegt í því, en grjót er í öllum öðrum rýmum rústarinnar. Rými b er um 2x2,5 m að innanmáli og er op á því til vesturs. Sunnan við rými b er rými a en það er um 1x2 m að innanmáli og er op á því einnig til vesturs. Víða í kringum rústina eru upphækkanir sem gætu stafað af eldri minjum sem leynast undir rústinni. Rúst 3 í selstöðunni er um 20 m vestsuðvestur af rúst 1. Hún er tvöföld og mjög gróin og sigin. Rými a er syðra rýmið í rústinni og er það um 2,5x3 m að innanmáli, op er á því rými til vesturs, í átt að rúst 4. Rými b er nyrðra rýmið og er það um 4x2 m að innanmáli, op er á því rými til norðurs. Í heild er rústin um 14x7,5 m að utanmáli. Vestan við rúst 3, á milli hennar og rústar 4, er hóll, um 8x5 m að stærð, sem gæti hugsanlega geymt minjar. Hóllinn er ekki skráður sérstaklega en það er þó þess virði að minnast á hann. Rúst 4 er um 8 m vestur af rúst 3, um 10 m frá barmi Hrauntunganna.



**Mynd 8.** Yfirlitsmynd yfir rústirnar í selstöðu Kolgrafa.



**Mynd 9.** Rúst 1 í selstöðu Kolgrafa. Rústin hefur líklega verið aðal rúst yngri kynslóðar selstöðunnar (Ljósm. SEC).

Rúst 4 er í raun rústarlegur hóll, um 9x7 m að stærð og 1,4 m á hæð. Hóllinn er öðruvísi gróinn en náttúrulegir hólar í kring, mun meira er af lyngi og mosa á honum og einnig er hann hærri er náttúrulegu hólarnir. Þegar gengið er á hólnum mótar fyrir grjóti undir gróðrinum og sunnan í honum virðist geta mótað fyrir rými, þótt það sé mjög óljóst. Hóllinn gæti því vel innihaldið rúst, sérstaklega ef tekið er tillit til nálægðar hans við aðrar rústir á svæðinu. Rúst 2 í selstöðunni er nokkuð fjær hinum rústum hennar, en hún er um 45 m suðvestur af rúst 4, um 10 m norðaustur af bakka Slýár. Rústin er einföld, um 2x4 m að innanmáli og er að miklu leyti náttúruleg. Stórir steinar og bakki sem áin hefur ýtt upp í fyrndinni móta mestan hluta rústarinnar en austast í henni hefur smærra grjóti verið hlaðið upp til þess að hækka veggi hennar, op er á rústinni til vesturs. Líklega er um einhvers konar aðhald eða kvíar að ræða.

Rústir selstöðunnar tilheyra án efa að minnsta kosti tveimur kynslóðum selja. Rúst 1 er yngsta rústin og gæti hún ein staðið fyrir yngstu kynslóð selstöðunnar. Rúst 2 hefur óræðan aldur þar sem byggingarlag hennar er líklega mjög stöðugt og gæti hún haldið sér lengi án mikils viðhalds vegna þess hve stórir steinar og stöðugir marka veggi hennar. Rúst 2 gæti því tilheyrt eldri og yngri kynslóðum selstöðunnar. Rústir 3

og 4 eru án efa nokkuð eldri en rúst 1 og tilheyra þær því eldri kynslóð, eða kynslóðum, selstöðunnar. Einnig er næsta víst að eldri minjar leynast undir rúst 1. Kolgrafir eru landnámsbær (*Landnámabók* 1981:71) og því ljóst að seljabúskapur gæti hafa verið stundaður frá bænum um aldir. Kolgrafarsel er nokkuð langt frá heimabænum, eða um 5,6 km í loftlínu. Það hefur því verið drjúgur sporin sem þurfti að ganga með skepnurnar í upphafi og enda seljatíðarinnar sem og til að koma heim aðföngum og mjólkurvörum úr selinu.

Svæðið sem Kolgrafarsel stendur á, Kolgrafarfjörður sem og mikill hluti Eyrarsveitar, er þekkt fyrir ægileg sunnanveður sem kölluð hafa verið „Stóri sunnan“. Bóndi í Helgafellssveit á að hafa sagt að ekki væri til orð í íslensku yfir þessi ógurlegu veður. Það er því svo að hús hafa þurft að vera reist í skjóli fyrir þessari átt og er það greinilegt á þeim rústum sem skráðar voru í sveitinni að varla þýðir nokkuð að leita að rústum á svæðinu nema þær séu í skjóli fyrir sunnanáttinni, hús voru ekki reist annars staðar. Sérstaða Kolgrafarsels byggingalega séð, þ.e. að hafa aðhald áfast seljarústunum, er mögulega tengd tilveru þessa veðurs. Sú staðreynd að einungis yngstu kynslóðir Kolgrafar- og Eyrarsels hafa þessa byggingarlegu sérstöðu gæti bent til þess að sérstakar ástæður, tengdar staðsetningu seljanna, séu þar að baki. Mögulegt er að aðhöldin hafi verið nýtt bæði sem kvíar en einnig til þess að bæla kindurnar í skjóli ef vond veður gengu yfir. Lítið sem ekkert skjól er að finna annars staðar í Eyrarbotni og hefur því að öllum líkindum þurft að hafa stað til þess að koma kindunum á ef hvessa tók. Ekki er óhugsandi að einhver löngu gleymdur atburður, hugsanlega tengdur vondu veðri, hafi orðið til þess að síðustu kynslóðir selja á þessum stað fengu þessa byggingalegu sérstöðu.

### 3.3 Eyrarsel (13:1-3)

Selstaða Öndverðareyrar (Hallbjarnareyrar) er staðsett inni í Eyrarbotni, í botni Kolgrafarfjarðar, mjög nálægt selstöðu Kolgrafa. Áin Slýá skilur á milli selstaðanna og stendur Eyrarsel suðvestan við ána, undir hlíðum Selhóls. Í *Jarðabókinni* segir um Öndverðareyri: „Selstöðu á jörðin góða í Eyrarbotni“ (*JÁP* 1931-33:300) og er næsta víst að lýsingarorðið gott er einmitt það sem hægt er að nota yfir selstöðu á þessum stað. Nóg er af vatni í Slýánni sem rennur fast við selið (svo mikið að hún getur reynst erfið yfirferðar og ófær sums staðar), góðir beitarhagar eru við selið bæði á láglendinu






**Myndir 10-11.** Að ofan má sjá rúst 1 í selstöðunni fyrir miðri mynd og botn Kolgrafarfjarðar í fjarska (ljósm. SEC). Neðri myndin sýnir yfirlitsteikningu yfir tvær af rústum selsins.

framan við það (út eftir botninum) og einnig hefur verið hægt að reka fé upp fyrir Selhól og á hálsinn vestan við hann og hefur án efa verið gott beitarland þar. Í örnefnaskrá er ekki rætt um selstöðu Öndverðareyrar í Eyrarbotni en í athugasemdum sem Sigríður Jóhannsdóttir skráði við örnefnaskrá Eyrarbotns og Hrafnkelsstaða segir: „Við Selhól gæti hafa verið sel" (bls. 1). Selstaðan var skráð þegar aðalskráning var gerð á fornleifum í Grundafjarðarbæ (sjá Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005: fornleifar nr. 76).

Rústir selsins kúra undir norðurhlíð Selhóls á lítilli lálendistungu á milli hlíðarinnar og Slýár. Láglendistungan endar til suðausturs þar sem Slýá rennur úr miklu gili ofan úr Hestadölum sem eru ofan og innan við Selhól. Í selstöðunni eru tvær rústir en einnig var skráð ein rúst til viðbótar nokkru vestar (rúst 13-3), eða nálægt þeim stað þar sem götur liggja upp á hálsinn vestan við Selhól og suðuryfir. Er sú rúst um 200 m frá rústum selstöðunnar. Rústin er nokkuð ógreinileg en þó virðast vera allavega tvö rými í henni. Grjót er sjáanlegt á stöku stað í rústinni, bæði í veggjum og inni í rústinni, en annars er hún vel gróin. Rýmin eru 3x1 og 5x1 m að innanmáli en stærra rýmið hefur líklega verið mun stærra þar sem hluti þess virðist vera fullur af hruni. Rústin stendur í smá kvos og rennur lækur skammt vestan við hana. Líklega hefur kvosin sem rústin stendur í verið nýtt til þess að reka inn fé hvort sem það síðan var sett inn í rústina eða haldið utan við hana.




**Mynd 12.** Meint þriðja rúst selstöðu Hallbjarnareyrar í Eyrarbotni.

Rústirnar tvær í selstöðunni standa fast við brekkurætur og eru um 12 m á milli þeirra. Rúst 2 er austar og er hún um 6,5x5 m að utanmáli, 4x3 m að innanmáli og einföld. Op er á rústinni til vesturs og virðist jafnvel móta fyrir eins konar aðbúnaði framan við opið: steinum sem að hluta hefur verið raðað upp meðfram hlíðinni í boga sem gæti hafa hjálpað til við innrekstur í mannvirkið. Líklegast er um aðhald eða kvíarúst að ræða. Grjót er greinanlegt í rústinni og eru m.a. tveir greinilegir hornsteinar í dyraopi rústarinnar en hún er þó vel gróin og nokkuð gamalleg. Hluti rústarinnar er grafinn inn í brekkuna. Rúst 1 er, eins og áður sagði, um 12 m vestan við rúst 1 og er hún mun stærri. Rústin samanstendur af þremur hlöðnum og grasivöxnum rýmum og stóru aðhaldi eða rétt sem hlaðin hefur verið við þau rými að vestanverðu. Réttin er hlaðin að mestu úr meðalstóru grjóti en einnig eru mjög stórir steinar á svæðinu sem notaðir hafa verið til þess að mynda hluta veggjarins og var hlaðið á milli þeirra. Innanmál réttarinnar er um 12x10 m en í heild er rústin um 20x11 m að utanmáli. Rýmin þrjú sem réttin stendur við eru ólík að því leyti að stærsta rýmið (a), sem gengt hefur verið í innan úr réttinni, er einnig það greinilegasta. Það er um 4x2 m að innanmáli og liggur sunnan við bæði hin rýmin. Minni rýmin eru ógreinilegri en rými a. Eystra rýmið (b) er um 2x2 m að innanmáli en vestara rýmið (c) er um 2x1,5 m að innanmáli. Op virðast vera á báðum rýmunum til norðurs.

Ljóst er að rústirnar í Eyrarseli tilheyra fleiri en einni kynslóð selja. Líklega er um tvær kynslóðir að ræða sem skiptast þannig að rúst 2 og rýmin þrjú (a-c) í rúst 1 eru eldri kynslóð en réttin og seinna notkunarskeið rýmis a eru yngri kynslóð. Rúst 2 hefur líklega verið lögð af þegar réttin var hlaðin við rýmin í rúst 1. Rými a hefur að öllum líkindum gengið í endurnýjun lífdaga þegar réttin var hlaðin, en ekki er vitað hvort seljabúskapur lagðist af í einhvern tíma og var svo tekinn upp aftur eða hvort um samfelldan seljabúskap hefur verið að ræða þar sem breytingar hafa verið gerðar á lengri eða styttri tíma. Rými b og c hafa mögulega einnig fallið úr notkun á sama tíma

og rúst 2 en þau gætu einnig hafa verið í notkun lengur, eða styttra. Í það minnsta er ljóst að breytingar hafa orðið á notkun rýma og réttin hefur verið hlaðin seinna en rúst 2 og rými a-c í rúst 1. Bæði sést það á því að réttin er mun minna gróin en aðrar fornleifar á svæðinu og einnig að greinilegt er að réttin hefur verið hlaðin utan í vesturvegg rýmis c og skemmt hluta af þeim vegg.

Kynslóðir seljanna í selstöðu Eyrar í Eyrarbotni spanna líklega langan tíma og sé litið á rústirnar hefur seljabúskapur líklega haldið velli í búskaparháttum Eyrar fram á 18. öld og jafnvel fram undir þá 19. Ólíklegt er þó að rústirnar sem sjást í Eyrarseli



**Mynd 13.** Horft beint á rúst 1 í Eyrarseli. Greinilega má sjá hvernig rústirnar hafa verið byggðar upp við stóru steinanna (ljósm. SEC).

geti verið frá elstu tíð, en Öndverðareyri er landnámsbær (*Landnámabók* 1981:70), og gætu eldri rústir leynst undir þeim sem greinanlegar eru á yfirborði. Það er í raun nokkuð merkileg staðreynd að báðir þeir bæir sem þekktir eru sem landnámsbæir í Eyrarsveit eigi selstöður sínar í Eyrarbotni með svo stuttu millibili. Í tilfelli Kolgrafa er það skiljanlegra þar sem land bæjarins nær inn í Eyrarbotn og því ekkert óeðlilegt að eiga selstöðu sína þar, en fjarlægð á milli Eyrar og Eyrarsels er þó nokkur, um 11,5 km í loftlínu. Líklegt er að Eyri hafi snemma eignast land inni í Eyrarbotni, jafnvel strax í

upphafi, og sett þar afrétt sinn og jafnvel selstöðu en í máldaga Maríukirkju á Öndverðareyri 1355 segir að kirkjan eigi hálfan afreit í Kolgrafarfirði (*ÍF* III:107) og árið 1397 segir að kirkjan eigi hálfan afrétt í Kolgrafarfirði (*ÍF* IV:173), en það orðalag er líklega rétt (þ.e.a.s. afréttur en ekki afreitur). Það er því ljóst að selstaða Eyrar í Eyrarbotni gæti átt sér ansi gamlar rætur.

### 3.4 Þórdísarstaðir og Öndverðareyri

Heimildir um sel Þórdísarstaða eru ekki ýkja miklar en í *Jarðabókinni* (1931-33:288-299) er ekki nefnt að selstaða sé frá Þórdísarstöðum og þá er selstaða Þórdísarstaða ekki í upptalningu Helga Sigurðssonar af selstöðum í Setbergssókn frá árinu 1873 (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1970: 285). Þó er að finna í landi Þórdísarstaða örnefnið Sellágar sem er austur upp af núverandi bæjarstæði Þórdísarstaða, á svokölluðum Bárarhálsi, en vestan við Sellágarnar eru örnefnin Byrgisdalur og Byrgisskriða (*Ö-Þórdísarstaðir*:1). Örnefnið Sellágar gæti verið vísbending um að þar hafi eitt sinn verið haft í seli frá Þórdísarstöðum og var því skimað eftir seljarústum þar í grennd. Í grein eftir Hildi Sæmundsdóttur sem birtist í *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* segir um Urthvalafjörð: „Við fjörðinn voru áður eftirtaldir bæir: Hjarðarból, sem nú er í eyði, en talið er að það hafi fyrst verið sel fyrir Þórdísi landnámskonu á Þórdísarstöðum“ (Hildur Sæmundsdóttir 2003:118). Þá eru einnig sagnir um að Hjallbjarnareyri eða Öndverðareyri hafi haft í seli undir Steinahlíðarhaus (*Ö-Hallbjarnareyri*:1) eða í Steinahlíð (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1970:285) en auk þess eru taldar upp tvær aðrar selstöður Öndverðareyrar, í dal og í Eyrarbotni. Farið var því upp af Þórdísarstöðum, eftir endilöngum Bárarhálsi, í leit að seljarústum.

Ekki fundust seljarústir við Byrgisskriðu eða Sellágar en þar fundust þó rústir. Við Byrgisskriðu eru rústir tveggja fjárborga sem báðar eru um 6x5 m að utanmáli en þar er einnig stekkur sem bersýnilega er nokkuð yngri en fjárborgirnar. Við Sellágar eru rústir þriðju fjárborgarinnar sem mælist um 5x4 m að innanmáli en þar er einnig dálítil grasi gróin laut sem líklega hefur myndast af tveimur skriðum sem nú eru vel grónar. Fyrir munna lautarinnar hefur verið hlaðinn lítill garður en mögulegt er að lautin hafi því verið notuð til innrekstrar, mögulega einnig í tengslum við fjárborgina.

Þegar gengið var áfram austsuðaustur eftir Bárarhálsinu fundust tvær aðrar fjárborgir í Steinahlíð með u.þ.b. 1 km millibili. Báðar þessar fjárborgir voru nokkuð



**Myndir 14-15.** Til vinstri má sjá fjárborgirnar tvær sem fundust við Byrgisskriðu auk stekkjarins sem sést hinum megin við lítið gil (ljósm. SEC). Til hægri má sjá stærri fjárborgina undir Steinahlíðarhaus. Ásta Hermannsdóttir stendur í rústinni (ljósm. SEC).

stærri en hinar fyrri, hlaðnar úr og utan í stórgrýti sem einhvern tímann hefur hrunið úr Steinahlíðinni. Fyrri fjárborgin mældist um 7x5m að innanmáli en hin síðari sem er staðsett beint suðvestan undir Steinahlíðarhaus mældist um 8x8 m að innanmáli. Er hún mjög heilleg og ná hleðslurnar mest um 1,5 m hæð. Líklegt er að þar sem austasta fjárborgin stendur sé örnefnið Sauðaból svo sem sagt er frá í örnefnaskrá (*Ö-Þórdísarstaðir*:1).

Þegar komið var alveg austast á Bárarhálsinn komum við auga á nokkuð fornlegan mikið þýfðan rústahól um 14x12 m að stærð. Ekki var auðvelt að greina herbergjaskipan en má segja að þarna hafi verið a.m.k. fjögur til fimm rými og líklega hefur verið innangengt á milli einhverra þeirra. Ekki mun þessi rústahóll hafa verið sel heldur er það túlkun höfunda að þetta sé óþekkt eyðibýli, sennilega hjáleiga frá einhverjum þeirra bæja sem í kring eru, þ.e. Þórdísarstaða, Hallbjarnareyrar eða Hjarðarbóls. Af landamerkjum að dæma er líklegast að hjáleigan tilheyri Hallbjarnareyri en Hjarðarbólsá skiptir landamerkjum og er rústin staðsett beint norðan við hana. Að vísu segir í sýslu- og sóknarlýsingu Setbergssóknar að fjárhús Þórdísar hafi staðið austanvert við Bárarháls (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1970:254). Mögulega er um sömu rúst að ræða en við teljum mjög ólíklegt að umrædd rúst hafi verið fjár- eða önnur skepnuhús. Rústin var skráð við gerð aðalskráningar í sveitarfélaginu Grundarfirði, en ekki sem eyðibýli (Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005: fornleifar nr. 115).

Ef sú túlkun reynist rétt að um sé að ræða rústir af hjáleigu gefur stærðin til kynna að mögulega sé um sambærilega rúst að ræða og þá sem rannsökuð var af

Kristjáni Eldjárn á Fornu-Lá, einnig í Eyrarsveit, árið 1942 (Kristján Eldjárn 1951). Kristján taldi rústina líklega vera frá 15. eða 16. öld (1951:108) en það sama gæti átt við um hið meinta eyðibýli.

Eins og áður sagði eru um það fornar sagnir og munnmæli að Öndverðareyri hafi haft í seli í Steinahlíð eða undir Steinahlíðarhaus og að selstaða Þórdísar á Þórdísarstöðum hafi verið þar sem seinna byggðist bærinn Hjarðarból. Eins og áður sagði fundust ekki aðrar fornleifar í Steinahlíðinni en fjárborgirnar tvær sem nefndar voru hér að framan. Hugsast getur að tóftir hinnar meintu selstöðu hafi tekið af í skriðum úr fjallinu en þó má telja ólíklegt að nokkrum manni hafi dottið í hug að setja




**Myndir 16-17.** Til vinstri má sjá hið meinta eyðibýli á Bárarhálsi (ljósm. SEC) og til hægri má sjá teikningu af rústinni. Eins og sést á teikningunni er um afar ógreinilega rúst að ræða.

niður selstöðu á þessum stað, einmitt vegna þeirra hættu sem öllum húsum á þessum stað hefur verið búin vegna skriðufalla. Ef Öndverðareyri hefur átt aðra selstöðu en inni í Eyrarbotni hefur það þó líklega verið inni í Kálfadal. Í upptalningu Helga Sigurðssonar á selstöðum í Setberssókn árið 1873 eru báðir staðirnir nefndir sem sel Öndverðareyrar (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1970:285). Um Kálfadal er það að segja að á vettvangi mátu rannsakendur sem svo að ólíklegt væri að inni í dalnum leyndist sel, munni dalsins er mjög þröngur og aðeins grasi gróinn rétt meðfram Kálfadalslæknum og svo virtist sem hið sama væri að segja um Kálfadalinn sjálfan, þó svo að hann hafi áður verið talinn nokkuð grösugur (*Ö-Hjarðarból*:2). Ekki er þó óhugsandi að seljarústir leynist í Kálfadal sé þeirra leitað betur en af heimildunum að dæma má ætla að um nokkuð ungar rústir sé að ræða og ætti því ekki að vera örðugt að finna þær.

Kálfadalurinn verður því skoðaður sérstaklega seinna, væntanlega sem hluti af rannsóknunum sumarsins 2013.

Hvað Hjarðarból varðar er það að segja að þar í grennd hafa ekki fundist rústir sem líklegar eru til að vera seljarústir (Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005). Þó ekki sé loku fyrir það skotið að bæjarstæði Hjarðarbóls standi beint ofan á fornum seljarústum eru einnig frásagnir af því að Hjarðarból hafi í fyrstu verið beitarhús frá Þórdísarstöðum (*Ö-Eiði, ATH*:1) og að þar hafi smalar frá bæði frá Þórdísarstöðum og Öndverðareyri setið yfir (*Ö-Hjarðarból*:2). Munnmælum ber því ekki alveg saman hvort jörðin hafi upphaflega verið fjárból, beitarhús eða selstaða. Hvenær býlið Hjarðarból byggist upp er ekki gott að segja. Hvergi er minnst á þetta býli í *Íslenzku fornbréfasafni* og eru því elstu heimildir um bæinn manntalið frá árinu 1703 og *Jarðabókin* (*Manntal á Íslandi 1703* 1924-27; *JÁP* 1931-33). Þar sem nokkrar mismunandi sagnir um tilurð bæjarins og útskýringar á heiti hans hafa varðveist mætti e.t.v. túlka sem svo að um fremur ungt bæjarstæði sé að ræða, mögulega frá því eftir 1500 til að nefna eitthvað ártal en jafnvel enn yngra.

Af öllu þessu ofangreindu er það okkar mat að líklega hafi ekki verið haft í seli, hvorki þar sem nú stendur Hjarðarból, eða uppi á Bárarhálsi þó svo að þar hafi landkostir verið ákjósanlegir. Bárarhálsinn hefur mátt nýta fyrir útigöngu fjár allan ársins hring svo sem hinn mikli fjöldi fjárborga ber glöggt vitni um. Hugsanlegt er að ekki hafi þurft selstöðu með húsum til að nýta landið á Bárarhálsi sem selstöðu heldur hafi verið hægt að flytja þær afurðir sem alla jafna voru unnar í selinu beint heim á bæ sem verið hefur í rúmlega tveggja km fjarlægð.

### 3.5 Grundarsel (11:1-3)

Litlar heimildir eru um selstöðu Grundar aðrar en setning í *Jarðabókinni*: „Selstaða góð ef iðkuð er, í heimalandi“ (*JÁP* 1931-33:279). Þegar leita átti að selstöðunni voru því góð ráð dýr því ómögulegt var að vita hvar skyldi leita að henni. Víst var að ekki voru miklar líkur á því að selstaðan leyndist inni í Grundarbotni bæði vegna þess að þar átti Setberg engi (*JÁP* 1931-33:280) en einnig vegna þess að botninn virðist ekki svo mjög grösugur. Haft var samband við Pálínu Gísladóttur sem bjó á Grund í 11 ár sem barn og sagðist hún hafa heyrt föður sinn segja að selstaða Grundar hefði verið á fjalli. Hún benti á að Hörður Pálsson á Hömrum, núverandi eigandi Grundar-

jarðarinnar, gæti hugsanlega vitað eitthvað um máli. Svo reyndist sem betur fer vera og gat hann veitt nokkuð góða lýsingu á því hvar rústirnar væri að finna. Hann sagðist einnig ætíð hafa heyrt að tvær selstöður hefðu verið á fjallinu, en hann vissi einungis um rústir annarrar.




**Mynd 18.** Yfirlitsmynd af rústunum í Grundarseli.

Gengið var á Grundarfjall neðan úr Grundarbotni upp svokallaða Sneiðinga. Ágæt gönguleið er stikuð upp Sneiðinga og í hring upp á Vatnsborgina og niður í Vatnsborgarflóa. Í stað þess að ganga beint að seljarústunum var genginn stór hringur á fjallinu, upp Mjóadal (til vinstri þegar komið er upp Sneiðinga), yfir í Hróksdal og þaðan út og yfir Vatnsborgina. Niður af Vatnsborginni við Grundará, meðfram Vatnsborginni allri til baka og endað við selið sem er sunnarlega í Vatnsborgarflóa um 400 m norðnorðvestan við þann stað er komið er upp úr Sneiðingum. Stikaða gönguleiðin liggur fast að selinu. Engar aðrar rústir fundust á þessari göngu og er ljóst að ef önnur selstaða hefur verið á Grundarfjalli (austan árinnar þ.e.) þá eru rústir hennar alsokknar eða orðnar mjög ógreinilegar. Seljaland á fjallinu er hins vegar mjög gott og ekki ólíklegt að haft hafi verið í seli þar í gegnum aldirnar og er þá ekki útilokað að selstaðan hafi færst úr stað á einhverjum tímapunkti eða jafnvel að Grundarmenn hafi leigt öðrum bæ selstöðu í sínu landi.

Það var mikið gleðiefni að finna selstöðuna þar sem vitneskjan um hana virðist sigla hraðbyr í haf gleymskunnar. Rústirnar kúra upp við smá grjótborg innarlega (sunnarlega) í Vatnsborgarflóa og sjást ágætlega úr fjarlægð vestan úr hlíðum Vatnsborgarinnar. Sérstaklega sést rúst 1 vel þar sem veggir hennar eru algrónir lyngi og skera sig úr mýrinni sem rústin stendur við og að hluta í. Einnig sést mógröfin (nr. 3) vel úr fjarlægð sé komið að selstöðunni frá vestri eða norðri. Sé komið sunnan frá Sneiðingum sést selstaðan ekki fyrr en komið er að henni þar sem hún er í vari við grjótborgina sem veitir henni skjól fyrir sunnanáttinni.



**Myndir 19-20.** Til vinstri má sjá rúst 1 í Grundarseli (ljósm. SEC) en til hægri má sjá mógröf sem full er af vatni fyrir miðri mynd. Í fjarska sést hins vegar litla tjörnin og Kirkjufellið í baksýn (ljósm. SEC).

Rústir selstöðunnar eru tvær og auk þeirra var ein mógröf skráð á staðnum. Rúst 1 er þriggja hólfa oglegt. Rústin er á milli rústar 2 og áðurnefndrar mógrafar. Rými rústarinnar eru misjafnlega stór og eru tvö stærri rými fyrir miðju og lítið rými fyrir suðvesturenda. Rústin er í allt um 8x3,5 m að utanmáli sé ógreinilega rýmið til norðausturs ekki tekið með. Rústin er að öllum líkindum aðalrúst selstöðunnar, þ.e. íverurústin. Við bakið á rústum 1 og 2 styður lág brekka en rústirnar virðast þó ekki að öllu leyti vera byggðar upp að brekkunni heldur er hún víða aðeins laus frá veggjunum. Rúst 2 er tveggja hólfa og er hún líklega kvíarúst með aukarými. Það rými hefur mögulega verið notað sem vinnslu- eða geymslurými. Kvíarýmið er um 5x1,5 m að innanmáli en aukarýmið um 2x1 m. Í heild er rústin um 8x4,5 m að utanmáli. Op er á kvíarýminu út í beitilandið en á aukarýminu að rúst 1. Mógröfin er um 5x6 m að stærð og mjög greinileg. Hún er um, 6x5 m á stærð og 0,5-1 m á dýpt og full af vatni. Mögulegt er að fleiri smátjarnir í mýrinni gætu verið gamlar mógrafir en einnig gætu eldri mógrafir verið uppgrónar.

Á þessum stað virðist bara vera um eina kynslóð selja að ræða og ekki eru greinileg merki um eldri minjar undir þeim sem nú sjást á yfirborði en ekki er þó hægt að útiloka að svo sé. Að öllum líkindum eru þetta rústir þeirrar selstöðu sem talað er um í *Jarðabókinni*, rústirnar eru frekar greinilegar og ef yngra sel með greinilegri rústum væri á svæðinu þá hefði það án efa fundist. Því er líklegra að eldri kynslóð selstöðunnar geti leynst einhvers staðar í mýrunum á Grundarfjalli, ef hún var þá staðsett annars staðar en þar sem rústir þessarar selstöðu eru nú. Grundar er fyrst geti í *Íslenzku fornbréfasafni* 1479 en þá er ritað þar bréf sem birt er í safninu (*ÍF* VI:206). Það er því ljóst að bærinn er nokkuð gamall og líklegt að seljarústirnar sem skráðar voru séu ekki rústir eina selsin sem bærinn hefur haft.

Rústir selstöðunnar eru ekki miklar, einungis tvö hús og mógröf. Það hefur þó verið nóg til þess að Grundarfólk gæti nýtt þá góðu haga sem uppi á Grundarfjalli eru sem og önnur aðföng sem líklega voru hluti af seljabúskapnum, s.s. mótekju, berja- og grasatínslu og slægjur. Selstaða Grundar er ein af þeim sem leitar upp í hæðirnar fyrir ofan byggðina þar sem grösin og lyngið vaxa. Jarðarnæði Grundar á láglendi er í dag ekki mjög beisið fyrir utan það land sem ræktað hefur verið og er Grundarbotninn mjög gróðurvana. Það hefur þó að því er virðist ekki alltaf verið þannig þar sem Setberg átti þar engi góð (*JÁP* 1931-33:280). Selstaða Grundar er í um 2,1 km fjarlægð í loftlínu og hefur verið erfiðara en víða annars staðar að koma afurðum frá selinu þar sem Sneiðingarnir, eina færa uppgönguleiðin, eru ansi brattir.

### 3.6 Setbergssel á Fossafjalli 1 og 2 (3:1-3 og 4:1-4)

Setbergssel á Fossafjalli dregur nafn sinn af þeirri staðreynd að í *Jarðabókinni* segir um Setberg: „Selstaða sæmileg á Fossafjalli“ (*JÁP* 1931-33:281). Ekki virðist þetta örnefni, Fossafjall, vera þekkt í dag en mestar líkur eru á því að umrætt fjall sé fjallið sem Grundarfoss fellur fram af. Gengið er upp Kvernárrana eða Mógil og er selið uppi á flatlendinu vestan við fossinn á því svæði sem kallað er Borgir. Á svæðinu voru skráðar alls sjö rústir sem mynda saman tvær heildir sem hugsanlega endurspegla tvær kynslóðir sömu selstöðunnar þótt ekki sé alveg óhugsandi að þær séu flestar eða allar samtíða. Verður rústaheildunum þó haldið aðskildum hér.

Rústir nyrðra selsins (3:1-3) liggja við dálítinn klettarana sem gengur fram að brúninni fyrir ofan Grundarfoss. Fyrir framan klettaranann er nokkuð grösugt en






**Myndir 21-22.** Yfirlit yfir allar þrjár rústir sem fundust í nyrðri selstöðunni á Fossafjalli (ljósm. SEC).

mýrlent sem líklega er ástæða þess að rústirnar kúra allar upp við klettaranann og/eða á honum. Alls voru skráðar hér þrjár rústir. Rústin sem liggur nyrst og fremst á rananum er lítil skepnuhúsarúst um 8,5x2 m að utanmáli og myndar klettaraninn allan austurgafl hennar. Þar fyrir sunnan er þreföld rúst sem líklega hefur verið sambyggt íveruhús, eldhús og búr. Stærsta rýmið, líklega íveruhúsið, er um 6x1,5 m að innanmáli en hin tvö eru eilítið minni eða um 4x2 m að stærð hvort um sig. Beint sunnan við þessa rúst er svo líklega kvíarúst um 7,5x1,8 m að innanmáli. Mögulega hefur rústinni verið skipt í tvö rými en óvíst er hvort svo hafi verið. Norðvestan við rústirnar fundust mógrafir en þær voru ekki skráðar sérstaklega.

Rústir syðri þyrpingarinnar (4:1-3) standa um 50 m suðvestan við þær fyrri undir brekkurótum og eru hér alls fjórar rústir. Fyrst skal nefna rúst sem er um 8x7 m að utanmáli og samanstendur af nokkrum rýmum. Eitt þeirra, sem líklega hefur verið aðalíveruhúsið í selinu, er um 4x1,5 m að innanmáli og eru dyr á því bæði út og inn í annað rými sem er um 2x1,5 m að innanmáli. Þriðja rýmið er sér á parti og er það um 2,5x1 m að innanmáli. Um 6 m austan við þessa rúst er önnur lítil einföld rúst úti í mýrinni sem mældist um 2,5x1,5 m að innanmáli. Rústin er nokkuð fornlegri en hinar rústirnar að sjá í fyrstu en líkleg ástæða þess er að hún hefur sokkið í mýrina og lítur því út fyrir að vera eldri en raun ber vitni. Beint sunnan við fyrst töldu rústina er önnur sambyggð rúst um 11x8 m að utanmáli að stærð. Skiptist hún í a.m.k. tvö rými sem mælast 6x3 og 5x1 m að innanmáli en einnig getur verið að þessum rýmum hafi verið skipt eitthvað frekar. Svo virðist vera sem þessi rúst gæti jafnvel verið skepnuhús eða önnur íverurúst, eldri en sú sem fyrst var skýrt frá. Fjórða rústin í þessari þyrpingu



**Mynd 23.** Yfirlitsteikning yfir þær fjórar rústir sem tilheyra syðri selstöðunni á Fossafjalli.

liggur um 14 m austar og er hún líklega kvíarúst sem skiptist í tvö rými, hið innra um 2x1 m að stærð að innamáli en hið ytra um 8x1 m að innanmáli en við útganginn breikkar það og nær um 2 m breidd. Fyrir norðaustan þessar rústir fundust nokkrar mógrafir en þær voru ekki skráðar sérstaklega.

Eins og fyrr segir getur vart verið um annað að ræða en að umtalaðar rústir séu af selstöðu þeirri sem sagt er frá í *Jarðabókinni* að Setberg eigi á Fossafjalli. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort rústirnar tilheyri allar sama selinu eða endurspegli eina eða fleiri kynslóðir selja. Í fyrstu virðist ekki vera ýkja mikill munur á aldri rústanna í þyrpingunum tveimur og gætu þær, að því leyti, verið frá sama tímabili. Fjöldi og stærð rústanna bendir þó fremur til þess að um tvær eða fleiri kynslóðir selja sé um að ræða. Ekki þarf þó endilega að vera að rústaþyrpingarnar myndi hvor um sig eina kynslóð selstöðunnar því allt eins líklegt er að húsum hafi verið bætt við eftir því sem þurfa þótti. Þetta atriði fæst þó aðeins staðfest með frekari rannsóknum.

Fyrir utan beitilandið sem hér hefur verið ágætt eru einnig á svæðinu töluvert af mógröfum en mógrafir hafa einnig fundist í tengslum við aðrar selstöður á svæðinu og



**Mynd 24.** Yfirlit yfir rústirnar sem tilheyra syðri rústaþyrpingunni á Fossafjalli (ljósm. SEC).

virðast þær hafa verið snar þáttur í seljabúskapnum á svæðinu. Þá er einnig ekki óhugsandi að umfang mótekjunnar á svæðinu geti bent til þess að rústirnar hafi á einhverjum tímapunkti verið flestar eða allar í notkun í einu. Munnmæli herma að svæðið hafi verið nýtt í eina tíð sem slægnaland og hafi þá sáturnar verið látnar síga niður á grundirnar fyrir framan Grundarfoss í kaðli (Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005: fornleifar nr. 12:1-3).

Hvað aldur rústanna varðar má segja að yngstu rústir selstöðunnar séu líklega frá þeim tíma sem *Jarðabókin* var tekin saman á eða frá því um 1700 en af orðalagi *Jarðabókarinnar* að dæma má ráða að selstaðan sé þar enn í notkun (*JÁP* 1931-33:281). Hvað neðri mörkin í aldri varðar bendir útlit rústanna til þess að þær séu líkelga ekki eldri en frá því um 1500. Rannsakendur vilja meina að báðar kynslóðir selstöðurnar sem hér heita Setbergssel á Fossafjalli séu seinni kynslóðir af selstöðu Setbergs sem fyrst hafi verið norðvestan í Kvernárrana (sjá kafla 3.7 hér á eftir). Leiðin heiman frá bæ að seli hefur verið um 5,4 km sé mælt í beinni loftlínu en líklega hefur allt ferðalagið verið um rúmlega 6 km.

### 3.7 Setbergssel (5:1-2)

Þegar gengið var upp Kvernárranann, í um 850 m fjarlægð suðaustur af Kvernárbænum, áleiðis í átt að selstöðu Setbergs á Fossafjalli komu rannsakendur auga á mjög seljalegar rústir nokkuð ofarlega á Rananum. Rústirnar liggja í grashvilft sem hallar nokkuð bratt upp til suðausturs en fyrir framan eru nokkuð grösug engi.

Rústirnar á þessu svæði eru tvær. Sú stærri kúrir uppi við brekkuræturnar, er nokkuð stór eða um 16x8 m að utanmáli, og skiptist í fimm greinileg rými en líklega hafa einhver þeirra verið aðalíveruhúsin á svæðinu. Tvennar dyr eru á rústinni, báðar á vesturhliðinni, og leiða þær út á engin fyrir framan selstöðuna. Aðrar dyrnar eru á rými b sem er stærsta rýmið og mælist um 4,5x2 m að innanmáli. Nokkurn veginn utan í þetta rými að utanverðu er byggt lítið rými (a) um 2x1 m að innanmáli. Hinar dyrnar á




**Mynd 25-26.** Til vinstri má sjá rúst 1 í Setbergsseli en á teikningunni sést afstaða rústanna tveggja (Ljósm. SEC).

rústinni leiða inn í rými c sem mælist 4x1,5 m að innanmáli. Innan úr rými c gengur svo annað, rými e, sem mælist 2x2 m að innanmáli en innan úr þessu rými virðist ganga enn annað (d), um 2x2 m að stærð. Ekki er að sjá annað á rústinni en að öll rými hennar séu samtíða en þó er ekki loku fyrir það skotið að rýmin endurspegli notkun yfir mun lengri tíma. Rústin er öll mjög sokkin og því erfitt að átta sig á því hvort hún hefur verið gerð úr torfi og grjóti eða úr torfi eingöngu. Ekkert grjót er þó sýnilegt í rústinni.

Hin rústin á svæðinu liggur um 40 m norðvestar og er einföld kvíarúst um 10,5x5m að utanmáli. Dyr eru á rústinni út til vesturs en rústin er að mestu leyti grafin inn í dálítinn hól. Beint suður af kvíarústinni er dálítill náttúrumyndaður bolli sem gæti

hafa verið nýttur til innrekstrar en aðrar rústir fundust ekki í selstöðunni, stafar það líklega af því að fyrri rústin er nokkuð stór og marghólfa.

Þótt engar heimildir séu um selstöðu á þessum stað telja höfundar þó að vart komi annað til greina en að ofangreindar minjar séu forn selstaða. Rústirnar eru nokkuð fornlegar að sjá og því liggur beinast við að túlka þessar minjar sem forvera selstöðunnar á Fossafjalli, þ.e. að hér hafi verið selstaða frá Setbergi áður en hún fluttist upp á Fossafjall. Aldur selstöðunnar gæti því verið býsna hár, líklega frá því fyrir 1500. Selstaðan hefur eftir sem áður geta nýtt sama beitilandið og hin efri og verið í svipaðri fjarlægð frá bæ eða um 5,3 km í beinni loftlínu.

Ástæða þess að selstaðan hefur verið flutt héðan og upp á Fossafjall gæti verið sú að lækjarfarvegurinn við rústirnar er greinilega þornaður upp fyrir nokkuð löngu síðan. Þegar gengið var aðeins lengra upp Ranann í ljós að ástæða þess að hann hefur þornað upp gæti verið sú að hrunið hefur úr hamri ofan við selið og grjót úr því hruni stíflað lækinn. Hugsanlega hefur þornun lækjarins verið ástæða, eða ein af ástæðum þess, að selið var flutt um set.

### 3.8 Kvernársel við Skjólsteina (6:1-5)

Heimildir eru um enn eina selstöðu á heiðunum fyrir ofan Grundarfjarðarbæ en áhöld eru um hvaða bær hefur haft þar í seli. Selstaðan er staðsett við svokallaða Skjólsteina í Arnarflóa í hæðunum suður af Kvernárbænum. Skjólsteinarnir eru tveir gríðarstórir steinar sem ekki fara fram hjá neinum sem upp á flóann kemur og þeir sjást víða að af láglendinu. Austan við flóann eru upptök lækjarins sem kallast Gilið og vestan við flóann rennur Kvernáin. Austan við Kvernána eru Selborgir þær er selstaða Grafar stendur við.

Alls voru skráðar fimm fornleifar í selstöðunni en þar af voru þrjár rústir byggðar utan í Skjólsteinana, tvær utan í hinn norðvestari og ein í hinn suðaustari. Rústin sem byggð er utan í syðri og eystri Skjólsteininn er um 9x7 m að utanmáli og skiptist í þrjú rými. Innangengt er á milli stærri rýmanna tveggja sem eru 3x1 m og 3x2 m að innanmáli. Sameiginlegar dyr eru á rýmunum út til norðausturs. Þótt rústin séu byggð utan í Skjólsteininn er steininn ekki hluti af rýmum a og b sem slíkum og því er gafl þeirra rýma sem snýr að steininum byggður úr torfi og grjóti eins og rústin öll. Þriðja rýmið á rústinni liggur nokkuð á skjön við hin fyrri tvö en Skjólsteininn virðist



**Mynd 27.** Skjólsteinar í Arnarflóa (ljósm. SEC).

mynda gaflvegg þess rýmisins. Rýmið mælist annars 2x1,5 m að innanmáli og dyr eru á rýminu út til norðurs. Líklegt er að íveruhúsið í selinu hafi verið annað hvort eða bæði stærri rýma rústarinnar.

Rústirnar sem byggðar eru utan í nyrðri og vestari Skjólsteininn eru sem áður segir tvær. Önnur rústin er byggð norðvestur undir Skjólsteininum og er hún um 6x5 m að utanmáli. Rústin er þó ekki fast upp við Skjólsteininn heldur er gaflveggur hennar í um 2,5 m fjarlægð frá steininum. Rústin skiptist líklega í tvö rými en hið ytra er nokkuð illa farið svo erfitt er að skera úr um hvort það hafi í raun verið rými eða hvort það hafi e.t.v. verið gerði fyrir framan rústina. Fremra rýmið er um 2,5x1,5 m að innanmáli en hið innra er nokkuð stærra eða um 3x2 m. Dyr eru á innra rýminu til norðurs, út í hið ytra, en á ytra rýminu hafa annaðhvort verið dyr út til norður eða austurs. Aftur úr innra rýminu virðist ganga dálítil niðurgrafin, grjóthlaðin rás sem nú er algerlega fallin saman. Rásin gengur frá gafli rústarinnar alveg að Skjólsteininum í um 2,5 m fjarlægð. Breiddin á rásinni er um 1 m. Ekki er ljóst hvaða tilgangi rásin hefur þjónað en tveir möguleikar sem nefndir verða hér eru að hún sé e.t.v. til að safna rigningarvatni eða þá að hún sé loftrás af einhverjum toga. Rústin er hlaðin úr grjóti og

torfi líkt sú sem er við hinn Skjólsteininn og ekki er sjá annað en að rústirnar tvær séu samtíða þó svo að þessi rúst sé eitthvað verr farin, sérstaklega þó ytra rými hennar.

Hin rústin sem byggð er utan í Skjólsteininn er mun minni eða um 2x1,5 m og ekki annað en dálítil grjóthleðsla eða grjótbyrgi sem hlaðið er fyrir smá skúta í Skjólsteininn. Grjóthleðslan er um 1 m á hæð og um 0,3-0,4 m á breidd. Sennilega hefur þetta grjótbyrgi annaðhvort verið einhvers konar geymsla eða jafnvel afdrep fyrir smala, þ.e. smalakofi. Grjótbyrgið gæti því bæði verið samtíða rústum selstöðunnar eða verið yngra en selstaðan. Tvær aðrar fornleifar voru skráðar í selstöðunni. Annars vegar voru skráðar uppþornaðar mógrafir sem liggja um 70 m suður af rústunum og hins vegar náttúrumyndaður bolli sem gæti hafa verið notaður sem rétt til innrekstrar um 50 m suðaustan við Skjólsteinanna.



**Mynd 28.** Yfirlitsteikning yfir helstu rústir Kvernársels undir Skjólsteinum í Arnarflóa. Á teikninguna vantar réttina og mógröfina.

Svæðið er mjög víðfemt og miklir hagar eru á því þótt víða sé nokkuð mýrlendi. Svæðið hentar því afar vel til seljabúskapar. Nokkur spölur er þó í vatn frá seljarústunum og má leiða að því líkum að selinu hafi verði fundinn staður við Skjólsteina en ekki við læk vegna þess að skjólið fyrir hinni alræmdu sunnanátt hefur verið mikilvægara en nálægð við vatn. Alfaraleiðin Arnardalsleið, úr Eyrarsveit yfir í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi, liggur yfir Arnarflóann og upp í Arnardalinn þar fyrir sunnan. Hefur selið því ekki verið einangraða en svo að vera nokkurn veginn í þessari alfaraleið. Mógrafirnar á svæðinu benda enn fremur til þess að ekki hafi einungis verið sótt í beitilandið heldur einnig í mótekju svo sem sést hefur í öðrum selstöðum í Eyrarsveit.



**Myndir 29-30.** Til vinstri má sjá rúst 1 við nyrðri og vestari Skjólsteininn en til hægri er rúst 2 (ljósm. SEC).

misræmi má væntalega rekja til sóknarlýsingar Helga Sigurðssonar á Eyrarsveit þar sem hann telur upp allar selstöður sem honum er kunnugt um í sveitinni og segir: „Setberg á selst(öðu) á Kvernárfjalli, á Arnarflóa þar, og var selið haft norðan undir svonefndum Skjólsteinum þar, vestantil í hlíðinni á Digramúla“, og bætir svo við að selstaðan hafi verið seinast í notkun tíð séra Björns Þorgrímssonar í fá ár (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1970:285) en Björn Þorgrímsson tók við Setbergsprestakalli árið 1782 (Ásgeir Guðmundsson 2004:23). Því virðast vera nokkuð góðar heimildir fyrir því að haft hafi verið í selinu undir Skjólsteinum frá Setbergi einhvern tímann á 18. öld eða jafnvel í byrjun þeirrar 19. Hugsanlegt er að selstaða Setbergs hafi verið flutt öðru sinni ofan af Fossafjalli og inn á Arnarflóa einhvern tímann á 19. öld en höfundar telja þó að önnur skýring sé líklegri. Í *Jarðabókinni* segir að selstaða Kverár sé sæmileg í heimalandi (JÁP 1931-33:278). Selstaða Kvernár hefur því væntanlega afmarkast af Kvernánni í austri og Gilinu í vestri og því staðið á milli selstöðu Setbergs á Fossafjalli og selstöðu Grafar undir Selbringum, og þ.a.l. liggur beinast við að umrædd selstaða á Arnarflóa hafi verið sel frá Kverná, líklega yngri kynslóð selstöðunnar við Gilið. Þótt talið sé hér að selið tilheyri Kverná er ekki þar með sagt að ekki sé fótur fyrir því að Björn Þorgrímsson hafi haft hér í seli á 18. eða 19. öld. Hægt væri að skýra það með þeim hætti að þegar selstöður tóku að leggjast af hafi gamla skipulagið riðlast eitthvað og menn tekið á leigu eða fengið að láni selstöður sem ekki voru lengur nýttar en höfðu hugsanlega uppistandandi hús. E.t.v. hefur það verið svo í tilfelli Björns að honum hafi hugnast betur selstaðan uppi við Skjólsteinana heldur en á Fossafjalli og hafi því getað haft þar í seli þar sem selstaðan hafi ekki lengur verið í noktun frá Kverná.

Hvað aldur minjanna varðar er mögulegt að þær hafi seinast verið í notkun á 18. öld en gætu þó að grunninum til verið nokkuð eldri eða frá því á 16. öld hugsanlega. Hafi selið verið frá Kverná líkt og hér er talið hefur vegalengdin frá selstöðu heim að bæ verið um 1,6 km sé miðað við beina loftlínu og hefur aðkoma að selinu ekki verið mjög erfið þar sem hægt hefur verið að fara alfaraleiðina suðu yfir fjall frá bænum.

### 3.9 Gilssel (7:1-4)

Engar heimildir virðast vera til um Gilssel en rústir þess voru fyrst skráðar í aðalskráningu Fornleifafræðistofunnar á sveitarfélaginu Grundarfjarðarbæ (sjá Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005: fornleifar nr. 11). Gilssel er staðsett innst í Kvernárdal við lækinn Gilið sem rennur úr nokkuð djúpu gili ofan af fjallinu rétt




**Mynd 31.** Yfirlitsteikning yfir rústir Gilssels. Rúst 4 er í raun tvær rústir en sú eldri er lituð með aðeins ljósari lit.

við selið. Dalbarmarnir sem eru háir mjög afmarka umhverfi selstöðunnar til suðurs og einnig til austurs og Grundarfirði. Kvernárdalurinn er vel gróinn og mýrlendur hér og hvar en brekkurnar upp af dalnum eru lyngivaxnar. Dalurinn er því gott beitiland og gefa brekkur hans mikilvægt skjól fyrir sunnanáttinni. Sé farið beint upp brekkurnar ofan við selið, austan við svokallaðar Kúlur, er stutt í Kvernársel undir Skjólsteinum á Arnarflóa á Kvernárfjalli.

Rústir Gilssels eru fimm talsins en þó skráðar undir fjórum númerum (sjá Fornleifaskrá aftar í þessari skýrslu). Rúst 4 inniheldur tvær rústir þar sem yngra hús hefur verið sett ofan í rústir eldra húss. Rúst 2 er innst í selstöðunni, næst brekkunni. Norðan við hana er rúst 1, nokkurn veginn á barmi Gilsins, og norðan við hana er rúst



**Mynd 32.** Gilssel við Gilið. Fyrir miðri mynd sést í rústir 1 og 2 næst lækjarbakkanum (Ljósm. SEC).

3. Um 60 m norðan við rúst 3 eru rústir 4, þar sem Gilið beygir til austurs og síðan aftur til norðurs og myndast hefur smá klettasnös vestan við lækinn. Rúst 2 er einföld, lítil rúst um 2,5x4 m að utanmáli. Rústin stendur í brekkurótum og er suðvesturendi hennar grafinn inn í brekkuna. Op er á rústinni til norðausturs, í átt að beitilandinu. Rúst 1 er um 7 m norður af rúst 2 og er hún fjögurra hólfa. Hólf a er syðst og langstærst, um 5x2 m að innanmáli. Norðan við það eru þrjú mun minni rými, um 2x2-2x1 m að innanmáli, og raðast þau austur-vestur á norðurgafl rýmis a. Rými c er austast af þessum rýmum og er opið úr því inn í miðrýmið, b. Opið er út úr rými b til norðurs. Rými d er vestast og er op á því til norðurs. Þetta rými er næst læknum og er ógreinilegt vegna þess að það er við að renna niður í lækjarfarveginn. Líklegast er hér um að ræða rústir íveruhúss og annarra vistarvera en þó er ekki loku fyrir það skotið að rými a geti verið skepnurými, t.a.m. kvíar. Rúst 3 er um 10 m norður af rúst 1 og er hún tvöföld. Rústin er í heild um 11x5 m að utanmáli og skiptist í tvö rými sem bæði eru um 3x2 m að innanmáli. Rými a er sunnar og er op á því til vesturs, að læknum. Rými b er norðar og er op á því til norðvesturs, að læknum og beitihögunum. Rústir 4 eru eins og áður sagði um 60 m norður af rúst 3 og er um tvær rústir að ræða. Eldri rústin

er einföld, um 14x6 m að utanmáli. Hún er röskuð af yngri rúst sem sett hefur verið niður í norðurhluta hennar. Yngri rústin er um 5x3 m að utanmáli og er op á henni til vesturs. Vegna röskunarinnar er ekki greinanlegt op á eldri rústinni sem að öllum líkindum hefur það verið á norðurgafli eða vestur- eða austurlanghliðum nálægt norðurgafli. Túlkun rannsakenda á eldri

Mjög líklega er um að ræða tvær kynslóðir selja í selstöðunni sem nefnd er hér Gilssel. Líklega eiga rústir 2, 3 og eldri rúst 4 saman og mynda eldra sel. Rúst 3 hefur að öllum líkindum verið íveruhús selsins (hugsanlega svefnhús og eldhús) en rúst 2 hefur mögulega verið geymslu- eða mjólkurhús af einhverju tagi. Rúst 4 hefur síðan, að mati rannsakenda, verið hagafjós selstöðunnar. Fáar aðrar skýringar eru á því að svo stór rúst tilheyri selstöðu, nema um gríðarstórar kvíar sé að ræða. Yngri kynslóð selstöðunnar hefur síðan samanstaðið af rúst 1 og yngri rúst 4. Rúst 1 hefur verið íverurúst selsins, mannabústaður, eldhús og geymsla, en mögulegt er að rými a hafi gegnt hlutverki kvía þar sem engar greinilegar kvíarústir virðast tilheyra þessari yngri kynslóð. Óljóst er hvaða hlutverk yngri rúst 4 hefur haft og gæti hún hugsanlega verið ótengd selstöðunni, minjar um yngi nýtingar á svæðinu.

Gilssel hefur líklega haft önnur aðföng en beit, s.s. slægjur, ber og fjallagrös. Tiltölulega stutt er heim á bæ frá Gilsseli, um 1 km í loftlínu, og frekar auðveld ganga þannig að ekki hefur verið mikið tiltökumál að koma því sem safnaðist í selinu heim á bæ. Lang líklegast er að Gilssel sé selstaða frá Kverná þar sem selið stendur inn í dalnum inn af bænum og engar sagnir eru til af því að selið tilheyri öðrum bæ. Setberg virðist vera eini bærinn sem hefur selstöðu í landi Kvernár, fyrir utan Kverná sjálfa, og er því ólíklegt að annar bær en Kverná eigi selstöðuna, þó er ekki hægt að útiloka það. Selstaðan er á góðum, klassískum seljastað og ekkert undarlegt þótt fleiri en ein kynslóð selja byggist þar upp. Hægt er að velta fyrir sér sambandi Gilssels og Kvernársels undir Skjólsteinum þar sem yngri kynslóð Gilssels og sel Kvernár undir Skjólsteinum virðast ekki vera langt hvort frá öðru í aldri. Hugsanlegt er að dalurinn hafi verið farinn að láta á sjá vegna ofbeitar eða uppblásturs og því hafi þurft að færa selið upp á Kvernárfjall til að hlífa honum. Einnig er mögulegt að nýjar áherslur hafi komið með nýjum bónda og ákveðið hafi verið að færa selið vegna ókunnra ástæðna. Eitt er þó víst að sé það rétt túlkun að Gilssel og Kvernársel við Skjólsteina séu bæði frá bænum Kverná hefur eitthvað orðið til þess að selstaða bæjarins var færð úr Gilsseli

upp að Skjólsteinum á að giska á 17. öld eða um það leyti sé tekið mið af rústunum á báðum stöðum.

### 3.10 Grafarsel (8:1-2)

Góðar heimildir eru fyrir selstöðu Grafar við Selborgir en þær eru staðsettar sunnan við Gráborg, í fjalllendinu upp af bænum (*Ö-Gröf*:2; Sigurður Lárusson 2000:112). Í *Jarðabókinni* segir: „Selstaða í heimalandi sæmileg" (*JÁP* 1931-33:278) og er líklegt að það sé einmitt það sem selstaðan var, lítið meira en sæmileg. Selinu er valinn staður með tilliti til sunnanáttarinnar og hefur það því verið reist á einum af fáum stöðum á svæðinu sem eru í skjóli við hana, þ.e. utan í efri Selborginni. Framan (norðan) við selið er mýrarblettur sem teygir sig upp að næstu brekku sem tilheyrir neðri Selborginni. Mýrlent er nær allt í kringum selið en enginn lækur, annar en mýrarsprænur, rennur við það. Næsta almennilega vatnsrennsli er Kvernáin sem rennur skammt austur og suður af selstöðunni. Áin sú sækir greinilega í sig veðrið á tímum og grefur hún sig vestur og mylur þannig úr Selborgunum. Frá ánni og upp að jarðvegsbrúninni við selstöðuna er um 20 m hár bratti sem sem jarðvegurinn lekur niður meira og meira eftir því sem áin étur úr klettaveggnum. Nú er svo komið að ein rúst selstöðunnar er komin í talsverða hættu og stutt í að veggir hennar fari að skríða niður brattann, niður í Kvernána. Mögulegt er að einhverjar rústir hafi nú þegar orðið beljandi ánni að bráð.



**Mynd 33.** Grafarsel við Selborgir. Eins og sést er selstaðan staðsett mjög nálægt brúninni (Ljósm. SEC).

Þegar rannsakendur fóru á staðinn var ekki gengið hefðbundin leið frá Grafarbænum heldur var farið frá seli Kvernár við Skjólsteina og yfir Kvernána til að komast að selstöðunni. Sé gengið frá Grafarbænum er að öllum líkindum best að ganga upp vestan við Gráborg og þaðan suður yfir að Selborgum. Svæðið í kringum

selstöðuna er eins og áður sagði nokkuð mýrlent næst henni en þegar fjær dregur hækkar landið og breytist í uppblásna mela og grónar bringur. Beitiland hefur verið sæmilegt og nokkuð víðlent.

Rústirnar í Grafarseli eru tvær, íverurúst austar (fast við árbakka Kvernár) og kvíarúst vestar. Íverurústin er um 12x8 m að utanmáli og virðist hún skiptast í fjögur rými. Rústin er þó öll hin ógreinlegasta og er því rýmafjöldi og –skipan einungis túlkun rannsakenda. Rýmin eru öll nokkuð áþekk á stærð nema suðvestasta rýmið (a) sem er nokkuð stærra en hin, um 4x2 m að innanmáli. Rústin er í hættu vegna rofsins sem Kverná veldur og ekki síst vegna þess að virkur uppblástur er í rofinu. Rúst 2 er um 20 m suðvestan við rúst 1 og er hún kvíarúst. Rústin er aflöng, um 5x8 m að utanmáli og 5x2 m að innanmáli. Op er á rústinni til norðurs, út í mýrina framan við selstöðuna. Rústin er mun grenilegri en rúst 1 og er það líklega m.a. vegna þess að enginn uppblástur eða annað rót hefur haft áhrif á rústina og/eða umhverfi hennar.





**Myndir 34-35.** Til vinstri er yfirlitsteikning yfir rústir selstöðunnar en á ljósmyndinni til hægri má sjá hvernig rof hefur myndast rétt við rúst 1 (Ljósm. SEC).

Einungis ein kynslóð selja er greinanleg í Grafarseli en þó getur verið að eldri kynslóðir leynist undir þeim rústum sem nú sjást á yfirborði, sérstaklega á þetta við um rúst 1. Líklegt er að rústirnar sem skráðar voru séu leifar þeirrar selstöðu sem talað er um í *Jarðabókinni*. Mögulegt er að í landi Grafar leynist horfnar og/eða óþekktar rústir sels frá fyrri tímum en það er þó ekki víst. Bæjarins er fyrst geti í kaupmálabréfi *Íslenzku fornbréfasfafni* árið 1480 (*ÍF* VI:295) og er hann því nokkuð gamall. Grafarsandur er nefndur í Máldaga Maríukirkju á Öndverðareyri frá 1355 (*ÍF* III:107) en óvíst er hvort sá sandur dregur nafn sitt af bænum Gröf, þó er ekki hægt að útiloka

það. Það er því ljóst að eldri selstaða en sú sem rústirnar eru af undir Selborgum gæti leynst í landareigninni eins og nefnt var hér að ofan.

Að hafa tvær rústir í seli telst vera frekar lítið og heyrir til undantekninga. Þó er það svo að í Eyrarsveit er mun meira um slík sel heldur en í Helgafellssveit. Rústirnar í Grafarseli undir Selborgum nægja fyrir þá starfsemi sem sel eru venjulega talin hafa haft, jafnvel eingöngu, að mjólka ær og vinna mjólkina að einhverju leyti. Þó er ekki hægt að útiloka að fleiri rústir hafi verið á svæðinu en að þær séu nú horfnar vegna uppblásturs, rofs frá Kvernánni eða þær sokknar í mýrina. Staðsetning selstöðunnar er greinilega mörkuð af því að mikilvægasta breytan fyrir staðarvali er sunnanáttin. Fyrst og fremst er leitast við að fá skjól fyrir henni en nálægð við rennandi vatn og góða beitarhaga er sett lægra í kröfustigann. Selið er um 1,6 km í loftlínu frá bæ og er það staðsett í hinu klassíska seljalandi Eyrarsveitar, uppi í hæðunum ofan við byggðina. Líklegt er að ekki hafi einungis verið beitt á svæðinu heldur hafi seljafólk einnig farið til berja og grasa og jafnvel nýtt slægjur ef þær hafa verið í nágrenninu. Engin merki um nýtingu á mýrinni eru greinanleg, s.s. mógrafir, en það er ekki óyggjandi sönnun fyrir því að mýrin hafi ekki verið nýtt.

### 3.11 Kirkjufellssel (9:1-5)

Selstaða Kirkjufells er staðsett í Seljadal í fjalllendinu suður (upp) af bænum í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Seljadalur heitir eystri hluti dalsins sem Kirkjufellsá rennur um (Einar Haukur Kristjánsson 1986:52) og er selstaðan staðsett austan við Seljadalsgil en niður það rennur lækur sem fellur síðan vestur Seljadalinn í Kirkjufellsá (*Ö-Kirkjufell*: 1-2). Í *Jarðabókinni* segir: „Selstaða sæmileg í heimalandi“ (*JÁP* 1931-33:274) og var selstaðan ekki bara Kirkjufells heldur áttu hjáleigur bæjarins „frí selstöðu fram á fjalli í Kirkjufells landi“ (*JÁP* 1931-33:276). Líklegast er að hjáleigurnar hafi fengið að nýta selstöðu Kirkjufells með heimabænum. Þægilegt er að ganga upp með Kirkjufellsánni austanverðri og blasir þá Selgil við þegar komið er upp á flóann í Seljadalnum, en það er um það bil fyrir dalnum miðjum. Miklar mýrar eru á Seljadalnum og því ágætis beiti- og slægnaland. Einnig hefur verði hægt að beita á ásunum norðan við dalinn og jafnvel hefur verið farið upp fyrir Seljadalinn en þar eru fleiri dalir og án efa líka nokkuð grösugir. Seljadalsgilið liggur í gegnum nokkuð háa hjallabrún og markar sú brún syðri mörk Seljadals.



**Mynd 36.** Rústir Kirkjufellssels í Seljadal. Næst brekkunni eru rústir 4-5 en fyrir u.þ.b. miðri mynd eru rústir 1-3 (Ljósm. SEC).

Rústir Kirkjufellssels eru eins og áður sagði austan við Seljadalsgil og raða þær sér með bakka lækjarins sem rennur úr gilinu. Þrátt fyrir þurrkatíð vikurnar áður en skráningin fór fram var enn nokkuð vatn í læknum og er því líklegt að hann þorni seint upp. Hjallinn ofan við selið veitir nokkuð skjól fyrir sunnanáttinni og er það án efa hluti af þeirri ástæðu að selið var sett þarna niður. Í raun er staðsetning selsins mjög klassísk og ákaflega heppileg fyrir sel: undir brekkurótum, við læk og víðlendir beitihagar framan við selið. Rústir í selstöðunni eru fimm og skipta þær sér á þrjú svæði. Rúst 1 er í miðju rústaþyrpingarinnar, norðaustan við hana eru rústir 2 og 3 og suðvestan við rúst 1, næst hjallanum og Selgilinu, eru rústir 4 og 5. Rúst 1 er skráð sem ein rúst en er í raun líklega tvær rústir byggðar mjög þétt hvor upp að annarri. Norðvestari rústin er greinlega tvöföld og eru op á báðum rýmum til norðausturs, út á mýrarnar fyrir framan. Vestara hólfið í rústinni er mun stærra en það eystra en saman eru rýmin um 7x7 m að utanmáli. Rýmið suðaustan við áðurnefnd tvö rými er líklega sérstök rúst og er hún um 5,5x3,5 m að utanmáli. Um 17 m norðaustan við rúst 1 er rúst 2, hugsanlega kvíarúst. Hún er einföld, um 5x4 m að utanmáli og virðast vera dyr á




**Myndir 37-38.** Efri myndin sýnir nánari mynd af rúst 1 (nær) og rústum 2-3(fjær). Neðri myndin sýnir yfirlitsteikningu yfir allar rústir selstöðunnar (Ljósm. SEC).

henni til norðausturs, út á mýrarnar fyrir framan.Um 2 m suðaustan við rúst 2 er rúst 3. Hún er um 5x4 m að utanmáli en innra rými hennar er ógreinilegt, virðist þó vera um 2x2 m. Rústir 2 og 3 eru mjög ógreinilegar enda standa þær úti í mýri sem veldur því að þúfnamyndun er mikil á svæðinu. Rúst 4 er líklega kvíarúst, um 5x2,5 m að innanmáli og eru dyr á henni til norðausturs, að mýrlendinu/ beitilandinu, og til vesturs, að læknum. Rústin er fast við læknarbakkann, næst Selgilinu. Rúst 5 er undarlegt mannvirki, hugsanlega grjótbyrgi. Mannvirkið er úr grjóti eingöngu og er það hlaðinn hringur, um 3x3 m að stærð og eru að minnsta kosti tvö umför steina í veggjum. Inni í hringnum er einnig grjót og virðist eins og því hafi verið raðað inn í hringinn, þó gæti verið um mjög snyrtilegt hrun að ræða. Steinarnir í mannvirkinu eru allir af svipaðri stærð nema einn stærri steinn er við norðausturenda þess. Engar dyr eru á mannvirkinu og er hlutverk þess óljóst.

Saman mynda rústirnar fimm selstöðu Kirkjufells en líklegt er þó að um að minnsta kosti tvær kynslóðir selja sé að ræða innan selstöðunnar. Rúst 1 gæti verið byggð á rústum eldra sels á staðnum og er líklegt að hún tilheyri bæði eldri kynslóð með rústum 2 og 3 og síðan yngri kynslóð með rúst 4. Aldur rústar 5 er óljósari og þótt hún sé ekki alveg yfirgróin og virðist því frekar ung þá þarf ekki svo að vera. Steinarnir eru margir hverjir yfirgrónir og og mikið er af fléttum og mosa á þeim þannig að ógjörningur er að segja til um aldur þeirra með einhverri vissu. Rúst 5 gæti því tilheyrt



**Mynd 39.** Grjótbyrgið (rúst 5). Ekki liggur fyrir hvert hlutverk byrgisins hefur verið (Ljósm. SEC).

hvaða kynslóð selstöðunnar sem er. Yngri kynslóð selstöðunnar er líklega sú sem talað er um í *Jarðabókinni*, en sú eldri gæti verið nokkuð gömul. Kirkjufells er fyrst getið í *Íslenzku fornbréfasafni* árið 1462 en þá er ritað þar bréf sem birt er í safninu (*ÍF* V:377). Bærinn er því nokkuð gamall og gæti vel verið að aldur elstu kynslóðar selstöðunnar sé í takt við aldur bæjarins eða þá að eldri selstaða leynist annars staðar í landareigninni.

Kirkjufellssel er staðsett á mjög fallegum, klassísku seljastað. Rústirnar spanna að minnsta kosti tvær kynslóðir og er því greinilegt að selstaðan hefur þótt nægilega góð til þess að vera nýtt í langan tíma. Þrátt fyrir að *Jarðabókin* taki það fram að hjáleigur eigi líka selstöðu á Seljadal og líklegt sé að þær hafi nýtt selstöðuna með Kirkjufelli eru rústir selstöðunnar ekkert stærri eða meiri en gengur og gerist. Líklega hafa nokkrar kindur frá smáum hjáleigum ekki verið nægilegt magn til þess að auka þyrfti mannskap og húakost í selstöðunni. Fjarlægð frá bæ er um 1,7 km og er gangan til og frá Seljadalnum ekki erfið þannig að auðvelt hefur verið að komast til og frá selinu með afrakstur búskaparins þar. Líklegt er að ekki hafi einungis verið unnin mjólk í selinu heldur einnig, sé horft á landslagið, að tækifærið til berjatýnslu, grasasöfnunar, slægna og jafnvel mótekju hafi verið gripið. Ekki eru greinilegar mógrafir í mýrunum næst selinu en það segir ekki alla söguna þar sem þær gætu annað hvort verið fjær því eða grónar upp.

### 3.12 Lárdalur

Engar heimildir eru um selstöðu í Lárdal aðrar en sóknarlýsing Helga Sigurðssonar á Eyrarsveit þar sem segir: „Neðrilá á selst(öðu) í Lárdal“ (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1970:285). Í neðanmálsgrein greinir Helgi jafnframt frá því að Guðrún Sigurðardóttir, búkona í Neðrilá, hafi verið seinasta selráðskonan í Lárdal, líklega um miðja 19. öldina.

Lárdalurinn gengur upp af Lágaflóa en fyrir mynni dalsins er nokkuð stór hóll sem kallaður er Stórhóll. Dalurinn hallar allur nokkuð upp mót Stórhólnum og hlíðarnar beggja vegna eru nokkuð brattar. Dalurinn er nokkuð grösugur þó svo að næst hlíðunum hafi fallið töluvert af skriðum og víða sé mjög mýrlent. Eftir dalnum renna tveir lækir, Mólækur og Sellækur, Heimri-, sem er landamerki milli Skerðingsstaða og Lár (*Ö-Skerðingsstaðir*:1). Lækirnir tveir sameinast í Lágaflóa og renna sem Hólalækur norður í Lárvaðalinn. Sellækurinn mun þó ekki vera nefndur eftir selstöðu samkvæmt Ragnhildi Þorvaldsdóttur, fæddri og uppaldri á Skerðingsstöðum, en í athugasemdum við örnefnaskrá Skerðingsstaða segir hún að í Sellæknum hafi einu sinni fundist dauður selur (*Ö-Skerðingsstaðir, ATH*:1).



**Myndir 40-41.** Mögulegir staðir Lárdalssels. Annars vegar réttin (til vinstri) og hins vegar litla rústin (til hægri) en önnur rúst eða rústir gætu hæglega leynst undir rafmagnsstaurnum (Ljósm. SEC).

Allur Lárdalurinn var genginn í leit að hinni meintu selstöðu en þó fundust engar rústir aðrar en nokkuð ungleg grjóthlaðin rétt sem stendur upp við dálítinn hól svo að segja fyrir miðju dalsins og ein lítil rúst við mynni dalsins. Réttin er öll nokkuð heilleg en aðeins hefur hrunið lítillega úr hleðslunum á stöku stað sem ná um 1,5 m hæð þar sem þær eru hæstar. Tveir veggir réttarinnar eru þó bersýnilega verr farnir heldur en aðrir og eru þeir einnig nokkuð breiðari en aðrir veggir. Hér gæti því verið örlítil vísbending um að réttin og byggingarefni hennar hafi verið fengið úr eldri byggingum sem þarna stóðu. Hafi svo verið hafa þessar eldri byggingar líklega verið hin umrædda selstaða Lár í Lárdal. Litla rústin við mynni dalsins stendur fast vestan við rafmagnsstaur sem líklega hefur verið settur niður í annað hólf áfast rústinni eða aðra rúst sem var austan við þá litlu (sjá mynd 41). Rústin stendur nálægt læk en er þó á berangri og ekki í skjóli fyrir veðri og vindum eins og aðrar fornleifar sem við

rákumst á í sveitinni. Litla rústin var ekki skráð sérstaklega enda ólíklegt að hún hafi geta hýst sel þó ekki sé hægt að segja fullum fetum að svo hafi ekki verið. Fáir staðir virðast því koma til greina fyrir selstöðu sem líklegt er að hafi verið í ágætu skjóli fyrir sunnanáttinni. Þótt örlítill möguleiki sé á því að litla rústin tilheyri þessu seli sem lagðist af á 19. öld verður að telja það ólíklegt og þar sem rústirnar ættu að vera greinilegar vegna ungs aldurs verður að teljast líklegast að rústir selstöðunnar í Lárdal séu nú horfnar og hafi verið nýttar þegar réttin var hlaðin á sínum tíma, líklega á 19. öld eða snemma á þeirri 20.

Eins og áður sagði eru ekki heimildir um selstöðu frá Lá í *Jarðabókinni* (*JÁP* 1931-33:). Selstaðan í Lárdal hefur því líklega ekki verið frá fornu fari heldur byggist fyrst upp á 18. eða snemma á 19. öldinni, þó ekki sé algerlega óhugsandi að Lá hafi haft í seli einhvern tímann til forna en það hafi lagst af fyrir 1702 þegar *Jarðabókin* var tekin saman. Ekkert er þó til staðar sem bendir til þess að svo hafi verið og því lang líklegasta skýringin að selstaða hafi ekki verið frá Lá fyrr en hún byggist upp í Lárdal á 18. eða 19. öld. Þetta er þó afar forvitnilegt í ljósi þess að á sama tíma og þessi selstaða byggist upp eru einmitt flest selin, ekki einungis í Eyrarsveit heldur um allt land, að leggjast af eitt af öðru. Hér er dæmi um að hið gagnstæða hefur einnig þekkst og gæti jafnframt bent til þess að ekki hafa allar þær selstöður sem þekktar eru frá seinni tímum verið til frá fornu fari.

## 3.13 Látravíkursel (10:1-2)

Vitneskjan um Látravíkursel virðist nú þegar vera að mestu horfin og er eina vísbendingin sem eftir er setning í *Jarðabókinni*: „Selstaða á fjalli örðug“ (*JÁP* 1931-33:261). Haft var samband við Jens Jakob Hallgrímsson sem ólst upp á bænum Látravík (Vík) og var honum ekki kunnugt um selstöðuna. Benti hann hins vegar á að hestaleið hefði verið upp á fjallið fyrir ofan Látravík og var þá gengið upp Víkurgilið vestanvert. Sagði hann að beitt hefði verið uppi á fjallinu. Með þessa vitneskju í farteskinu var ekkert annað í stöðunni en að leggja í fjallgöngu og athuga málið.

Þegar komið var út á Látravík var gönguleiðin ekki árennileg ásýndar en þó eina leiðin sem sýndist fær upp á fjallið. Gengið var sem leið lá upp Víkurgilið að vestanverðu og þótti öðrum rannsakandanum nóg um, enda yfirmáta lofthræddur. Þegar komið var upp á Blett, dálítinn grasbala í um 165 m hæð, varð lofthræddi



**Mynd 42.** Horft frá veginum upp Víkurgilið fyrir miðri mynd. Bletturinn er fyrir ofan neðstu klettaborgirnar hægra megin á myndinni (ljósm. SEC).

rannsakandinn eftir á meðan hinn fór enn ofar, í allt að 260 m hæð. Lítið var annað að gera en leita að selinu enda engar vísbendingar um hvar það væri að finna annað en „á fjalli“. Það endaði svo að seljarústirnar fundist á Bletti sem kom rannsakendum á óvart enda virtist líklegasti staðurinn fyrir selstöðu þegar svæðið var skoðað á loftmyndum vera í Torfdal ofan við Víkurgil, enda ber nafnið með sér vísbendingar um nýtingu á dalnum. En svo reyndist ekki vera og kúrir selstaðan undir smá grjóthól innarlega á Bletti.

Bletturinn er ágætis grasbali, vin í eyðimörk brattra hamra í fjallinu. Svæðið er grösugt og mun blautara en maður myndi halda, en meiri hlutinn af svæðinu er mýri. Engir almennilegir lækir renna um Blettinn en smá mýrarsprænur hafa sorfið sig niður í jarðveginn hér og hvar. Tveir litlir lækjarfarvegir eru við selið en þeir voru báðir þurrir eða svo gott sem þegar selstaðan var skráð. Víst er að þessi uppspretta vatns hefur ekki verið örugg. Ótrúlegt útsýni er ofan af Blettinum og blasir við opinn Breiðafjörðurinn, Brimlárhöfðinn, Lárbæirnir og Lárvaðallinn auk Kirkjufellsins og Eyrarfjallsins. Ljóst er að staðurinn er illa varinn fyrir öðrum vindáttum en sunnan og suðvestan og kæmi það ekki á óvart að staðurinn hafi þótt illviðrasamur.



**Mynd 43.** Horft niður eftir Víkurgili. Hér sést e.t.v. enn betur hversu brött leiðin er að selstöðunni (ljósm. SEC).

Rústirnar kúra undir smá grjóthól um það bil á miðjum Blettinum. Rústir selsins eru tvær og eru um 10 m á milli þeirra. Rúst 1 er austar og er hún þriggja hólfa. Rými a er austast og er það langstærst, um 5x2 m að innanmáli, hin rýmin eru mun minni. Rústin vefur sig utan um gtjórhólinn sem hún stendur við og beygir hún með hólnum til vesturs. Þessi rúst er að öllum líkindum íverurúst selsins og er utanmál hennar í heild um 8x9 m. Ofan við suðausturhorn rústarinnar er djúpur bolli, um 1 m í þvermál og 0,5 m djúpur. Gæti hann hafa gegnt einhverjum tilgangi í búskapnum en hver hann hefur verið er óljóst, hugsanlega hefur verið safnað í hann vatni. Rúst 2 er vestan við rúst 1. Hún er að öllum líkindum að hluta náttúruleg og hefur hún mögulega verið lagfærð eitthvað til þess að geta nýst sem kvíar eða einhvers konar aðhald. Rústin er tvískipt og mælist um 6x2 m að innanmáli. Fremst er komið inn í stórt, aflangt rými en inn af því og til hliðar er annað mun minna rými. Snýr op rústarinnar til austurs, að lækjarfarveginum sem liggur við hana. Lækjarfarvegurinn er eilítið siginn og sunnan við hann er brekka þannig að auðvelt hefur verið að reka upp með lækjarfarveginum og nota brekkuna til að beina fénu inn í kvíarnar.




**Mynd 44.** Yfirlitsteikning yfir rústir selstöðunnar í Látravíkurseli.

Einungis voru tvær rústir greinanlegar í selstöðunni en þó er ekki loku fyrir það skotið að fleiri rústir geti leynst í þýfinu á Blettinum. Vegna mýrlendisins eru rústir fljótar að sökkva ofan í jarðveginn eða afmyndast af þúfum og því gætu fleiri rústir eða jafnvel önnur kynslóð selja leynst á svæðinu. Ljóst er að notkun lýsingarorðsins *örðug* yfir selstöðuna í *Jarðabókinni* hefur verið algert sannnefni. Bæði hefur verið erfitt að reka fé upp gilið til að komast í selstöðuna og einnig hefur verið erfitt að athafna sig þarna uppi á syllunni í miklu rokviðri. Ágætir beitarhagar eru á Blettinum en þó hefur ekki verið hægt að vera með margt fé þar sökum þess að svæðið er ekki það stórt. Mögulegt er að fé hafi í neyðartilfellum verið rekið áfram upp fjallið og upp í Torfdal til beitar. Nafn Torfdalsins gefur, eins og áður var nefnt, til kynna ákveðna nýtingu á dalnum. Hægt er að velta upp þeirri hugleiðingu hvort seljafólk hafi nýtt torfskurð á Torfdal þegar þess þurfti, hvort sem var til að nýta í seljahúsin eða heima á bæ. Án efa hefur verið farið til grasa og berja og jafnvel slægna að einhverju leyti upp á fjall, en þó er óvíst með magn slíkra aðfanga þar sem leiðin heim á bæ var ekki beinn og breiður vegur. Það er með sanni hægt að segja að þótt staðurinn sé fallegur og friðsæll á góðviðrisdegi þá er hann engu að síður óhugnanlegur. Líklegt að ekki hafi öllum liðið jafn vel yfir því að þurfa að eyða hluta af sumri þarna uppi á sillunni, sérstaklega ekki ef gengið var fram á brún og ljóst var hve stutt var heim á bæ. Um 500 m eru í beinni loftlínu á milli selstöðunnar og Látravíkurbæjarins, sé miðað við að selstaðan hafi verið í notkun á þeim tíma sem bærinn stóð sunnan við þjóðveginn eins og hann liggur í dag.

Óljóst er hvort eldri kynslóðir selja leynist í þýfinu á Blettinum en aldur bæjarins Víkur bendir til þess að eldri sel gætu leynst í selstöðunni eða eldri selstaða

gæti verið annars staðar á landareigninni. Víkur er fyrst getið í *Íslenzku fornbréfasafni* árið 1391 þegar hún er seld fyrir jörðina Böðvarsholt í Staðarhreppi (*ÍF* VI:31-32). Bærinn er því nokkuð gamall og ljóst að rústirnar sem skráðar voru eru yngri en svo að geta verið frá elstu skeiðum búsetu á bænum.

## 3.14 Sætrin

Úti við Búlandshöfða, upp af Búlandsbrekkum er að finna örnefnið Sætrin. Samkvæmt *Íslenskri orðabók* þýðir orðið sætrur hagar eða haglendi (*Íslensk orðabók* 2002: 1552). Í öðrum norrænum málum getur orðið sætur þó verið selstaða, t.d. sæter bæði á dönsku og norsku. Hugsanlegt er því að þetta örnefni gæti verið vísbending um að þarna í grennd sé að finna forna selstöðu.



**Mynd 45.** Horft í austurátt frá þeim stað sem ber örnefnið Sætrin. Engar seljarústir fundust þó á svæðinu (ljósm. SEC).

Skyggnst var eftir rústum á svæðinu úti við Höfðann en það svæði sem rannsakendum þótti líklegt að svipast mætti um eftir selstöðu á hefur fyllinginn undir veginn fyrir Búlandshöfðann algerlega hulið og því ógjörningur að segja nokkuð til um hvort þar hafi verið sel. Nokkru neðan við höfðann eða nær bæjarstæði Höfðakots eru þó heimildir um þrjár rústir sem sagðar eru mjög gamlar og kallaðar eru Fornibærinn, eru þær almennt taldar elsta bæjarstæði býlisins Höfða (*Ö-Höfði*:2). Rústirnar eru allar skráðar í Fornleifaskrá Grundarfjarðar (Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005: fornleifar nr. 318:1-3) og eru ekki sérstaklega seljalegar en e.t.v. mætti kanna það eitthvað betur. Í öllu falli er alls óvíst hvort örnefnið sætrin vísi aðeins til haglendis eða hvort möguleiki sé á því að þarna í grennd hafi eitt sinn verið selstaða.

Hafi hér verið haft í seli eru allar líkur á því að selstaðan hafi verið frá Höfða en hjáleigan Höfðakot hefur líklega nýtt sama landskika og hin meinta selstaða. Höfðakot er a.m.k. svo gamalt að það hefur verið komið í byggð vel áður en *Jarðabókin* er tekin

saman árið 1702 (*JÁP* 1931-33:260) og hefur því selstaðan verið a.m.k. nokkru eldri en það. Elsta heimildin um bæinn Höfða er í skiptabréfi eftir Ólöfu Loptsdóttur ríku frá árinu 1480 þegar taldir eru upp þeir bæir í Eyrarsveit sem Þorleifur og Einar, synir Ólafar, fengu í sinn hlut af móðurarfinum (*ÍF* VI:256).

### 3.15 Gæshólar í Helgafellssveit

Sumarið 2012 var ákveðið að kanna einn af þeim stöðum í Helgafellssveit sem ekki náðist að athuga á vettvangi sumarið 2011. Staður þessi eru Gæshólar í Helgafellssveit en aðeins í einni heimild er getið um selstöðu þar. Í sýslu- og sóknarlýsingu Bjarnhafnarsóknar segir Jón Guðmundsson, prestur á Helgafelli, að sagt sé að Grunnasundsnes hafi átt selstöðu undir Gæshólum, sunnan undir Kerlingarfjalli (*Sýlu- og sóknarslýsingar* 1970:194). Ekki er getið um selstöðu Grunnasundsness í *Jarðabókinni* (*JÁP* 1931-33:318-319) og mætti því ætla að selstaðan sé yngri en frá 18. öld og ættu minjar hennar því að vera nokkuð auðþekkjanlegar, þótt auðvitað gætu þær einnig verið mun eldri en *Jarðabókin* og því fallnar í gleymsku þegar hún er rituð. Gengið var eftir gamla Kerlingarskarðsveginum úr Helgafellssveit alveg inn að Gæshólamýri en engar minjar um selstöðu fundust á þessu svæði þó að líklegasti staðurinn fyrir slíka sé helst nokkuð vel gróin grasspila beint undir Gæshólum. Því verður að telja að hin meinta selstaða Grunnasundsness undir Gæshólum sé annaðhvort algerlega horfin í uppblástur sem er nokkur á svæðinu eða þá að frásögnin sé röng og að eina selstaða Grunnasundsness hafi verið Borgarsel í Stykkishólmslandi sem skráð var sumarið 2011. Verður seinni skýringin að teljast líklegri þar sem mjög langt og örðugt hefði verið að reka búfé alla leið neðan úr Grunnasundsnesi upp á mitt Kerlingarskarð.



**Mynd 46.** Inni í botni á grösugum dal undir Gæshólum sem rétt glittir í til hægri á myndinni (ljósm. SEC).

# 4 Prufuholur á Seljum

Rannsóknir á Seljum fóru fram þann 19. júlí og var markmið þeirra að teikna upp allar rústirnar nákvæmlega eftir hnitakerfi og grafa fjórar prufuholur í rústirnar til að kanna gerð þeirra, mögulegt hlutverk og safna jarðvegssýnum til örformgerðargreininga sem og mögulegra aldursgreininga seinna meir. Ekki voru þó grafnar nema tvær holur á svæðinu. Sú þriðja var opnuð en henni lokað aftur án frekari graftar og hætt var við þá fjórðu. Ástæða þessa var sú að svæðið allt og rústirnar þar með taldar eru afar illa farin




**Mynd 47.** Yfirlitsmynd yfir rústir selstöðunnar á Seljum. Prufuholur eru sýndar með rauðum kössum.

af skriðuföllum sem sýnilega hafa fallið úr hlíðum Bjarnarhafnarfjallsins þarna fyrir ofan. Í fyrri holunum tveimur fundust þó ummerki um vegghleðslur sem staðfesta að rústir þær sem sést móta fyrir á yfirborði eru í raun og veru fornleifar en annars þótti ekki verjandi að opna fleiri prufuholur.

Áður en hafist var handa við uppgröftinn var sett út hnitakerfi fyrir rústirnar og ákveðinn var hæðarpunktur sem mældur var með GPS-mælitæki 42 m yfir sjávarmáli.

Allar rústir selstöðunnar voru svo teiknaðar eftir hnitakerfinu í mælikvarðanum 1:100 og plan- og sniðteikningar þar sem við átti í mælikvarðanum 1:20.

### 4.1 Prufuhola 1

Prufuholunni var valinn staður í þá rúst selstöðunnar sem fyrirfram var talin geta verið íveruhús eða í öllu falli líklega ekki skepnuhús. Rústin stóð nokkru hærra en aðrar rústir á svæðinu. Grafin var í fyrstu prufuhola 1x1 m að stærð í miðju rústarinnar. Í holunni fannst lítið annað undir sverði en skriðujarðvegur, lausgerð smásteinótt möl, sem var blönduð jarðvegi án þess þó að þar hafi örlað fyrir mannvistarleifum, þ.e. gólflögum, viðarkolum eða gripum af einhverju tagi. Eftir að grafið hafði verið um 1 m niður án þess að í ljós kæmi annars konar jarðvegur en skriðugarðvegur var prufuholan stækkuð um 1 m til austurs eða yfir austurvegg rústarinnar. Fljótlega var komið niður á




**Myndir 48-49.** Til hægri: planteikning prufuholu 1. Til vinstri: prufuhola 1 að rannsókn lokinni (ljósm. SEC).

nokkra steina í stækkuninni sem líklega hafa verið hluti af vegghleðslu. Grafið var í kringum steinana og undir þá en engar frekari mannvistarleifar fundust í hleðslunni eða við hana. Steinarnir hafa að öllum líkindum verið neðsti hlutinn af veggjarhleðslu sem þarna hefur verið. Ekki þótti ástæða til að safna jarðvegssýni úr þessari prufuholu þar sem sýnt var að greiningar á því myndu ekki skila tilætluðum árangri og var holunni því lokað aftur.

### 4.2 Prufuhola 2

Prufuholunni var valinn staður sem fyrirfram var talinn vera að húsabaki, þ.e. norðan við rústirnar. Hefði þessi hola mögulega getað svarað þeirri spurningu hvort eldri minjar leyndust undir þeim sem sýnilegar eru á yfirborðinu eða hvort húsin hefðu verið

grafin inn i náttúrulegan bakka að aftanverðu. Þegar ljóst var að lítið sem ekkert væri eftir af mannvistarleifum á svæðinu þótti sýnt að upphækkunin að húsabaki væri ekki annað en leifar af aurskriðunni og því var prufuholan ekki grafin.

### 4.3 Prufuhola 3

Prufuholan var sett í dálitla upphækkun eða bungu á norðanverðu svæðinu sem talin var geta geymt annaðhvort rúst eða öskuhaug. Bungan var ekki tengd öðrum rústum á svæðinu beint en var þó í framhaldi af veggjarstubb sem myndaði gerði fyrir vestan rúst 1. Prufuhola, 1x1 m að stærð, var sett hér um bil í miðja bunguna norðanverða en þegar stungið var niður úr sverði kom fljótlega í ljós að bungan er mynduð úr skriðujarðvegi sem af einhverjum ástæðum hefur safnast þar saman. Ekki fundust neinar mannvistarleifar í þessari prufuholu og var henni því lokað án frekari graftar.




**Myndir 50-51.** Til hægri: planteikning prufuholu 4. Til vinstri: prufuhola 4 þar sem rétt glittir í slitrur af torfvegg fjærst, rauð slikja (ljósm. SEC).

### 4.4 Prufuhola 4

Prufuholan var staðsett í minni rústina af þeim tveimur sem taldar voru vera kvíar og lágu hlið við hlið austast í rústaþyrpingunni. Prufholan, 1x1 m að stærð, var sett í miðja rústina og þegar komið var niður úr grassverðinum var komið niður á skriðujarðveg, hinn sama og fannst í hinum prufuholunum tveimur sem opnaðar voru. Þegar grafið var niður, en þó ekki eins langt og í prufuholu 1, var komið niður á steina sem líklega hafa tilheyrt veggjum rústarinnar. Á milli steinanna mátti sjá örla fyrir torfi en líklega hefur veggurinn verið aðallega úr grjóti en mold verið pakkað inn á milli steinanna. Ekki fundust þó neinar aðrar mannvistarleifar, þ.e. mannvistarlög, viðarkol eða gripir, sem varpað hefðu getað ljósi á hlutverk hússins og staðfest hvort um hafi verið að ræða

skepnuhús, mannabústað eða eitthvað allt annað. Að sama skapi þótti sýnt að jarðvegssýnataka til örformgerðargreininga myndi ekki skila tilætluðum árangri og var því holunni lokað án þess að safna sýnum.

### 4.5 Samantekt

Mikil vonbrigði voru hversu illa raskaðar minjarnar á Seljum eru vegna aurskriða. Bundnar voru talsverðar vonir við að með örformgerðargreiningum á jarðvegssýnum frá Seljum væri hægt að sýna fram á búsetumynstur sem einkennst hefði af tímabundinni búsetu sem hefði rennt styrkari stoðum undir þá kenningu að þarna hafi staðið selstaða, mögulega selstaða sú sem *Landnámabók* segir að Björn austræni hafi haft á Seljum.

Segja má að það eina sem prufuholurnar leiddu í ljós er að þarna hafa vissulega staðið mannvirki en sökum þess hversu illa þau eru farin er þó ekki hægt að segja nokkuð um hlutverk þeirra eða aldur. Þar sem einungis neðstu steinar í veggjum voru sýnilegir í báðum prufuholunum má þó álykta sem svo að húsin hafi staðið uppi þegar skriðan sem tók þau af féll en hún getur hafa verið einungis ein af mörgum skriðum.

Þó svo að ekki hafi tekist að renna styrkari stoðum undir þá tilgátu að hér hafi verið selstaða má þó segja að rannsóknirnar hafi ekki endilega gefið tilefni til að hverfa frá þeirri túlkun. Ritaðar heimildir eru til um selstöðu á þessum stað og staðsetningin á rústunum þykir okkur líkleg fyrir selstöðu, sé m.a.miðað við aðrar þekktar selstöður í Helgafellssveit. Ekkert frekar er hægt að álykta um aldur selstöðunnar nema það sem fram kom í fyrri skýrslu að líklega hefur hér verið haft í seli þar til býlið Seljar byggðist upp á 12. öld en við þetta má þó bæta að líklega hefur selstaðan lagst af í kjölfar þeirra skriðufalla sem grönduðu minjunum og ekki byggst upp aftur sem slík.

Hugsanlegt er að finna mætti leifar umræddra mannvirkja og hugsanlega tætt gólflög og gripi ef allt svæðið neðar í brekkunni væri opnað en það myndi þó seint svara kostnaði því opna þyrfti afar stórt svæði auk þess sem líklegt er að erfitt væri að skera úr um hvort þær minjar sem kynnu að finnast við slíka rannsókn tilheyrðu hinni meintu selstöðu eða býlisins á Seljum eftir að það byggðist upp, líklega á 12. öld.

# 5 Prufuholur í Gautsstaðagróf í landi Staðarbakka

Rannsóknir í Gautsstaðagróf fóru fram þann 17. júlí en markmiðið með rannsóknunum var, líkt og á Seljum, að teikna upp allar rústirnar nákvæmlega eftir hnitakerfi og grafa fjórar prufuholur í rústirnar til að kanna gerð þeirra, mögulegt hlutverk og safna jarðvegssýnum til örformgerðargreininga sem og mögulegra aldursgreininga seinna meir. Segja má að öllum markmiðum sumarsins hafi verið náð því fjórar prufuholur voru grafnar í selstöðuna í Gautsstaðagróf og þann 24. júlí kom Karen Milek frá háskólanum í Aberdeen, Skotlandi, til að safna jarðvegssýnum til örformgerðargreininga. Greiningarnar verða í höndum Patrycja Kupiec, doktorsnema við háskólann í Aberdeen, greiningunum verða gerð skil í sérstökum undirkafla aftar í þessari skýrslu.




**Mynd 52.** Yfirlitsmynd af rústunum í Gautsstaðagróf. Prufuholur eru teiknaðar inn með rauðum kassa.

Grafið var í fjórar rústir, allar þær er skráðar höfðu verið sumarið 2011. Þegar komið var á vettvang sumarið 2012 fundust þrjár nýjar rústir sem ekki höfðu sést árið á undan og er því heildartala rústa í selstöðunni sjö. Rústirnar þrjár sem bættust við eru allar norðan við þær sem áður höfðu verið skráðar og mjög vel grónar sinu sem gæti e.t.v. skýrt hvers vegna þær sáust ekki í fyrstu atrennu en auk þess getur hafa skipt verulegu máli að sumarið 2011 var komið að selstöðunni úr suðri, seinni part dags en í ár var gengið beint af augum, frá þjóðveginum um Helgafellssveit áleiðis í Stykkishólm, og komið að selstöðunni úr norðri snemma morguns. Þar sem ekki var

grafið í neina af hinum nýskráðu rústum verður ekki fjallað sérstaklega um þær hér en uppfærð fornleifaskrá fyrir Gautsstaðagróf birtist aftan við skýrslu þessa.

Áður en hafist var handa við uppgröftinn var sett út hnitakerfi fyrir rústirnar og ákveðinn hæðarpunktur sem mældur var með GPS-mælitæki 80 m yfir sjávarmáli. Allar rústir selstöðunnar voru svo teiknaðar eftir hnitakerfinu í mælikvarðanum 1:100 og plan- og sniðteikningar þar sem við átti í mælikvarðanum 1:20.

### 5.1 Prufuhola 1

Þessari prufuholu var valinn staður í stærstu rúst selstöðunnar, ef frá er talin meint kvíarúst, sem fyrirfram var talið að væri aðalíveruhús selstöðunnar. Prufuholan var 1x1 m að stærð og sett niður í miðju rústarinnar. Þegar komið var niður úr grasrótinni var komið niður á torfhrun sem líklega hefur tilheyrt þaki rústarinnar og/eða veggjum hennar. Í hliðum prufuholunnar, sérstaklega í vestursniðinu, mátti sjá móta fyrir torfhnausum þar sem skiptust á ljós- og dökkbrún moldarlög, skotin gráum, eða svörtum slikjum auk rauðleits lags. Sýnir það að torfið hefur verið tekið úr mýrlendi sem nokkuð rík hefur verið af járni, líklega mýrlendinu skammt frá selstöðunni. Ekki fundust neinir steinar í veggjum þessarar rústar og má af því álykta að rústin hafi verið gerð einvörðungu úr torfi.



**Mynd 53.** Prufuhola 1 í rúst 3 á meðan rannsókn stendur. Greinilega sjást torfhnausar í A-hluta prufuholunnar (Ljósm. SEC).

Á um 35 sm dýpi var komið niður á gólflag eða réttara sagt slitrur af gólflagi því það var ekki samfellt en greinilegast var það þó í austursniði prufuholunnar. Gólflagið var dökkbrúnt lífrænt lag skotið viðarkolum sem þó voru ekki það mörg eða mikil um sig að ætla mætti að eldur hafi brunnið í húsinu heldur er líklegra að viðarkolin hafi borist inn í húsið með mönnum. Fyrir ofan gólflagið mátti sjá smá slitrur af mannvistarlagi sem blandað var einstaka viðarkolum. Í austursniði prufuholunnar afmarkaðist gólflagið að hluta til af oxaðri járnlinsu. Erfitt er að skýra




**Mynd 54.** Prufuhola I í rúst 3. Sniðteikning. Á myndinni sést einnig hvar sýni voru tekin til örformgerðargreininga.

tilurð hennar en mögulega ná greiningar á jarðvegssýnum úr prufuholunni að skýra hana með einhverjum hætti. Undir gólflaginu í botni prufuholunnar, á um 40 sm dýpi, var að finna rauðbrúna mold sem blönduð var litlum steinvölum.

Alls voru tekin þrjú jarðvegssýni úr prufuholunni (sýni nr. 1-3) en af þeim eru tvö ætluð til örformgerðargreininga. Viðarkolum var safnað úr gólflaginu, auk þess sem eitt viðarkolasýni var tekið úr jarðvegi sem lá yfir og á milli slitranna af gólflaginu. Viðarkolin sem söfnuðust voru þó öll mjög smá og gæti því reynst örðugt að greina þau þótt reynt yrði.

Í ljósi þeirra niðurstaða sem prufuholan gaf er tilefni til að endurskoða fyrri túlkun rústarinnar. Rústin hafði áður verið túlkuð sem aðalíveruhús selstöðunnar en lítilfjörlegar slitrur af gólflagi og hið litla magn af viðarkolum sem fannst í prufuholunni benda til þess að ekkert eldstæði hafi verið í húsinu. Mögulegt er að mokað hafi verið reglulega út úr húsinu meðan það var í notkun en líklegra er þó að húsið hafi ekki verið mannabústaður heldur einhvers konar geymsla eða hús þar sem ákveðin vinnsla fór fram. Örformgerðargreiningar á jarðvegssýnum úr prufuholunni geta þó mögulega skorið úr um þetta atriði. Þó svo að prufuholan geti aðeins varpað ljósi á hluta rústarinnar má þó einnig segja að ef þak hefur verið á rústinni hefði verið líklegt að a.m.k. ein stoð hefði verið í henni miðri en þess sáust engin merki í prufuholunni. Mætti því ætla að hafi þak verið á húsinu hafi umbúnaður þess verið með öðrum hætti, t.d. stoðir í hornum rústarinnar, eða þá að ekkert þak hafi verið á rústinni

en þar sem torfhrun úr þaki hússins fannst í prufuholunni er seinni möguleikinn þó ekki eins líklegur.

### 5.2 Prufuhola 2

Prufuhola 2 var staðsett í þeirri rúst selstöðunnar sem syðst er á svæðinu. Vegna stærðarinnar, eða öllu heldur smæðarinnar, en rústin mældist um 2,5x2,5 m, var talið að ekki væri um hefðbundinn mannabústað að ræða heldur að rústin hafi verið geymslu- eða vinnsluhús af einhverjum toga. Prufuholan var tekin í miðju rústarinnar og náði hún yfir mest allt innra rými hennar. Undir grasrótinni var fljótlega komið niður á torfhrun sem líklega hefur verið úr þaki og veggjum. Veggirnir voru vel varðveittir á um 25 sm dýpi. Veggirnir voru úr torfi aðallega en að innanverðu voru þeir styrktir með grjóthleðslu. Smágrýti efst í veggjunum en neðar voru steinarnir nokkuð voldugri, um 20 sm á kannt. Ekki var hægt að greina torfhnausa líkt og í prufuholu 1.



**Myndir 55-56.** Prufuhola 2 á meðan rannsókn stendur. Til vinstri gefur að líta fjölina sem fannst í prufuholunni ásamt því að sjá má steina sem tilheyra norður og austur veggjum prufuholunnar. Til hægri má sjá steina í vegg og torfvegg vinstra megin en hægra megin hrun úr þaki. Ef myndin prentast vel má sjá slitrur af gólflagi þar undir (Ljósm. SEC).

Í þakhruninu fundust tveir gripir, járnnagli og viðarfjöl sem ísett var nokkrum nöglum. Viðarfjölin mældist 30x10 sm og hefur líklega verið, ásamt járnnaglanum sem fannst, hluti af innri gerð hússins, hugsanlega hluti af þakumbúnaði. Viðarfjölin var þó það illa farið að þegar hún var tekin upp var ljóst að ekki yrði hægt að bjarga henni og var henni því fargað. Undir torfhruninu var komið niður á nokkuð heillegt gólflag sem þó var greinilegast í SA-hluta prufuholunnar. Gólflagið var dökkgrátt, leirkennt og í því var nokkuð mikið af lífrænum leifum. Ekki vottaði þó fyrir viðarkolum í gólflaginu. Neðst í prufuholunni var komið niður á samskonar jarðveg og í prufuholu







**Myndir 57-58.** Efri: Sniðteikning af prufuholu 2 í rúst 1. Á myndinni sést einnig hvar sýni voru tekin til örformgerðargreininga. Neðri: Planteikning af prufuholu 2 í rúst 1 á meðan rannsókn stóð yfir sem sýnir betur staðsetningu fjalarinnar.

1, þ.e. brúna mold sem blönduð var litlum steinvölum, en rétt fyrir ofan það var óhreyfður lífrænn jarðvegur.

Tvö jarðvegssýni voru tekin úr suðurprófíl prufuholunnar (sýni nr. 9-10) en af þeim verður eitt valið til örformgerðargreiningar sem hugsanlega getur varpað frekara ljósi á hlutverk hússins.

Ekki virðist að svo stöddu tilefni til að endurskoða túlkun rústarinnar. Rústin hefur ekki verið mannabústaður, þar hefur ekki verið eldstæði og því er líklegt að rústin hafi þjónað þeim tilgangi að vera geymsla af einhverjum toga. Eins og áður sagði eru gripirnir tveir sem fundust líklega úr þaki hússins og geta ekki varpað neinu frekara ljósi á hlutverk þess.

### 5.3 Prufuhola 3

Þessari prufuholu var valin staðsetning í þá rúst sem talin var vera kvíarúst og var tilgangur hennar aðallega að skera úr um hvort svo hafi verið. Ákveðið var að setja prufuholuna niður í u.þ.b. miðja rústina að innanverðu en prufuholan var eins og aðrar á svæðinu 1x1 m að stærð og náði inn á vegginn að austanverðu.

Þegar komið var í gegnum grasrótina var komið niður á moldarlag sem blandað var torfi og í austurhluta prufuholunnar mátti greina hvar mótaði fyrir vegg. Ekki var þó um greinilega hnausa að ræða líkt og í prufuholu 1 en torfið var þó svipað að samsetningu. Undir veggnum var steinn um 20 sm á kannt en veggurinn hefur líklega verið þannig úr garði gerður að steinaröð hefur verið neðst en torf blandað öðrum jarðvegi sett ofan á vegginn. Á um 30 sm dýpi var komið niður á það sem virtist vera gólflagið í rústinni, dökkgrátt, lífrænt og leirkennt lag. Í laginu voru ekki viðarkol en þó var það smáskotið viðarkolasmiti sem líklega hefur borist inn í húsið með mönnum. Gólflagið virtist liggja í einskonar rás eftir miðju hússins en þó var ekki hægt að koma auga á að grafið hefði verið niður fyrir rásinni. Þó má e.t.v. segja sem svo að gólfið hafið verið niðurgrafið að einhverju leyti þar sem gólfið var fyrir neðan steininn sem tilheyrði botninum á veggnum. Úr þessu lagi og lögunum í kring voru tekin tvö jarðvegssýni (sýni nr. 7-8) og verður annað þeirra valið til örformgerðargreiningar. Auk þessa var tekið eitt viðarkolasýni úr gólfinu í miðju rústarinnar.



**Mynd 59.** Prufuhola 3 í rúst 4 vel á veg komin. Fjærst á myndinni má sjá steina sem tilheyra öðrum langvegg rústarinnar en næst má sjá steina sem hugsanlega hafa tilheyrt millivegg.

Í suður og austurhluta prufuholunnar var komið niður steina og torf sem virtust annað hvort geta verið úr hruni veggja og þaks eða þá að þeir hafi verið hluti af




**Myndir 60-61.** Efri: Sniðteikning af prufuholu 3 í rúst 4. Á myndinni sést einnig hvar sýni voru tekin til örformgerðargreininga. Neðri: Planteikning af prufuholu 3 í rúst 4 á meðan rannsókn stóð yfir.

millivegg í rústinni. Á yfirborði rústarinnar hafði mátt sjá móta fyrir þúfum á þessum stað og hugsanlegt er því að torfið og grjótið sem fannst séu leifar af millivegg sem markaði einhvers konar herbergjaskipan í rústinni. Til að skera endanlega úr um það hefði þurft að stækka prufuholuna lengra til suðurs og austurs. Neðst í prufuholunni var ekki um að ræða samskonar lag og var í hinum prufuholunum heldur blautt, lífrænt lag, skotið járnútfellingum. Skýrist þetta líklega af því að flestar rústir selstöðunnar liggja á smávegis upphækkun úr mýrinni sem liggur við rústasvæðið en þessi rúst liggur mun neðar og að hluta til ofan í henni.

Prufuholan staðfesti að um rúst er að ræða og líklega skepnuhús. Ekki liggur ljóst fyrir hvort þak hafi verið á húsinu en torfhrunið inni í rústinni bendir til þess að það sé ekki útilokað þó svo að engin merki þakumbúnaðar hafi fundist í prufuholunni.

Mögulega hefur rústinni verið skipt í tvö rými, hið innra og hið ytra, en ekki liggur fyrir hver hugsanleg ástæða þessa hefur verið. Eins og áður sagði er líklegt að um skepnuhús hafi verið að ræða og áður en rannsóknir sumarsins hófust hafði umrædd rúst verið túlkuð sem kvíar. Ein þeirra rústa sem bættist við selstöðuna þegar komið var á vettvang sumarið 2012 er að öllum líkindum einnig kvíar (sjá rúst 7 á mynd 51). Í þessu ljósi mætti því e.t.v. endurskoða túlkun rústarinnar sem grafið var í en þá kemur einkum tvennt til greina. Í fyrsta lagi getur verið að báðar rústirnar hafi verið kvíar en séu ekki samtíða, tilheyri jafnvel hvor sinni kynslóð selstöðunnar. Annar möguleiki er að rústin sem grafið var í hafi verið hagafjós, þ.e. fyrir kýr en ekki fyrir sauðfé. Rásin eftir endilangri rústinni gæti einmitt bent fremur til þessa möguleika. Örformgerðargreiningar á jarðvegssýni úr rústinni geta e.t.v. skorið úr um þetta atriði.




**Mynd 62.** Sniðteikning prufuholu 4 í rúst 2. Á myndinni sést einnig staðsetning þeirra örformgerðarsýna sem tekin voru.

## 5.4 Prufuhola 4

Prufuhola 4 var staðsett í minnstu rústina á svæðinu, um 2,5x2 m að stærð, er rústin minnti mjög á þá sem prufuhola 2 var tekin í. Staðsetningin var einkum valinn staður til að freista þess að finna þá rúst selstöðunnar sem eldstæði hefur verið í þar sem ekkert eldstæði hafði fundist í hinum rústunum þremur. Prufuholan var staðsett í miðju rústarinnar og náði hún yfir nær allt innra rými hennar.

Undir grasrót var fljótlega komið niður á mold sem var blönduð torfflyksum. Líklega er um að ræða hrun úr veggjum og/eða þaki hússins. Í suðvesturhorni



**Mynd 63.** Prufuhola 4 í rúst 2 komin vel á veg. Til vinstri á myndinni sést steininn sem fannst í prufuholunni og hefur líklega haft eitthvað hlutverk sem tengist því starfi sem fór fram í húsinu (Ljósm. SEC).

prufuholunnar kom í ljós torfveggur sem virðist hafa verið eingöngu úr torfi því engir steinar fundust í veggnum eða við hann. Hefur byggingin því verið meira í líkingu við þá rúst sem prufuhola 1 var grafin í. Þegar grafið var neðar í prufuholuna kom í ljós linsa af ljósgráum jarðvegi og beint undir henni ljósgrátt og ljósgult lífrænt lag sem líklega hefur verið gólfið í rústinni. Engin viðarkol fundust þó í rústinni eða nokkuð sem benti til þess að eldstæði hafi verið í henni. Í miðri rústinni var þó nokkuð gerðarlegur jarðfastur steinn sem var nærri því alveg flatur að ofanverðu en flöturinn var um 20x15 sm. Steininn var auk þess dálítið rispaður að ofan, líkt og eftir hníf eða slíkt hugsanlega, sem gæti bent til þess að hann hafi verið notaður í einhverjum sérstökum tilgangi. Í botni prufuholunnar var dökkbrún mold sem blönduð var smáum steinvölum líkt og fannst í botnum prufuhola 1 og 2.

Þrjú jarðvegssýni voru tekin úr suðurprófíl rústarinnar (sýni nr. 4-6) og verða tvö þeirra líklega vain til örformgerðargreiningar. Þær greiningar munu hjálpa til við að varpa ljósi á hlutverk rústarinnar en að svo stöddu má segja að þar hefur eldur ekki brunnið og rústin hefur að öllum líkindum verið geymsla eða, það sem líklegra er, hýst einverja sérstaka vinnslu þar sem jarðfasti steininn hefur komið við sögu.

### 5.5 Örformgerðargreiningar á jarðvegssýnum

Eins og fram kom hér að ofan voru tekin jarðvegssýni til örformgerðar-greiningar úr öllum fjórum prufuholunum í Gautsstaðagróf en engum sýnum var safnað úr prufuholunum á Seljum sökum þess hversu illa minjarnar voru varðveittar. Sýnin voru send út til háskólans í Aberdeen í Skotlandi til Patrycja Kupiec, doktorsnema í fornleifafræði, í desember 2012 en niðurstaðna úr greiningunum er að vænta í fyrsta lagi á vormánuðum ársins 2013. Þar sem ekki náðist að greina sýnin og birta


**Mynd 64.** Karen Milek og Ásta Hermannsdóttir við sýnatökur til örformgerðargreininga í prufuholu 2 í rúst 1 (Ljósm. SEC).

niðurstöðurnar áður en skýrsla þessi er rituð verður umfjöllun um þær að bíða næstu skýrslu. Greining örformgerðarsýnanna er hluti af doktorsverkefni Patrycja Kupiec en meðal þess sem hún rannsakar sérstaklega í verkefninu eru örformgerðarsýni úr seljum á Íslandi. Þökkum við henni kærlega fyrir að hafa boðið okkur að vera hluti af þessu verkefni hennar.

### 5.6 Samantekt

Eins og fram kom hér í upphafi þessarar umfjöllunar tókust öll meginmarkmið rannsóknanna í Gautsstaðagróf og gott betur en það því eins og áður hefur komið fram fjölgaði rústunum í Gautsstaðagróf um þrjár þegar komið var á vettvang sumarið 2012.

Rannsóknir sumarsins staðfestu sumar af þeim hugmyndum sem rannsakendur höfðu um selstöðuna fyrir en í sumum tilvikum er tilefni til að endurskoða fyrri túlkanir. Í megindráttum má segja að sú túlkun að hér hafi verið haft í seli sé staðfest því ekkert í rannsóknunum benti til þess að þetta hafi verið býli í hefðbundnum skilningi, hvað þá eitthvað annað. Segja má að með þessari túlkun sé einnig varpað ljósi á hvar hið meinta eyðibýli Gautsstaða er að finna en rannsakenndur

telja að vart komi annar staður til greina en staðsetningin sem bent var á í fyrri skýrslu. Sá staður er í næsta nágrenni, um 100 m norðvestar, utar í grófinni og hinum megin við litla lækinn.

Að sama skapi virðist ekki vera tilefni til að endurskoða túlkun á aldri selstöðunnar en talið var að hér hafi verið haft í seli a.m.k. frá miðri 13. öld og hugsanlega fram til loka þeirrar 17 eins og kemur fram í rituðum heimildum (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:577; *JÁP* 1931-33:327) en talið var að selstaðan væri fremur eldri en yngri. Byggingarefni rústanna sem í tveimur tilvikum virðist hafa verið eingöngu torf styrkir þá tilgátu. Ekki er þó hægt að fá fyllilega úr aldrinum skorið nema með því að láta greina aldur þeirra viðarkola sem fundust í prufuholunum en til stendur að láta þær greiningar fara fram fáist til þess fjármagn aukalega.

Hinar þrjár rústirnar sem bættust við selstöðuna nú í sumar gefa þó tilefni til að endurskoða fyrri túlkanir um að einungis hafi verið um eina kynlsóð selja að ræða í selstöðunni. Rústirnar sjö eru heldur fleiri en í flestum þeim selstöðum sem skráðar hafa verið í Helgafellssveit og nú í Eyrarsveit og því má spyrja hvort ekki komi til greina að a.m.k. tvær kynlóðir selja hafi verið á þessum stað og margt bendir í raun til þess að svo hafi verið. Þar kemur til einkum fjöldi rústanna sem áður var vikið að en auk þess má segja að tvær rústanna séu kvíarústir sem varla hafa verið samtíða nema að umfang seljabúskaparins hafi verið meira en áður var talið. Þó svo að byggingarefni þeirra rústa sem rannsakaðar voru virðist hafa verið svipuð eru þó aðeins tvær þeirra gerðar úr torfi og grjóti, rústir 2 og 3, en í rúst 1 voru grjóthleðslur í veggnum að innanverðu. Vafasamt er þó að segja sem svo að eingöngu aldur geti skýrt þetta mismunandi byggingarlag. Hlutverk hinna einstöku rústa getur allt eins hafa verið ástæða þess að styrkja þurfti sumar rústir sérstaklega að innanverðu með grjóti. Þá skal einnig haft í huga að hér að ofan var nefndur sá möguleiki að önnur kvíarústin gæti hæglega fremur hafa verið hagafjós en kvíar. Í þessu sambandi má nefna að í *Jarðabókinni* frá lokum 18. aldar kemur fram að Staðarbakki hafi átt skipsuppsátur og búð í Höskuldsey gegn selstöðu sem Höskuldseyingar hafi átt í Staðarbakkalandi (*JÁP* 1931-33:327). Hugsanlegt er því að umfang seljabúskaparins hafi verið með stærra sniði í Gautsstaðagróf vegna þess að þar var selstaða ekki eins heldur tveggja bæja, Staðarbakka og Höskuldseyjar. Þetta eru þó einungis getgátur. Aldursgreiningar á viðarkolum úr tveimur prufuholanna gætu leitt í ljós hvort rústirnar eru samtíða eður ei.

Einni spurningu varðandi selstöðuna í Gautsstaðagróf er þó ósvarað enn. Það er spurningin um það hvar aðalíveruhús selstöðunnar hafi verið því ekki fundust óyggjandi merki um eldstæði í neinni hinna fjögurra prufuhola sem grafnar voru. Viðarkol fundust þó í nokkrum prufuholanna sem bendir til þess að eldur hafi brunnið í næsta nágrenni en spurningin er þó hvar? Vel getur verið að önnur hvor hinna tveggja órannsökuðu rústa, að kvíarústinni frátalinni, sem fundust sumarið 2012 hafi verið aðalíveruhúsið og að eldstæði finnist þar, sé eftir því leitað. Þá má einnig velta upp þeim möguleika að seljabúskapurinn hafi verið með þeim hætti hér að ekki hafi verið hafst við í húsunum yfir nóttina heldur ferðast milli bæjar og sels bæði kvölds og morgna en vegalengdin er um 3,8 km sem telja má heldur langt ferðalag auk þess sem greinilegt er að eldstæði hefur verið einhvers staðar á svæðinu, þótt það hafi ekki fundist enn. Erfitt verður að skera úr um þessa hluti nema með frekari rannsóknum á svæðinu.

# 7 Samantekt og umfjöllun

Eins og áður kom fram voru skráðar alls 38 fornleifar í 12meintum selstöðum sumarið 2012. Þessum selstöðum var öllum lýst hér að ofan og fjallað var nokkuð ítarlega um hverja þeirra. Í þessum hluta verður gerð tilraun til að lýsa meginatriðum seljabúskaparins í Eyrarsveit og hann borinn saman við seljabúskapinn í Helgafellssveit sem og annars staðar á Íslandi og í nágrannalöndunum. Svipaður kafli birtist í skýrslu rannsóknarinnar fyrir sumarið 2011 og verður því óhjákvæmlega nokkuð um tvítekningar hér.

## 7.1 Rústirnar

Í töflu 1 má sjá tölulega samantekt um helstu atriði hverrar selstöðu fyrir sig. Fjöldi þeirra fornleifa sem skráður var á hverjum stað er mismunandi og á tveimur stöðum fundust ekki fornleifar, í Lárdal og í Kálfadal, en vegna nokkuð áreiðanlegra ritaðra heimilda hafa þeir verið teknir með í upptalninguna. Segja má að í Eyrarsveit sé meðaltala rústa í seli því þrjár rústir. Þetta er svipuð tala og fékkst fyrir Helgafellssveit, þó eilítið lægri þar sem meðaltal rústa í seli reyndist vera 3-4 rústir. Þó ber þess að geta að dreifing rústanna í seljunum er miklu jafnari í Eyrarsveit heldur en í Helgafellsveit

| Heiti | Fjöldi rústa | M.y. sjó | Frá hvaða bæ? | Áætlaður aldur | Fjarlægð frá bæ | Verður selið að býli? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Berserkseyrarsel | 1 | 66 | Berserkseyri | 1550-1900 | 0,5 km | Já, Berserks-eyrarkot |
| Kolgrafarsel | 4 | 55 | Kolgrafir | 1550-1900 | 5,7 km | Já, Kolgrafarsel |
| Eyrarsel | 3 | 40 | Hjallbjarnareyri | 1550-1900 | 13,5 km | Nei |
| Grundarsel | 2 | 176 | Grund | 1550-1900 | 2,5 km | Nei |
| Kálfadalur | 0 | 80 | Hallbjarnareyri | -1900 | 3 km | Nei |
| Fossafjall 1 | 3 | 157 | Setberg | 1550-1900 | 6,5 km | Nei |
| Fossafjall 2 | 4 | 154 | Setberg | 1550-1900 | 6,5 km | Nei |
| Setbergssel | 2 | 139 | Setberg | -1550 | 6,2 km | Nei |
| Kvernársel | 4 | 205 | Kverná | 1550-1900 | 1,6 km | Nei |
| Gilssel | 4 | 70 | Kverná | 1550-1900 | 0,9 km | Nei |
| Grafarsel | 2 | 184 | Gröf | 1550-1900 | 2,5 km | Nei |
| Kirkjufellssel | 5 | 89 | Kirkjufell | 1550-1900 | 1,7 km | Nei |
| Lárdalssel | 0 | 30 | Lá | -1900 | 1,5 km | Nei |
| Látravíkursel | 2 | 163 | Látravík | 1550-1900 | 0,5 km | Nei |

**Tafla 1.** Samantekt yfir nokkur atriði í öllum þeim selstöðum sem kannaðar voru sumarið 2012.

þar sem allt að 12 rústir voru í sömu selstöðunni, þó líklega frá a.m.k. tveimur kynslóðum selja.

Þessi tala, þrjár til fjórar rústir í seli, kemur vel heim og saman við margar aðrar selstöður sem skráðar hafa verið. Sem dæmi má nefna selstöður sem skráðar hafa verið í Reykjanesbæ, þar sem rústirnar eru yfirleitt á bilinu 2-4 (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2008), í Seljadal þar sem þær eru á bilinu 2-6 (Ásta Hermannsdóttir 2009) og selstöður rannsakaðar í verkefni sem náði til Skagafjarðar,

Berufjarðar og undir Eyjafjöllum þar sem rústirnar voru vanalega 1-2 og skiptust upp í alls 3-4 rými (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991:91).

Í BA ritgerð í fornleifafræði sem skrifuð var við Háskóla Íslands tók Albína H. Pálsdóttir saman upplýsingar um þær selstöður sem skráðar höfðu verið með svokallaðri aðalskráningu. Í þess háttar skráningu er fyrst og fremst stuðst við ritaðar heimildir til að finna mögulegar fornleifar og þær síðan staðsettar á vettvangi. Könnunin náði alls til 209 selstaða einkum á Norðurlandi og Suðvesturlandi. Af þessum 209 selstöðum voru í 72% tilvika á bilinu 1-3 rústir í hverri selstöðu en á 95 stöðum var aðeins að finna eina rúst, þó oft marghólfa (Albína H. Pálsdóttir 2005:44). Af þessu má sjá að sé einungis horft á fjölda þeirra rústa sem finnast í hverri selstöðu virðast selin í Eyrarsveit falla vel að því mynstri sem þekkist annars staðar á landinu.

Enn fremur virðist sem svo að þetta mynstur eigi einnig við í Noregi og í Færeyjum. Í fornleifarannsóknum sem gerðar hafa verið á selstöðunni Argisbrekku við Eiðisvatn í Færeyjum eru rústirnar margar en Ditlev Mahler, sem rannsakað hefur rústirnar, telur að aðeins hafi 2-3 hús verið í notkun í einu en alls hafi verið um 12 mismunandi skeið eða kynslóðir á staðnum (Mahler 2007:260-264). Í Noregi má segja að algengt hafi verið að herbergin í selstöðunni væru tvö til fjögur, en fjöldi húsa var þó breytilegur eftir því með hvaða hætti selstaðan var nýtt (Reinton 1976).

Í þeim fáu ritheimildum sem til eru um seljabúskap kemur fram að húsin í selinu hafi verið fá eða á bilinu tvö til þrjú. Í *Laxdæla sögu* segir frá seljabúskap Bolla Þorleikssonar með eftirfarandi hætti: „Selin váru tvö, svefnsel ok búr“ (*Íslendinga sögur* IV:170). Er þetta í eina skiptið í *Íslendingasögunum* sem tala húsa í seli er nefnd. Þýski sagnfræðingurinn Egon Hitzler kannaði ritaðar heimildir um seljabúskap á Íslandi frá miðöldum og komst að þeirri niðurstöðu að þegar ritheimildirnar nefna hús í selstöðu hafi í raun verið um herbergi í húsalengju fremur en aðskilin hús að ræða (Hitzler 1979:72). Reyndar má deila um hvort Hitzler sé að öllu leyti treystandi því í umfjöllun sinni um selstöður nefnir hann að eitt form seljabúskapar hafi verið í hellum (Hitzler 1979). Myndirnar sem hann birtir með þeirri umfjöllun sýna hins vegar að viðkomandi hellar eru fjárból en þau eru vel þekkt frá seinni tíð og allt annars eðlis en sel (sjá t.d. Jónas Jónasson 1945:99).

Undir lok 18. aldar skrifaði Guðlaugur Sveinsson, prestur í Vatnsfirði, grein í *Tímarit hins íslenzka bókmenntafélags* þar sem hann hvatti aðra bændur til þess að taka

upp seljabúskap. Þar segir Guðlaugur að sumir hafi selhúsin tvö, svefnhús og eldhús, en bætir því við að sér þyki þó betra að hafa húsin þrjú; svefnhús, eldhús og búr (Guðlaugur Sveinsson 1786:201-202). Hér ber þó að hafa í huga að þótt Guðlaugur nefni þrjú hús er ekki víst að hann eigi við þrjú sérstök hús heldur má allt eins telja, miðað við þá húsagerð sem tíðkaðist á 18. öld, að Guðlaugur eigi hér við þrjú sambyggð hús eða eina húsalengju með þremur aðskildum herbergjum.

Í rannsóknunum í Helgafellssveit kom í ljós að á flestum þeim stöðum sem skoðaðir voru var ein rústanna áberandi stærst og skiptist hún í fleiri rými eða herbergi, yfirleitt þrjú eða fjögur, sem láu samsíða og í umfjöllun um þær rústir voru þær jafnan verið kallaðar „aðalrústirnar“ í selinu og túlkaðar sem aðalíveruhúsið í selinu. Þessar marghólfa rústir fundust í 14 af þeim 18 selstöðum sem skráðar voru í Helgafellssveit. Í Eyrarsveit má segja að þessar marghólfa rústir séu allsráðandi og fundust í öllum selstöðum þar sem rústir voru á annað borð sýnilegar með einni mögulegri undantekningu þó, í Kirkjufellsseli. Aðalrústirnar í Eyrarsveit eru þó nokkuð frábrugðnar þeim sem fundust í Helgafellssveit að því leiti að í Helgafellssveit var vanalega um eina langa rúst að ræða þar sem herbergin lágu samsíða en í Eyrarsveit er ekki alltaf um langar rústir að ræða heldur minnir herbergjaskipanin fremur á bæjarhús þar sem rýmin raðast saman í einn hnapp. Ekki virðist auðvelt að koma auga á ástæðu þess að þetta misræmi í byggingarstíl virðist vera á milli sveitanna tveggja. Mætti þó helst nefna að í Eyrarsveit getur sunnanáttin oft verið ansi slæm og mætti gera sér í hugarlund að betra hafi verið að byggja íveruhúsin í einum hnapp til að þola betur veðurofsann og húsin gætu þar með staðið af sér veturinn. Það sem gæti einnig styrkt þessa tilgátu er að nánast undantekningarlaust eru selstöðurnar í Eyrarsveit staðsettar þannig í landslaginu að þær fái sem best skjól fyrir sunnanáttinni.

Eins og áður hefur komið fram finnast þessar umtöluðu aðalrústir ekki eingöngu á norðanverðu Snæfellsnesi heldur um allt land sums staðar eru slíkar rústir aðaleinkenni seljanna. Af fimm skráðum selstöðum í landi Reykjanesbæjar voru slíkar marghólfa rústir í þremur en í hinum tveimur voru tveggja hólfa rústir (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2008). Í rannsókn Guðrúnar Sveinbjarnardóttur á selstöðum á þremur svæðum á Íslandi var svipaða sögu að segja þótt þessar margskiptu rústir hafi ekki verið eins algengar og í Helgafellssveit þar sem þær eru nánast allsráðandi (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991:91). Í BA-ritgerð Albínu H. Pálsdóttur um

selstöður, sem áður var vikið að, var tekinn saman heildarfjöldi hólfa eða herbergja í þeim selstöðum sem könnunin náði til. Þar komst höfundur að þeirri niðurstöðu að meðalfjöldi hólfa eða herbergja í selstöðunum væri fimm, en lang flest selin höfðu þrjú hólf (Albína Hulda Pálsdóttir 2005:45).

Í fyrri skýrslu var sá möguleiki reifaður hvort hugsanlega mætti nota gerðfræði íslenska torfbæjarins til að skýra mun á selstöðum sem annaðhvort innihalda hinar marghólfa rústir eða ekki. Þó að nýlega hafi verið settar fram tilgátur um mun flóknari mynd af þróun íslenskra torfhúsa en áður hefur verið talið (sjá t.d. Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag 2011) eru meginlínurnar þó þær að á elstu bæjarstæðunum er að finna mörg lítil stök hús ásamt skála, líkt og á bæjarstæðum Hólms í Laxárdal á Suðausturlandi (Bjarni F. Einarsson 2008) og í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp (Karen Milek 2008:50) svo einhver dæmi séu tekin. Eftir því sem fram liðu stundir sameinuðust litlu smáhýsin bæjarhúsunum og á endanum varð til gangabærinn (sjá t.d. Hörður Ágústsson 1987; Guðmundur Ólafsson 1982). Í þessu samhengi var sett fram sú tilgáta að í elstu seljunum sé um að ræða fremur minni stakar rústir heldur en stærri marghólfa. Nýlegar fornleifarannsóknir sem gerðar hafa verið á fornum selstöðum virðast styðja þessa tilgátu. Sumarið 2005 voru rannsakaðar í tengslum við mótvægisaðgerðir vegna virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka svokallaðar Pálstóftir. Stjórnandi uppgraftarins, Gavin Lucas (2007), taldi að þar hefði verið selstaða sem byggðist upp um miðja 10. öld en að hún hefði verið yfirgefin í lok þeirrar 11. Líklega hefur verið um tvö byggingarskeið eða kynslóðir selja að ræða. Í fyrri kynslóðinni er um að ræða mannabústað, lítið afhýsi og líklega skepnuhús en á því seinna hefur einu rými verið bætt við mannabústaðinn.

Önnur nýlega rannsökuð selstaða við Fossá við Úlfljósvatn hefur sömu sögu að segja. Við Fossá samanstendur selstaðan af þremur rústum, tveimur ámóta stórum eða 8x14 m að stærð og einni minni. Prufuholur voru grafnar í selstöðuna haustið 2010 og leiddu þær í ljós að annað stærri húsanna hefur verið mannabústaður en selstaðan hefur líklega verið í notkun á seinni hluta 10. aldar eða í byrjun þeirrar 11. (Bjarni F. Einarsson 2010). Að seinustu má nefna að hið sama virðist vera uppi á teningnum í Argisbrekku í Færeyjum. Selstaðan sem aldursgreind er til 10. og 11. aldar samanstendur af tveimur til þremur smáum húsum í hverri kynslóð (Mahler 2007).

Hvað selstöðurnar í Helgafellssveit varðar má segja að þær sem skráðar voru á Seljum, í Gautsstaðagróf og í Hraundal sem og selstaða Aukureyja í Selhólum hafi allar verið túlkaðar sem þær elstu sem skráningin þar náði til en í öllum ofangreindum selstöðum voru rústirnar margar og stakar og engin marghólfa rúst. Spurningin er því nú hvort selstöðurnar í Eyrarsveit passi inn í þessa mynd, og á hvernig.

Líkt og áður kom fram eru selstöðurnar í Eyrarsveit nánast undantekningarlaust með eina marghólfa aðalrúst, aðeins selstaða Kirkjufells getur talist sem samsett úr mörgum litlum rústum með einu til tveimur hólfum. Samkvæmt kenningunni hér að ofan ætti því engin þeirra að vera mjög gömul. Þegar aldur rústanna í Eyrarsveit er skoðaður sérstaklega, einkum þegar hann er borinn saman við þær rústir sem fundust í Helgafellssveit, má segja að ekki virðist vera svo ýkja fjarri lagi að áætla sem svo að þær séu allar í yngri kantinum. Byggingarefni rústanna ber einnig vitni um það en í lang flestum tilvikum eru rústirnar gerðar úr blöndu af torfi og grjóti en ætla má að allra elstu rústirnar séu gerðar úr torfi að mestu eða öllu leiti. Þá eru einnig heimildir fyrir seljabúskap í Eyrarsveit mun lengur heldur en í Helgafellssveit en óvíst er hvort nokkur seljabúskapur hafi verið stundaður að ráði í Helgafellssveit eftir aldamótin 1700 en ritaðar heimildir greina frá a.m.k. fimm selstöðum sem flestar fóru í eyði á 19. öld, selstöður Hallbjarnareyrar og Kolgrafa í Eyrarbotni, undir Skjólsteinum, í Lárdal og selstöðu Kirkjufells í Seljadal (*Sýslu- og sóknarlýsingar* 1970:285). Þær rústir sem fundust í þessum selstöðum gætu allar hæglega verið frá lokum seljabúskaparins þar eða frá því snemma á 19. öld. Að þessu leiti virðist því tilgátan um að mismunandi byggingarform rústanna í selstöðunum sé hægt að tengja við aldur minjanna halda fyrir bæði Helgafellssveit og Eyrarsveit. Það er þó ekki þar með sagt að seljabúskapurinn hefjist endilega fyrr í Helgafellssveit en í Eyrarsveit. Á nokkrum selstöðum í Eyrarsveit voru að finna rústir sem rannsakenndur töldu að gætu verið rústir eldri kynslóða selja en til að staðfesta að svo sé þurfa að fara fram frekari rannsóknir með fornleifauppgreftri og mögulega aldursgreiningar á viðarkolasýnum. Auk þessa má benda á að mjög gamlar selstöður sem ekki hafa verið nýttar frá því t.d. eftir 1500 gætu verið fallnar í gleymskunnar dá og því er erfitt að finna þær. Í Eyrarsveit gætu því leynst fjörgamlar selstöður sem ekki hafa fundist.

## 7.2 Selstaða eða býli

Sums staðar getur, og hefur, reynst erfitt að skilja á milli selja og bæja. Sveinbjörn Rafnsson komst svo að orði þegar hann rannsakaði fornar búsetuminjar á Hrafnkelsdal: „Erfitt er að greina milli fastrar búsetu allt árið og tímabundins seljabúskapar af rústunum sem þar sjást. Ekki síst vegna þess að gera má ráð fyrir að þarna hafi verið ýmist bæjar- eða seljabyggð“ (Sveinbjörn Rafnsson 1990:96). Alþekkt fyrirbrigði er að býli byggist upp úr fornum selstöðum og nægir þar að nefna t.d. Seljadal þar sem mörg býli byggðust upp úr fornum selstöðum (Ásta Hermannsdóttir 2009) og þá er einnig algengt að yngri beitarhús séu á þeim stöðum þar sem eitt sinn voru sel. Í Noregi hefur m.a. Bente Magnus glímt við spurninguna um hvort að tiltekinn staður sé selstaða eða býli. Í því tilviki, sem var frá yngri járnöld, var staðurinn að lokum túlkaður sem selstaða því þar hafi ekki fundist smiðja, en smiðja hefur verið hverjum einasta járnaldarbónda lífsnauðsynleg (Magnus 1986). Hér er því hugsanlega komin þægileg leið til að skilja að býli og sel. Þessi aðgreining dugar þó skammt þegar betur er að gáð því dæmi eru um að járnsmíði hafi einnig farið fram í seljum líkt og rannsóknirnar á Argisbrekku (Mahler 2006) og á Pálstóftum (Lucas 2008) hafa leitt í ljós en slík útgerð hefur útheimt smiðju eða einhvern vísi að henni.

Að þessu sögðu mætti því spyrja hvort ekki kæmi til greina að einhver þeirra selstaða sem skráð var í Eyrarsveit hafi fremur verið býli en sel. Staðsetning rústanna, útlit þeirra og samsetning er þó með þeim hætti að afar ólíklegt er að nokkur þeirra hafi fremur verið býli en sel. Þar vegur einna þyngst staðsetning rústanna en afar fáar selstöður í Eyrarsveit eru staðsettar á því sem kalla mætti undirlendi ef frá eru taldar selstöður Kolgrafa og Öndverðar/Hallbjarnareyrar í Eyrarbotni. Allar aðrar selstöður eru í fjallendinu sunnan við bæina í töluverðum bratta þar sem afar snjóþungt hefur verið á vetrum svo að búseta allt árið um kring hefur verið nánast óhugsandi. Þegar selstöðurnar í Helgafellssveit voru skoðaðar með sömu formerkjum kom svipað í ljós, engin þeirra virtist hafa verið fremur býli sen selstaða ef frá er talin selstaðan á Selvöllum en þar var mikill fjöldi rústa á svæðinu, alls 12 talsins, sem gæti bent til þess að fremur hafi verið um bæ en sel að ræða. Örnefnið Selvellir bendir þó óneitanlega til þess að um sel hafi upphaflega verið að ræða sem seinna verði að býli og stendur það heima þar sem býli stóð þar frá miðri 18. öld og fram til 1936 (Guðbrandur Sigurðsson 1957:59). Rústir býlisins eru nokkrar og mjög greinilegar og eru þær ekki taldar með í

fjölda meintra seljarústa á svæðinu. Því er líklegast að mikill fjöldi meintra seljarústa bendi til fleiri en einnar og hugsanlega fleiri en tveggja kynslóða af seljum.

Í Eyrarsveit eru ekki mörg dæmi um að býli byggist upp úr fornum selstöðum. Aðeins eitt öruggt dæmi er um slíkt en það er hjáleigan Kolgrafarsel sem byggist upp úr landi selstöðu Kolgrafa í Eyrarbotni. Hugsanlegt er þó að einnig Berserkseyrarkot hafi tekið við af beitilandi því sem áður hafði verið undir selstöðu Berserkseyrar. Í Eyrarsveit virðist því vera það sama uppi á teningnum og í Helgafellssveit en þar voru einungis fáar selstöður sem byggðust upp sem býli. Á báðum þessum stöðum virðist sem svo að þeir bæir sem byggðu afkomu sýna á hefðbundnum búskap hafi haldist meira og minna þeir sömu í gegnum aldirnar en að sveiflur í byggð hafi orðið að mestu leyti í eyjunum hvað Helgafellssveitina varðar en í þurrabúðum og kotum við strandlengjuna hvað Eyrarsveitina varðar svo sem glögglega má sjá af hinum mýmörgu þurrabúðum og kotum í *Jarðabókinni* (*JÁP* 1931-33:259-309).

## 7.3 Staðsetning seljanna

Hvað varðar staðsetningu og staðhætti þeirra selstaða sem skráðar voru má segja að í flestum atriðum hafi staðarvalið verið svipað. Selin hafa verið sett niður í eignarlandi bæjanna en ekki á afrétti, rétt eins og ákvæði fornra laga kveða á um (*Grágás* 1992). Selin eru alla jafna staðsett upp við fjallsbrúnir, brekkurætur eða í hraunhvömmum þar sem fara saman einkum tveir þættir: gott aðgengi að grösugum högum og innrekstur skepna er auðveldur. Selstöðurnar eru flestar inni í dölum upp til fjalla og heiða, eða á jaðrinum á láglendinu inni í litlum dölum og flest eru selin auk þess staðsett nálægt rennandi vatni. Nokkur spölur hefur þó verið að ná í rennandi vatn bæði frá Grundarseli og Grafarseli en þó ekki ómögulegt. Erfiðast hefur líklega verið að nálgast vatn frá Látravíkurseli.

Eins og kemur fram í töflu 1 hefur fjarlægð selja frá bæ verið misjöfn eða allt frá því að vera nokkur hundruð metar upp í rúmlega 13 km í tilfelli Hallbjarnareyrar sem átti selstöðu inni í Eyrarbotni. Villandi getur þó verið að horfa eingöngu á fjarlægð frá bæ því mörg selin eru staðsett í fjalllendinu og er á nokkrum stöðum tiltöluega örðugt að komast að þeim. Þetta á sérstaklega við um selstöður Grafar uppi á Grundarfjalli en þar þarf að fara upp svokallaða Sneiðinga og selstöðu Látravíkur en þar þarf að fara upp vestan í Víkurgili en í báðum tilvikum hefur verið erfitt að komast

með búfénað, áhöld og vistir í selið. Almennt má þó segja að fjarlægð frá bæjum til selja og leiðin að þeim sé bæði lengri og erfiðari í Eyrarsveit en í Helgafellssveit þar sem fjarlægð bæja frá seljum er víðast hvar tæplega 3 km.

Eitt atriði sem sérstaklega var horft eftir bæði í skráningunni nú sem og sumarið 2011 var hvort og þá hvaða aðföng önnur en beitiland hafa verið lögð selstöðunum til grundvallar. Í Helgafellssveit voru dæmi um að fiskur í vötnum, skógur til kolagerðar og mýrarauði hafi í einhverjum tilvikum verið ákjósanleg aukabúgrein við hinn hefðbundna seljabúskap. Í Eyrarsveit voru selstöðurnar skráðar á vettvangi með sömu spurningar í huga en þar voru oft ekki jafn greinilegar vísbendingar um nýtingu annarra auðlinda ef frá er talin mótekja. Vísbendingar um hana fundust í Kverárseli undir Skjólsteinum, Setbergsseli á Fossafjalli og í Grundarseli en fleiri selstöður eru einnig í mólendi og ekki loku fyrir það skotið að mótekja hafi einnig farið þar fram. Það sem virðist þó ráða mestu um staðsetningu seljanna í Eyrarsveit er að setja húsin niður í góðu skjóli fyrir sunnanáttinni. Þetta á sérstaklega við um selstöðurnar sem staðsettar eru í fjallendinu fyrir ofan Grundafjarðarbæ, þ.e. Grundarsel, Fossafjallsselin, Kvernárselin og Grafarsel.

Að seinustu má nefna að margar þær selstöður sem nú hafa verið skráðar bæði í Helgafellssveit og í Eyrarsveit eru staðsettar nálægt alfaraleiðum. Í seinustu skýrslu var t.d. sagt frá rannsóknum á selstöðu Hrísa í Þórsárdal en gamla alfaraleiðin milli láglendis Helgafellssveitar og Álftafjarðar lá einmitt um Úlfarfellsháls sem liggur skammt frá selinu. Í Eyrarsveit eru a.m.k. þrjár alfaraleiðir sem fara fram hjá selstöðum. Í Eyrarbotni eru selstöður Hallbjarnareyrar og Kolgrafa svo sem áður hefur komið fram. Þar er einnig gömul alfaraleið upp úr Eyrarbotni og inn í Hraunsfjörð í Helgafellssveit sem og leið á milli Eyrarsveitar og Staðarsveitar um Slitvindaskarð. Önnur leið lá frá Eyrarsveit og yfir í staðarsveit en hún lá upp Arnardalinn og þaðan yfir á sunnanvert Snæfellsnesið, skammt frá seljum Kvernár og Setbergs á Fossafjalli. Þetta er atriði sem þyrfti e.t.v. að kanna betur með frekari rannsóknum.

## 7.4 Hugmyndir manna um seljabúskap

Í seinustu skýrslu var endað á almennri umfjöllun um seljabúskap á Íslandi, hverjar hugmyndir manna hafa verið um hann og hvernig þær selstöður sem skráðar voru í Helgafellssveit pössuðu inn í þá mynd sem dregin var upp. Hér birtist sá kafli aftur lítillega breyttur í takt við það sem rannsóknir sumarsins hafa náð að bæta við.

Seljabúskapur er vanalega talinn hafa borist hingað til lands með landnámsmönnum frá Noregi þar sem hann hafði verið stundaður allt frá yngri járnöld (600 - 1050 e. Kr.). Fyrrum var einnig talið að seljabúskapur hefði ekki borist til Færeyja en fornleifarannsóknir í Argisbrekku hafa nú staðfest að sú ályktun er röng og hefur seljabúskapur því líklega verið stundaður einnig þar allt frá landnámi (Mahler 2008). Fræðimenn hafa þó löngum verið sammála um hverjar meginástæður seljabúskapar hafi verið. Lars Reinton sem safnaði heimildum um seljabúskap í Noregi, skráði og gaf út í miklu þriggja binda verki sem ber titilinn *Seterbruket i Noreg* skilgreindi seljabúskapinn á eftirfarandi hátt (Reinton 1955-61; vitnað í gegnum Mahler 2008:329):

> Sæterbruk er det når en gard (ein fast vinterbustad) har krøterne sine i summerbeite på ein stad eit stykke frå garden der der er husbæra og fast personale, så ein kan nytte vidder til beite, som reghel óg til slått og onnor fórsankning, og så ein kan spara på heimemarkene og nå i betre beite, føde fleire krøter over vinteren og skaffe forråd til levemåten på den faste bustaden (garden).

Í aðalatriðum hafa íslenskir fræðimenn almennt verið sammála um að aðalástæða seljabúskapar fyrr á öldum hafi verið sú sama og í Noregi, þ.e. að nýta allt það tiltæka beitiland sem völ var á og hafi bændur því farið með lungann af búpeningi sínum, bæði ær og kýr, í selið þar sem ærnar voru mjólkaðar og unnið frekar úr mjólkinni (Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir 1989:79; Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991; Benedikt Eyþórsson 2008). Þess ber einnig að geta að löngum hefur verið talið að nautgriparækt, sérstaklega geldneytabúskapur, hafi skipað mun veigameiri sess í landbúnaðinum fyrstu árhundruð Íslandsbyggðar heldur en síðar varð (sjá t.d. Björn Þorsteinsson 1980). Fornleifarannsóknir virðast, enn sem komið er, styðja þessa tilgátu í megindráttum (sjá t.d. Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag 2011).

Þá er einnig algeng söguskoðun að seljabúskapurinn hafi verið fyrirferðamikill í upphafi byggðar en farið að dragast saman strax á síðmiðöldum áður en hann lagðist víðast hvar af þegar komið var fram á 18. og 19. öld (sjá t.d. Þorvaldur Thoroddsen

1919:209). Þessa viðhorfs, um gullöld seljabúskapar til forna, tók að gæta strax á 18. öld eins og eftirfarandi tilvitnum í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* ber augljóst vitni um: „Húsbændur fluttu þá sjálfir í selin [yfir sumarið] og höfðu þau sem eins konar skemmtibústaði. Selin voru vel hýst, en tún og girðingar voru þar ekki. Meðan dvalizt var í selinu, stóðu bæirnir auðir að mestu, en þó var ein eða tvær hræður heima til að gæta þeirra“ (*Ferðabók Eggerts og Bjarna* 1981:104). Sú gullaldarsýn sem birtist hjá þeim Eggerti og Bjarna virðist fyrst og síðast snúast um umfang seljabúskaparins og að hann hafi verið mun umfangsmeiri fyrr heldur en seinna varð. Meginhugmyndin er að nánast allt heimilisfólkið hafi farið í selið til forna miðað við að í *Búalögum* frá 17. öld segir að „þrjár konur eigi að vera í seli þar sem eru 80 ær að mjólka og 12 kýr, með matselju“ (*Búalög* 1915-33:34). M.ö.o. er ekki gert ráð fyrir því að í seli séu fleiri en nokkrar konur og hugsanlega smali. Yngri heimildir frá 18. og 19. öld greina einnig frá nokkuð fámennum seljabúskap (sjá t.d. Bragi Sigurjónsson 1953; Benedikt Eyþórsson 2008).

Við fyrstu sýn virðast fornar heimildir styðja þá hugmynd að seljabúskapurinn hafi verið mun umfangsmeiri til forna. Í *Laxdæla sögu* segir frá því að Bróka-Auður vildi vita hvernig háttaði til á Sæbóli og fékk þá þessar fréttir: „nú er breitt hvílugólf milli rúma þeirra Þórðar og Guðrúnar því að hún er í seli en hann heljast á skálasmíð og eru þeir Ósvífur tveir að veturhúsum“ (*Íslendinga sögur* IV:97). Orðalagið veturhús hefur gefið Gunnari Karlssyni, sagnfræðingi, tilefni til að álykta sem svo að selið hafi nánast verið annað heimili fólks (Gunnar Karlsson 2009:105). Þá mætti og nefna eftirfarandi lagaákvæði *Grágásar* þar sem gert er ráð fyrir því að allt heimilisfólk geti verið í seli á sama tíma: „ef menn eru í seljum, og er þar bú allt“ (*Grágás* 1992:81).

Benedikt Eyþórsson tók þessar gullaldarhugmyndir nokkuð til bæna í nýlegri bók sem byggð er á MA-ritgerð hans í sagnfræði við Háskóla Íslands. Þar bendir hann réttilega á að þótt til séu sagnir í fornritunum um fjölmennar selfarir þá sé einnig að finna í fornritunum frásagnir af mun fámennari seljabúskap, t.d. í *Hrafnkels sögu Freysgoða* þar sem ekki virðist sem svo að í selinu hafi verið fleiri en smalamaður og nokkrar konur (Benedikt Eyþórsson 2008:126). Hvað umfang seljabúskaparins varðar bendir Benedikt á að í landamerkjabréfi Helgafells frá öndverðri 13. öld sé kveðið á um hámarksfjölda búfjár í seli Bakkamanna í Gautsstaðagróf: „eigi skulu backa menn hafa fleira fe en. xij [12]. kyr. griðung ok Lxxx [80] asauðar“ (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:

577). M.ö.o. gert er ráð fyrir sama fjölda búpenings í seli á 13. öld og seinna var gert í Búalögum á þeirri 17.

Í bók sinni leggur Benedikt til að í stað þess að segja sem svo að seljabúskapur hafi tekið stórkostlegum stakkaskiptum á síðmiðöldum hafi í raun allt frá landnámi verið tvö mismunandi kerfi, þ.e. annaðhvort voru menn með allt eða nær allt heimilisfólkið í seli eða að einungis nokkrir heimamanna hafi verið í seli (Benedikt Eyþórsson 2008:127).

Ekki verður hér fullyrt um hvort tilgáta Benedikts eigi almennt við rök að styðjast en sé hún borin saman við selstöðurnar í Helgafellssveit og Eyrarsveit verður að teljast að ólíklegt sé að þar hafi allt heimilisfólkið haft viðveru á sumrin. Rústirnar eru í flestum tilfellum bæði of fáar og of smáar til að hægt sé með góðu móti að ímynda sér að þar hafi getað hafst við á bilinu sjö til tíu manns líkt og Vilhjálmur Finsen og Björn M. Ólsen töldu að hefðu verið á meðalbýlum (sjá umfjöllun í Ólafur Lárusson 1929:345-346). Líklegra verður að teljast að selstöðurnar hafi verið fremur fámennar og fjöldinn frekar verið í átt við það sem *Búalög* kveða á um.

Meðal þess sem Lars Reinton setti fram í ritverki sínu um seljabúskapinn í Noregi var að til hafi verið nokkrar mismunandi gerðir selja. Til voru mjólkursel (d. *mælkesætre* n. *mjölkseter*), aðfangasel (eða sláttusel) (d. *høslesætre* n. *slåtterseter*) og alsel (d. *fuldtsætre* n. *fullseter*). Munurinn á þessum seljum felst í þeim athöfnum sem þar fóru fram og fjarlægð frá heimabænum. Þannig voru heimasel (n. *heimsetrar*) nálægt bæjunum en farið var til þeirra strax og voraði. Sumarselin (n. *sommarsetrar*) voru upp til fjalla eða í skógi en þar var aðeins viðvera yfir hásumarið en á milli þeirra voru millisel (n. *mellomsetrar*) (Reinton 1976; sjá einnig umfjöllun í Albína Hulda Pálsdóttir 2008:31). Mjólkurselin voru alla jafna styttra frá bæ en þangað voru bæði ær og kýr reknar og mjólkaðar. Mjólkin var þó ekki unnin frekar í selinu heldur var farið með hana aftur heim á bæ og hún fullunnin þar (Mahler 2008:331). Þetta fyrirkomulag tíðkaðist einkum í Vestur-Noregi þar sem sum sel voru staðsett svo nærri bæjum að hægt hefur verið að leggja af stað í selið á eftirmiðdegi, gefa kúnum og ánum, mjólka þær og fara svo með mjólkina heim á bæ morguninn eftir (Magnus 1983:101).

Aðfangaselin voru, eins og nafnið gefur til kynna, nýtt til að safna vissum aðföngum. Þau voru því alla jafna lengra frá bænum og nærri þeim auðlindum sem nýta átti, en hey til vetrarfóðurs og eldiviður var meðal þess sem safnað var. Þriðja gerð

selja, alsel, sameinaði hlutverk hinna fyrrnefndu en þangað var kvikfé rekið og mjólkað en ekki var farið heim með afurðirnar heldur var unnið úr þeim í selinu. Þessi sel liggja oftar en ekki í eða nálægt skóglendi (Keller 1983:61). Í alseljunum var aðföngum, eins og eldivið og vetrarheyi, einnig safnað og auk þess var stunduð önnur vinna. Þessi sel voru nálægt því að hafa fasta búsetu á sumrin því þangað fór meginþorri vinnuaflsins á bæjunum (Reinton 1969).

Þessar norsku skilgreiningar hafa orðið til þess að íslenskir fræðimenn hafa reynt að sjá hvort íslenskur seljabúskapur hafi verið hliðstæður þeim norska. Eins og áður kom fram lagði Benedikt Eyþórsson fram þá tilgátu að bæði hafi verið fjölmennar og fámennar selfarir en einnig að seljabúskapurinn á Íslandi hafi einkennst af alseljum þar sem unnið var úr mjólkinni í seljunum en framleiðslan flutt heim á bæ með reglulegu millibili (Benedikt Eyþórsson 2008:127-129). Guðrún Sveinbjarnardóttir hefur í nýlegri grein kveðið nokkuð fastar að orði og lagt til að í alseljunum (n. *fullseterbruk*) hafi verið full búseta á sumrin, í mjólkurseljunum (n. *melkeseterbruk*) hafi verið farið með mjólkina fram og til baka á hverjum degi en í aðfangaseljunum (n. *slåtteseterbruk*) hafi eingöngu verið safnað vetrarfóðri og þar hafi ekki þurft að hafa íveruhús (Guðrún Sveinbjarnardóttir 2008:229). Í rannsóknum sínum á seljabúksap á þremur mismunandi svæðum á Íslandi hafði hún þó hafnað þeirri tilgátu að seljabúskapurinn á Íslandi hafi verið skiptur með sams konar hætti og sá norski (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1990:91).

Hér verður ekki gerð tilraun til þess finna hinum norsku selstöðum stað í íslenskri fornleifafræði en með hliðsjón af þerri fjölbreyttu nýtingu sem tíðkaðist í Noregi má þó spyrja hvort ekki sé möguleiki á að hið sama hafi verið uppi á teningnum annars staðar. Ditlev Mahler sem rannsakað hefur selstöðuna Argisbrekku í Færeyjum hefur sagt að í selinu hafi, auk skepnuhalds, bæði farið fram vinnsla á afurðum sem fundust í og við selið og á afurðum sem fólk hafði með sér í selið. Dæmi um þann starfa sem Mahler taldi að fólk hafi haft í Argisbrekkur var (Mahler 2008:330):

> indsamling af vinterbrændsel, torveskæring, trækulsproduktion og jernudvinding, fiskeri og bearbejdning af uld eller andre materialer til videre forarbejdning. Bortset fra bearbejdning af medbragte halvfærdige produkter, typisk uld, er det kun lokalområdets ressourcer, der sætter grænsen for hvilke sideaktiviteter, der er foregået på stederna.

Einnig má nefna að Argisbrekka er við bakka þriðja stærsta stöðuvatns Færeyja, Eiðisvatns, og í vatninu voru áður fyrr veiðar á urriða. Ljóst er því að umfang starfseminnar í Argisbrekku var mun meira heldur en hugmyndir um seljabúskap sem samanstóð aðallega af mjólkurvinnslu gefa færi á (Mahler 2008:26-27).

Í framhaldi má þá spyrja hvort sami fjölbreytileiki hafi þekkst á Íslandi. Hugsanlegt er að rekja megi mismunandi staðsetningar seljanna til þess hvaða aðföng, önnur en beitihagar, voru í nágrenni þeirra. Eins og fram hefur komið áður voru aðföng einn af þeim hlutum sem athugaður var sérstaklega þegar selstöðurnar í Helgafellssveit og Eyrarsveit voru skráðar. Aðföng önnur en beitilandið hafa m.a. verið fiskur í vötnum eða sjó, skógur til kolagerðar, slægjur, mýrarauði (allt bundið við Helgafellssveit), mótekja (virðist hafa verið eingöngu í Eyrarsveit) að ógleymdri berja og fjallagrasatínslu sem ólíklegt er annað en að hafi verið stunduð í báðum þessum sveitum.

Við nánari athugun má einnig sjá að í fornritunum geta verið ákveðin minni um þennan fjölbreytileika í seljabúskapnum. Í *Hrafnkels sögu Freysgoða* er sagt frá því þegar Einar Þorbjarnarson vill bjóðast til vistar hjá Hrafnkeli sem svarar honum svo: „Þú skalt reka heim fimm tigi ásauðar í seli og viða heim öllum sumarviði“ (*Íslendinga sögur* X:83). Hér gæti sagan verið að greina frá því að auk þess að hafa kvikfé í seli hafi þar verið safnað viði á sumrin eins og nafnið *sumarviður* bendir til. Yngri heimildir um seljabúskap gera einnig ráð fyrir því að fólk hafi haft ýmsan annan starfa í seli en eingöngu þann er laut að skepnuhaldi og mjólkurvinnslu. Séra Guðlaugur Sveinsson prestur í Vatnsfirði taldi m.a. upp þau störf önnur en tengust skepnuhaldi sem hægt væri að vinna í seli, t.d. heyöflun, grasatekju og kolagjörð (Guðlaugur Sveinsson 1786:198-199). Við fornleifarannsóknir á Pálstóftum hefur enn fremur komið í ljós að auk hefðbundins skepnuhalds mátti af fundaflórunni ráða, bæði beinum og gripum, að fuglaveiði hefur líklega verið stunduð þar sem og járnsmíði og jafnvel skartgripagerð (Batey 2007).

Ekki hafa þó allir verið sammála þeirri túlkun að Pálstóftir séu minjar um forna selstöðu. Gunnar Karlsson hefur dregið þá ályktun að þar hafi verið heilsársbúseta vegna þess að eldstæði voru í íveruhúsunum og heystæði við tóftirnar: „Mér finnst ólíklegt að seljafólk hafi ómakað sig á að halda eldi lifandi í húsum sínum yfir hásumarið, en enn þá ólíklegra að það hafi stundað heyskap“, segir Gunnar (Gunnar Karlsson 2009:107). Ekki virðist þó vera tilefni til að hafna seljatilgátunni eingöngu út frá þessum rökum sem eru fullkomlega úr lausu lofti gripin og beinlínis röng. Eldstæði eru ekki einungis notuð til upphitunar, eldunar eða sem ljósgjafar heldur hafa eldstæði verið nauðsynleg fyrir þá framleiðslu eða vinnslu sem fram fór á svæðinu eins og

ummerki um járnsmíði benda óneitanlega til. Hér má þó nefna ekkert eldstæði fannst í þeim fjórum rústum rannsakaðar voru með prufuholum í Gautsstaðagróf sumarið 2012. Hvað hitt atriðið varðar, það að menn hafi ekki ómakað sig við að safna heyi í seljum, sýnir það einmitt hversu þröngt seljabúskapur hefur verið skilgreindur á Íslandi hingað til. Heimildir bæði frá Noregi og Íslandi greina frá því að heyöflun hafi verið viðamikill þáttur í seljabúskapnum og svo virðist vera að a.m.k. í öðru Svelgsárselinu í Helgafellssveit hafi verið stundaður heyskapur, eins og heytóftin sem líklega er tengd annarri kynslóð selstöðunnar ber vitni um. Engin slík heytóft fannst tengt seljum í Eyrarsveit enda víðast hvar um örðugan veg að fara frá selinu heim á bæ.

Að lokum má segja að hið sama gildi um Eyrarsveit og Helgafellssveit, sem og marga aðra staði seinna meir, að seljabúskapur var einkum stundaður, og hélst undir það seinasta, frá stórbýlum og prestsetrum. Allir þeir bæir í Eyrarsveit sem hafa selstöður í *Jarðabókinni* eru vel stöndugir; meðalbýli eða stórbýli.[1] Helsta ástæða þessa hefur líklegast verið sú að einungis þessi býli gátu leyft sér að senda hluta af heimilisfólkinu í selið yfir sumartímann, slíkum mannaforráðum hafi einfaldlega ekki verið til að dreifa þar sem fáir voru í heimili. Að hafa í seli hefur því verið útgerð sem útheimt hefur töluverðan kostnað til að hægt væri að njóta góðs af henni.

# 8 Næstu skref

Í næsta áfanga verkefnisins er ráðgert að halda áfram skráningu á meintum selstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi og er förinni þá heitið áfram vestur, nánar tiltekið í Snæfellsbæ. Sömu spurningar verða hafðar að leiðarljósi við skráninguna næsta sumar og nú, þ.e. að leita að hugsanlegum ástæðum fyrir staðarvali einstakra selja og hvort og þá hvernig selstöðurnar í Snæfellsbæ eru frábrugðnar þeim í Eyrarsveit/Grundarfirði og Helgafellssveit/Stykkishólmi. Snæfellsbær er þó mun stærra sveitarfélag en þau sem tekin hafa verið fyrir hingað til og ákveða verður hve langt út á nesið á að fara, hvar mörk norðanverðs Snæfellsness eru. Líklegt er að miðað verði við gömlu

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E300264 N496509 | Isn93 | 154 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íveruhús | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7 | Hátt | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er fast norðan við rúst 02 og um 6 m austan við rúst 03.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

Rústin er þriggja hólfa og snýr norður-suður. Rými a er suðvestast en á bak við það (til austurs) er rými b. Norðan við rými a er rými c og ná austurgafl rýmis c og norðurendi rýmis b saman. Innanmál rýmanna er : a - 2x1.5 m, b - 4x1.5 m og c – 2.5x1 m. Í heild er rústin um 8x7 m að utanmáli. Einstaka grjót sést í rústinni, óvíst er um hve mikið magn er þó í veggjum. Op er á rými a til vesturs við suðvesturhorn. Einnig er opið á milli þess og rýmis b. Opið er út úr rými b til suðurs og út úr rými c til vesturs.Veggir rústarinnar eru um 0.3-0.8 m á hæð og um 1-3 m breiðir. Að norðanverðu á rými c virðast veggir hærri en gengur og gerist annars staðar en það er vegna þess að rústin stendur uppi á grasrana sem myndar þennan hæðamun. Rústin er nokkuð ógreinileg á köflum og er hún vel gróin grasi, mosa og lyngi.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Sindri Ellertsson Csillag |
| *Filma nr./teg. myndar* | Olympus E-410 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | **4** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Setbergssel á Fossafjalli | **2** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E300264 N496499 | Isn93 | 156 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6.5 | Talsvert | 6.5 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er fast sunnan við rúst 01, næst brekkurótunum.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

Rústin er nokkuð stór en þó ógreinileg. Hún snýr norður-suður og virðist vera a.m.k. tveggja hólfa og liggur minna rýmið (b) sunnan við það stærra (a) og beygir svo með austurhorni þess en gengur aðeins stutt til norðurs. Rými b er um 5x1 m að innanmáli en rými a er um 6x3 m að innanmáli þar sem það er stærst. Að utan er rústin öll um 11x8 m. Op eru á á rými a til vesturs, nær norðurgaflinum, og til norðurs á norðurgafli. Op er á rými b til norðurs með austurhlið rýmis a og hugsanlega einnig til suðurs.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Sindri Ellertsson Csillag |
| *Filma nr./teg. myndar* | Olympus E-410 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

*Aðalnr.* **4**

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Tákntala* |
|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 |

| *Landareign* | *Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Setbergssel á Fossafjalli | **3** |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *GPS Staðsetning* | *Viðmiðun* | *M.y.s.* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E300252 N496513 | Isn93 | 155 | 3 |

| *Tegund minja* | *Tilgáta/Niðurstaða* | *Verk* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Frá hvaða bæ?* | *Yngra bæjarstæði?* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | |

| *Minjagildi* | *Einkunn* | *Varðveislugildi* | *Einkunn 2* | *Aðföng* |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er um 6 m austan við rúst 01 og er hún sú rúst sem næst er rústunum í Fossafjalli 1. Smá lækarspræna hefur runnið á milli þessarar rústar og rústa 01 og 02.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

Rústin er einföld með ávölum veggjum (nær kringlótt) og er op á henni til suðausturs. Rústin er um 2.5x1.5 m að innanmáli og um 4.5x4 m að utanmáli og snýr nokkurn veginn norður-suður. Rústin er ólík öðrum rústum í selinu að því leyti að veggir hennar eru mikið til grónir lyngi og mosa en ekki grasi og mosa eins og aðrar rústir á svæðinu. Rústin virkar líka sokknari en hinar en það getur stafað af því að hún stendur á mýrlendara svæði en hinar. Veggir rústarinnar eru að jafnaði um 0.5 m háir. Veggjaefni er óljóst, torf og hugsanlega grjót í bland. Breidd veggja er um 1-1.5 m.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Sindri Ellertsson Csillag |
| *Filma nr./teg. myndar* | Olympus E-410 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | **4** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Setbergssel á Fossafjalli | **4** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E300287 N496499 | Isn 93 | 153 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | stekkur? | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er staðsett ofan á dálitlum hól um 14 m A við hinar rústirnar í selstöðunni og liggur nokkuð hærra.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
12x4 m (N-S). Úr blöndu af torfi og grjóti og skiptist í tvö rými, a og b. Rými a er um 8x1 m að lengd og eru dyr á því út til A. Rými b mælist um 2x1 m á lengd og er innangengt á milli rýmanna tveggja. Veggjabreidd er víðast hvar um 0.5-0.7 m og hæð veggja er um 0.3-0.5 m. Veggirnir og rústin öll eru mjög vel grónir mosa, grasi og aðalbláberjalyngi. Rústin minnir einna helst á stekk en ekki hefur áður fundust stekkur í selstöðu á þessu svæði.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Sindri Ellertsson Csillag |
| *Filma nr./teg. myndar* | Olympus E-410 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 5 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Setbergssel | 1-2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E300076 N496762 | Isn93 | 139 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 2 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | -1550 | | Setberg | Nei | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | Ber, fjallagrös og mögulegar slægjur |

*Lega og staðhættir*

Setbergssel er staðsett í norðvestanverðum Kvernárrana, nokkuð ofarlega. Selið er í grashvilft og er nokkuð bratt upp af henni til suðausturs. Selið er um 850 m suðaustur af Kvernárbænum.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Selstaða.**
Frá Setbergsseli blasir við til norðvesturs kaupstaðurinn Grundarfjörður og Kirkjufellið. Vel sést heim að Kverná og hægt er að greina Skjólsteinana, þar sem sel Kvernár var, í fjarska. Einnig sést heim að Setbergi úr hvilftinni þar sem selið er. Hægt hefur verið að fylgjast með ferðum fólks um Arnardalsleið þar sem Kvernárdalurinn blasir við. Hljóð berst vel neðan úr Grundarfirði en ekki heyrist í Grundarfossi. Grashvilftin sem selið er í er líkt og vin í eyðimörk lyngs og mela. Ágætt beitiland er við selið, en þó ekki ýkja stórt. Ein aðalrúst er í selinu og er hún syst á rústasvæðinu. Nyrst er ein meint kvíarúst auk bolla sem hægt hefur verið að nýta, t.d. sem aðhald, og stór skál sem hægt hefur verið að nýta mögulega til innreksturs. Grashvilftin er í brekku sem er bröttust austast og hallar til vesturs, norðvesturs og norðurs. Austast er hár bakki en sé farið upp og yfir hann er stutt upp á sléttlendið ofan við Grundarfoss. Klettabelti, Beitiborg kallað, er suðsuðvestan við svæðið og bergmálar í fuglum þar. Norðaustan við Beitiborg hefur runnið lækur niður og í gegnum hvilftina að suðvestan- og vestanverðu. Nú er lækurinn þurr að mestu. Líklegt er að hrunið hafi úr klettunum og það lokað fyrir lækjarrennslið. Gæti það hafa valdið því að selið var lagt af.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 5 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Setbergssel | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E300076 N496762 | Isn93 | 139 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íveruhús | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7.5 | Hátt | 7.5 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er syðst á svæðinu, upp við bratta brekku Kvernárranans.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

Rústin er fimm hólfa og snýr norðnorðaustur-suðsuðsvestur. Rými a liggur nyrst og er það fremur lítið, um 2x1 m að innanmáli. Rými b er suðvestan við rými a og er það mun stærra, um 4.5x2 m að innanmáli. Rými c liggur suðvestan við rými b og er það um 4x1,5 m að innanmáli. Rými d og e eru austan við rými c. Rými d er syðra rýmið af þeim og er það um 2x2 m að innanmáli, rými e er norðan við rými d og er það einnig um 2x2 m að innanmáli. Opið er á milli rýma d og e og út úr rými e inn í c. Op er á rými c út til norðnorðvesturs. Op er einnig á rými b til norðvesturs. Rými a er einna ógreinilegasta rýmið en það virðist vera til norðurs. Rými d og e ná nokkuð austur fyrir rými b. Öll rústin er um 16x8 m að utanmáli. Rústin liggur í brekku og hallar hún niður til vesturs og norðvesturs. Rústin er mjög sokkin og algróin. Gróðurinn á rústinni er sá sami og gróðurinn í umhverfinu, aðallega gras og mosi. Veggir rústinnar eru um 0.3-0.8 m háir og um 1-2 m breiðir. Veggjaefni er óljóst en einn jarðfastur steinn er við innri brún vesturhliðar rýmis b.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | **5** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Setbergssel | **2** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E300063 N496799 | Isn93 | 128 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Kvíar | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Í mýri um 40 m NV af rúst 1.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

10.5X5 M (VNV-ASA). Veggjaefni óljóst en einn jarðfastur steinn er í dyrum rústarinnar sem liggja út til VNV. Rústin mælist að innanmáli um 9x2.5 m innst en mjókkar nær dyrum. Veggjabreiddin er um 1 m víðast hvar en veggirnir eru mun ógreinilegri að utanverðu en rústin virðist hafa verið grafin inn í bakkann þar sem hún stendur. Hæð veggja mælt að innanverðu er þó um 0.5 m. Líklega hefur þessi rúst verið kvíar.

Um 5 m austan við rústina er náttúrumyndaður bolli sem mögulega hefur verið nýttur til innrekstrar.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | **6** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Kvernársel undir Skjólsteinum | **1-5** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299259 N496024 | Isn93 | 205 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 5 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Kverná | Nei | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7,5 | Hátt | 7,5 | Mótekja, slægjur, fjallagrös og ber |

*Lega og staðhættir*

Kvernársel er staðsett við svokallaða Skjólsteina í Arnarflóa í hæðunum suður af Kvernárbænum. Skjólsteinarnir eru tveir gríðarstórir steinar sem ekki fara fram hjá neinum sem upp á flóann kemur og þeir sjást víða að af láglendinu. Austan við flóann eru upptök lækjarins sem kallast Gilið og vestan við flóann rennur Kvernáin. Austan við Kvernána eru Selborgir þær er selstaða Grafar stendur við.

*Heimildir og munnmæli*

*JÁP* (1931-33).

*Lýsing*

**Selstaða.**

Svæðið er mjög víðfemt og miklir hagar eru þótt oft sé nokkuð mýrlendi. Ekki sést heim til bæjar en hins vegar sést inn að Grund og ströndin austan í Grundarfirðinum út á enda. Einnig sést í toppinn á Kirkjufellinu. Lækjar- og fossaniður eru ódauðleg bakgrunnshljóð á þessum stað. Í dag er staðurinn bæði nýttur til beitar fyrir hross og kindur, skiljanlega þar sem svæðið hentar vel til slíks brúks. Hér er mikið grasflæmi og nóg af vatni. Nokkur spölur er þó í vatn frá selrústunum og má leiða að því líkur að selinu hafi verði fundinn staður við skjólsteina en ekki við læk vegna þess að skjólið fyrir hinni alræmdu sunnanátt hefur verið mikilvægara en nálægð við vatn. Alfaraleiðin Arnardalsleið, úr Eyrarsveit yfir í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi, liggur yfir Arnarflóann og upp í Arnardalinn þar fyrir sunnan. Hefur selið því ekki verið einangraðra en svo að vera nokkurn veginn í þessari alfaraleið. Skjólsteinarnir eru háir uppmjóir klettahólar sem eru í raun heill klettur hver en þeir eru að molna niður smátt og smátt og eru því miklar urðir neðan við þá. Mógrafir eru á svæðinu og er því líklegt að ekki hafi bara verði nýtt beit á staðnum heldur einnig mótekja, berjatínsla og jafnvel slægjur og fjallagrasatekja.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Kvernársel undir Skjólsteinum | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299229 N496078 | Isn93 | 204 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7 | Hátt | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Beint NV undir vestari Skjólsteininum, í skjóli fyrir sunnanáttinni. Á grasi grónum hól.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
6x5 m (NNV-SSA). Skiptist í tvö eða þrjú rými. Ytra rýmið er mun verr farið en hið innra og mælist um 2.5x1.5 m að innanmáli og hefur líklega haft dyr mót NA. Innra rýmið er um 3x2 m að innanmáli. Dyr eru úr innra rýminu út í hið ytra á NNV vegg innra rýmisins. Rústin er öll úr torfi og grjóti. Veggjabreidd er um 1 m víðast hvar og hæð veggja er um 0.8-1 m í innra rýminu en um 0.3-0.4 m á hinu ytra.

SSA úr innra rýminu virðist ganga dálítil rás út að Skjólsteininum. Rás þessi er um 3x1 m að stærð og nokkuð greinilega má sjá hleðslurnar í rásinni en hún hefur hrunið saman og fyllst af smásteinum. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða tilgang þessi rás hefur haft.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Kvernársel undir Skjólsteinum | 2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299251 N496083 | Isn93 | 202 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Grjótbyrgi | Smalakofi? | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Lítið | 5 | Lítið | 5 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er byggð undir og utan í nyrðri hluta vestari Skjólsteinsins um 20 m ANA við rúst 1.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Grjótbyrgi.**

2x1.5 m (A-V). Úr hlöðnu grjóti eingöngu. Byggt utan í stóran grjóthól sem myndar einnig þak yfir byrgið. Hleðslur eru mjög greinilegar og mælast um 1 m á hæð og um 0.3-0.4 m á breidd. Í miðju rýminu er grjóthella.

Mögulega er byrgi þetta smalakofarúst sem tengst hefur yfirsetu fjár eftir að selstaðan legst af en einnig er möguleiki á að umrædd rúst sé einhverskonar búr og sé því samtíða selstöðunni.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

# 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Kvernársel undir Skjólsteinum | 3 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299259 N496024 | Isn93 | 205 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7 | Hátt | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er upp við norðurhlið eystri Skjólsteinsins í Arnarflóa.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
Rústin er þreföld og er byggð upp að steininum. Rústin liggur frá norðausturhlið steinsins og liggur yfir á þá norðvestari, fylgir lögun steinsins. Rústin snýr eiginlega suðaustur-vestur. Austasta rýmið (a) er um 3x1 m að innanmáli og er innangegnt úr því í miðjurýmið (b) sem er um 3x2 m að innanmáli. Sameiginlegt op út fyrir bæði rýmin er til norðausturs. Mikið grjót er í öllum veggjum sem og inni í rústinni, en hrunið hefur úr Skjólsteininum eftir að selið laðist af. Vestasta rýmið (c) er um 2x1.5 m að innanmáli og er op á því til norðausturs við sameiginlegan vegg þess rýmis og rýmis b. Veggjahæð er um 0.5-1 m og veggjabreidd um 1-2.5 m. Rústin er nokkuð gróin en virkar þó mun yngri en hún líklega er vegna þess hve mikið grjót er í henni vegna hruns úr Skjólsteininum.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

*Aðalnr.* **6**

*Sýsla*: Snæfells- og Hnappadalssýsla
*Sveitarfélag*: Grundarfjarðarbær
*Táknatala*: 3709
*Landareign*: Kverná
*Nr*:
*Heiti*: Kvernársel undir Skjólsteinum
*Undirnr.* **4**

*Skrásetjari*: Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag
*Dags.*: 28.06.2012
*GPS Staðsetning*: E299315 N495964
*Viðmiðun*: Isn93
*M.y.s.*: 206
*Skekkja*: 3

*Tegund minja*: Náttúrumyndun
*Tilgáta/Niðurstaða*: Rétt
*Verk*: Seljabúskapur
*Fjöldi*: 1

*Hættumat*: Ekkert
*Hætta*: Engin
*Ástand*: Ágætt
*Aldur*: 1550-1900
*Í eyði*:
*Frá hvaða bæ?*:
*Yngra bæjarstæði?*:

*Minjagildi*: Lítið
*Einkunn*: 3
*Varðveislugildi*: Lítið
*Einkunn 2*: 3
*Aðföng*:

*Lega og staðhættir*

Um 50 m SA við Skjólsteinanna, neðan við aflíðandi brekku.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Náttúrumyndun/Rétt.**
Uppmjóir grjóthólar og hraunnibbur mynda dálitla rétt sem afmarkar svæði sem mælist um 15x8 m að innanmáli sem hugsanlega hefur verið notuð til innrekstrar.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari*: Sindri Ellertsson Csillag
*Filma nr./teg. myndar*: Olympus E-140

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Kvernársel undir Skjólsteinum | 5 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28,06.2012 | E299282 N495950 | Isn93 | 211 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Mógrafir | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Lítið | 3 | Lítið | 3 | |

*Lega og staðhættir*

Mógrafir eru syðst á svæðinu, um 75 m suður af rúst 03.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Mógrafir.**
Mógrafirnar eru tvær til þrjár og eru að mestu leyti uppgrónar. Sú stærsta og syðsta er um 7x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Ræst hefur verið úr henni til norðausturs, við norðausturhornið, og er rásin enn nokkuð greinileg. Um 5 m norðar er önnur mógröf, nokkuð minni, um 3.5x2 m að stærð. Einnig hefur verið ræst úr henni til norðausturs. Skammt vestan við minni mógröfina er lítið, blautt moldarflag sem gæti einnig hafa verið mógröf. Mógrafirnar eru mest um 0.5 m á dýpt.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari*: Sindri Ellertsson Csillag

*Filma nr./teg. myndar*: Olympus E-140

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

*Aðalnr.* **7**

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Tákntala* |
|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 |

| *Landareign* | *Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Gilssel | **1-4** |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *GPS Staðsetning* | *Viðmiðun* | *M.y.s.* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299555 N496585 | Isn93 | 66 | 3 |

| *Tegund minja* | *Tilgáta/Niðurstaða* | *Verk* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 4 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Frá hvaða bæ?* | *Yngra bæjarstæði?* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Setberg | | |

| *Minjagildi* | *Einkunn* | *Varðveislugildi* | *Einkunn 2* | *Aðföng* |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7,5 | Hátt | 7,5 | Slægjur, ber |

*Lega og staðhættir*

Gilssel er staðsett innst í Kvernárdal suður af Kverná. Selið er á grastungu við lækinn Gilið sem rennur úr háu gili rétt fyrir ofan. Svæðið er nokkurn veginn í hásuður frá bænum. Ofan (sunnan) við svæðið fer umhverfið að hækka og er brattlendi mikið upp af selinu.

*Heimildir og munnmæli*


Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir (2005). *Fornleifaskrá Grundarfjarðar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

*JÁP* (1931-33).


*Lýsing*

**Selstaða.**

Selið kúrir innst í dalbotni og eru góðir hagar, nokkuð mýrlendir þó, fram af (N) selinu sem og í brekkunum í kring. Nokkuð víðsýnt er frá selinu og sést heim að Kverná og einnig í topp Kirkjufellsins, hluta kaupstaðarins og út að Eyrarfjalli. Eins sést að Setbergsseli í brekku Ranans. Nokkuð lyng er í brekkunum ofan við selið og sé farið upp þær brekkur er komið upp hjá selinu við Skjólsteina. Selið stendur á friðsælum stað þar sem lækjarniðurinn og fuglarnir leika aðalhlutverkið en bílarnir niðri á vegi og í kaupstaðnum ná stundum að rjúfa friðinn. Rúst 02 liggur efst (syðst) á svæðinu, rúst 01 norðan við hana og rúst 03 norðan við rúst 01. Rúst 04 er nokkru norðar.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



*Ljósmyndari*: Sindri Ellertsson Csillag

*Filma nr./teg. myndar*: Olympus E-140

*Athugasemdir*

Rústirnar er skráðar nr. 11:1-2 í *Fornleifaskrá Grundarfjarðar* (Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005).

# 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 7 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Gilssel | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299555 N496585 | Isn93 | 66 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íveruhús | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er á bakka lækjarins Gilsins, um 20 m suður af rúst 03 og 7 m norður af rúst 02.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

Rústin er aflöng og fjögurra hólfa. Hún snýr norður-suður. Rými a er stærst og syðst. Það er um 5x2 m að innanmáli. Op virðist vera á því til austsuðausturs við suðurgaflinn. Rými b er norðan við rými a og er í miðjunni. Það er nokkuð minna, um 2x2 m að innanmáli. Op er á því til norðnorðvesturs, hálfpartinn á ská í gegnum vegginn. Dálítið sést af grjóti í þessu hólfi en óljóst er hve mikið af veggjaefninu hefur verið grjót. Nyrsta hólfið (c) er eilítið minna en hólf b, eða um 2x1,.5 m að innanmáli. Einnig sést dálítið af grjóti í því, sérstaklega í austurvegg. Op er líklega á milli hólfa b og c. Rými d er áfast rými b að vestanverðu. Það er 2x1 m að innanmáli og er op á því til norðurs. Það rými er næst læknum sem rennur fast við selið, í raun alveg á bakka hans. Rústin er í heild sinni um 14x6.5 m að utanmáli. Veggjahæð er um 0.6-1 m í öllum rýmum nema d, en það er meira sigið og er í raun við það að renna niður í lækinn. Veggjahæð þar er um 0.1-0.5 m. Veggjabreidd er um 1-2 m.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | **7** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Gilssel | **2** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299559 N496575 | Isn93 | 76 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 5,5 | Talsvert | 5,5 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er um 7 m suður af rúst 1. Lækurinn Gilið rennur um 4 m vestur af rústinni.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
Rústin er lítil, um 3x1.5 m að innanmáli og 2.5x4 m að utanmáli. Veggir rústarinnar eru um 0.5-0.1 m á hæð og um 1 m á breidd. Op er á rústinni til norðausturs, en hún snýr norðaustur-suðvestur. Suðvesturendi rústarinnar er byggður inn í brekku. Ekkert grjót er sjáanlegt í veggjum enda er rústin algróin mosa og grasi.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 7 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kverná | | Gilssel | 3 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299547 N496624 | Isn93 | 71 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íveruhús? | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7 | Hátt | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Nokkru neðar og um 10 m N af rúst 1, í mýri. Beint austan við uppþornaðan lækjarfarveg og um 5 m austan við læk.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
11x5 m (N-S). Skiptist í tvö rými, a og b, sem mælast um 3x2 m. Á rými a eru dyr út til V mót læknum en á rými b eru dyr mót NV. Veggirnir eru nokkuð ógreinilegir vegna þess hversu sokknir þeir eru í mýrina. Breidd veggja er víðast hvar um 2 m og eru þeir um 0.3 m á hæð. Steinar sjást stingast upp úr grassverðinum á stöku stað, þó meira í rými b.

Mögulega er þessi rúst íveruhúsið í eldri kynslóð selstöðunnar sem samanstaðið hefur af rústum 2, 3 og eldri kynlslóð rústar 4.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

**Aðalnr.** 7

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala |
|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 |

**Undirnr.** 4

| Landareign | Nr | Heiti |
|---|---|---|
| Kverná | | Gilssel |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E299554 N496686 | Isn93 | 63 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Hagafjós/skepnuh. | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7 | Hátt | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er á bakka Gilsins (lækjarins) þar sem hann beygir til austurs og síðan norðurs við klettasnös í smá gili um 60 m neðan (norðan) við rústir 1-3. Norðan við rústina hallar niður að Gilinu en á aðra vegu er sléttlendi nokkuð gróið mosa og grasi. Lækurinn rennur ofan frá nokkuð vestan við rústina. Frá rústinni sést vel yfir Grundarfjörðinn, Kvernárbæinn, út að Eyrarfjalli og eilítið af Kirkjufellinu og kaupstaðnum.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Tvær Rústir.**

Stærri rústin er 14x6 m (NNA-SSV). Rústin er mjög þýfð og veggjabreidd ógreinileg en líklega um 1.2-2 m og hæð þeirra um 0.3 m. Minni rústin er bersýnilega sett ofan í þá stærri og hefur líklega nýtt veggi hennar sem byggingarefni að einhverju leyti. Engar dyr eru sýnilegar á rústinni og nokkuð er rofið úr ASA gafli rústarinnar.

Minni rústin er um 5x3 m að utanmáli (NV-SA) og eru dyr á henni til NA. Rústin er úr torfi og grjóti. Hleðslur eru nokkuð greinilegar og veggjabreiddin um 1-1.2 m víðast hvar og um 0.4-0.5 m á hæð.

Þessar rústir tilheyra að öllum líkindum sín hvorri kynslóð selstöðunnar. Sú minni tilheyrir þá yngri kynslóð selstöðunnar ásamt rúst 1 en hin stærri tilheyrir eldri kynslóðinni ásamt rústum 2 og 3. Sé lengd eldri rústarinnar eins og hér er talið má segja að um skálabyggingu sé að ræða. Harla ólíklegt er þó að um sé að ræða íveruhús, en rústin hallar öll mót NNA. Þess í stað er sett fram hér sú tilgáta að rústin hafi verið fjós, e.t.v. svokallað hagafjós.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

# 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 8 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Gröf | | Grafarsel undir Selborgum | 1-2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E298764 N496294 | Isn93 | 184 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 2 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | | Gröf | Nei | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7,5 | Hátt | 7,5 | |

*Lega og staðhættir*

Selið er staðsett norðvestan í efri (SV) Selborginni sunnan við Gráborg í landi Grafar. Austan við Selborgirnar rennur Kverná.

*Heimildir og munnmæli*

*Örnefnaskrá Grafar*. Reykjavík: Örnefnastofnun.
*JÁP* (1931-33).

*Lýsing*

**Selstaða.**

Staðsetning selsins er í raun nokkuð undarleg en sama á líklega við um þessa selstöðu og selstöðu Kvernár við Skjólsteina að verið er að leita skjóls fyrir sunnanáttinni alræmdu. Kvernáin beljar hálfpartinn undir selinu en greinilegt er að hún grefur sig alltaf vestar og vestar og er það svo nú að rúst 01 liggur á barmi borgarinnar og gæti hluti hennar jafnvel verið farinn niður brattann nú þegar. Tvær rústir eru greinanlegar í selstöðinni en hugsast getur að fleiri leynist í þýfinu við borgina eða séu farnar í Kvernána. Bakkinn niður að ánni er gríðarhár og brattur og ljóst er að rúst 01 er í stórhættu. Rústirnar liggja í halla í borginni vestanverðri og tekur strax við á sléttlendinu mikið mýrlendi. Grösugt er þó á svæðinu. Framan við brekkuna þar sem rústirnar kúra er mýrlend laut en fljótlega fer að hækka aftur upp á Gráborgina. Til vesturs eru Selbringur sem án efa hafa verið nýttar til beitar. Frá rúst 01 sést yfir til Kvernársels en annars má segja að sjónsvið selsins sé nær ekkert. Til suðurs og suðvesturs sést til fjalla og til austurs sést í enda Hamrahlíðar og út í Klakkinn. Niðurinn í Kvernánni er óstöðvandi og er mikilvæg áminning um hvað bíður ef farið er of langt fram á brúnina við rúst 01. Staðurinn er í raun ótrúlega einangraður og dálítið óhugnanlegur þótt hann sé að öðru leyti friðsæll og fallegur. Hugsanlega hefur verið slegið og/eða farið til berja/grasa á þessum stað en engin merki eru um nýtingu mýrarinnar, s.s. til mótekju.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 8 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Gröf | | Grafarsel undir Selborgum | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E298764 N496294 | Isn93 | 184 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íveruhús | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Í aflíðandi brekku í efri Selborginni nánast alveg frammi á brúninni. Fyrir neðan rennur Kverná. Rústin er 20 m NA við rúst 02.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

Rústahóllinn er 12x8 m (NA-SV). Mjög þýfður þannig að herbergjaskipan er ógreinileg en skiptist líklega í fjögur rými (a-d) af hverjum rými a og d eru greinilegust. Rústin er líklega gerð úr blöndu af torfi og grjóti en veggjabreidd er ógreinileg en er líklega um 1 m og um 0.5-0.8 m á hæð sé mælt innan úr rýmunum. Rými a er stærst og mælist 4x2 m. Dyr eru á því til NV. Rými b er á að giska 4x1.2 m en engar sýnilegar dyr eru á því. Rými c mælist 2x2 m en engar sýnilegar dyr eru á því. Rými d mælist 2x1.4 m og eru dyr á því út til NA.

Rústinni stafar nokkur hætta af landeyðingu en rof hefur myndast aftan (SA) við rústirnar.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | **8** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Gröf | | Grafarsel undir Selborgum | **2** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 28.06.2012 | E298735 N496283 | Isn93 | 184 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Kvíar | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er um 20 m suðvestur af rúst 01, vestan í efri Selborginni.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

Rústin er einföld og aflöng, um 5x2 m að innanmáli og 8x5 m að utanmáli. Rústin snýr norður-suður og er op á henni til norðurs. Smávegis af grjóti er greinanlegt í rústinni og er því hugsanlegt að hluti hennar sé hlaðinn úr grjóti. Hæð veggja er mest um 1 m innan frá en um 0-0.5 m að utan. Rústin er að sunnanverður grafin inn í brekku. Veggjabreidd er um 1-2 m.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 9 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kirkjufell | | Kirkjufellssel | 1-5 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 02.07.2012 | E295992 N497643 | Isn93 | 89 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 5 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skriðuföll | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | | Kirkjufell | Nei | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7,5 | Hátt | 7,5 | Ber, grös og mögulega slægjur og mótekja |

*Lega og staðhættir*

Kirkjufellssel er staðsett í Seljadal austan við Kirkjufellsá, sunnan við svokallaða Húsadali. Selið sjálft er fast austan við læk þann er rennur úr Seljadalsgili, nokkurn veginn fyrir miðjum dalnum. Selið kúrir undir rótum brekkunnar sem rammar dalinn inn til suðurs. Nokkuð bratt er þar upp og klettar efst. Víðáttumiklar mýrar eru framan (N) við selið og einnig að miklu leyti til hliðanna (V, A).

*Heimildir og munnmæli*

*Örnefnaskrá Kirkjufells.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

*JÁP* (1931-33).

*Lýsing*

**Selstaða.**

Seljadalur er grösugur dalur í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Dalurinn er nokkuð mýrlendur og stendur hluti rústanna í mýrinni, en hluti þeirra stendur í brekkurótunum og sleppur því við bleytuna. Úr selinu blasa við Brimlárhöfði (Stöðin) og Kirkjufell auk þess sem sést vel út að Klakki og Eyrarfjalli. Ekki sést heim að bæ frá selinu en líklegast sést þangað ef farið er upp á brúnina fyrir ofan það. Lækurinn sem rennur vestan við selið er ágætlega vatnsmikill þótt þurrkatíð hafi verið síðustu vikur þegar á vettvang var komið og er lækjarniðurinn bakgrunnur fyrir fuglana, mófugla sem og fýlinn í Mýrarhyrnunni. Brekkan ofan við selið er lyngivaxin. Þó nokkuð er um mýrar á leiðinni upp að selinu, sem og í Seljadalnum, og er því möguleiki á að mótekja hafi verið á svæðinu eða jafnvel rauðatekja, því sumar mýrarnar eru ansi rauðar.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 9 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kirkjufell | | Kirkjufellssel | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 02.07.2012 | E295992 N497643 | Isn93 | 89 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íveruhús | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skriðuföll | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7 | Hátt | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Rúst 01 er um 10 m SV af rúst 02 og um 15 m NA af rúst 05 í Kirkjufellsseli, fast austan við læk þann er rennur úr Seljadalsgili.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

Rústin er mjög þýfð og ógreinileg en þó virðast þrjú rými vera greinanleg í henni. Það suðaustasta (c) er líklega ekki áfast hinum rýmunum tveimur, en ómögulegt er þó að segja til um það með vissu. Rústin liggur frá norðvestri til suðausturs og er rými c dálítið skakkt á hin rýmin. Rýmið til norðvesturs (a) og miðrýmið (b) eru bæði með op til norðausturs að því er virðist. Er rými a um 5x2 m að innanmáli, en rými b um 3x1 m. Op virðist geta verið á rými c til austnorðausturs. Rústin er í mýri og gæti það skýrt hve ógreinileg hún er. Rústin er algróin grasi og mosa og smávegis af grjóti er sjáanlegt í veggjum. Líklegt er að a.m.k. hluti veggjanna sé hlaðinn úr grjóti þar sem nokkuð af slíku er í umhverfinu. Veggir rústarinnar eru um 0.2-0.8 m háir og um 1-2 m breiðir.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Sindri Ellertsson Csillag |
| *Filma nr./teg. myndar* | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 9 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kirkjufell | | Kirkjufellssel | 2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 02.07.2012 | E295999 N497660 | Isn93 | 96 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Kvíar | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Í mýri um 2 m SA við læk sem rennur úr gili. 3 m NV við rúst 3 og um 17 m NA við rúst 1.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

5x4 m (NA-SV). Innanmál um 4x1 m og dyr líklega til NA. Líklega gerð úr blöndu af torfi og grjóti. Rústin er mjög þýfð og nær sokkin í mýrina. Veggjabreidd er um 0.4-0.7 m og hæð veggja um 0.2-0.3 m. Mögulega kvíarúst.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 9 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kirkjufell | | Kirkjufellssel | 3 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 02.07.2012 | E296004 N497663 | Isn93 | 97 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Í mýri um 2 m SA við rúst 3 og um 17 m NA við rúst 1.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

7.4x5 m (NA-SV). Mikið þýfður hóll með bolla í miðjunni sem mælist um 2x2 m að innanmáli. Rústin er líklega úr blöndu af torfi og grjóti. Veggjabreidd er nokkuð ógreinileg sökum þess hversu mjög rústin er sokkin í mýrina en er líklega um 1-1.5 m og hæð veggja er um 0.2-0.3 m.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | **9** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Kirkjufell | | Kirkjufellssel | **4** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 02.07.2012 | E295972 N497620 | Isn93 | 110 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Kvíar | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skriðuföll | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er innst þeirra rústa sem í selstöðunni eru, alveg upp við klettana fyrir ofan selið, um 2 m A af læk og um 30 m SV við rúst 1.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**

8x5 m (NA-SV). Rústin er úr blöndu af torfi og grjóti og eru grjóthleðslurnar sýnilegar á stöku stað. Rústin er um 5x2.5 m að innanmáli og eru á henni tvennar dyr. Aðrar vísa út til NA að beitilandinu en hinar eru staðsettar í V-horni rústarinnar og vísa út að læk. Breidd veggja er á bilinu 1.2-2 m og er SV-gaflinn lang breiðastur auk þess sem hann er að einhverju leyti grafinn inn í hlíðina. Veggjahæð er víðast hvar um 0.5-0.6 m miðað við yfirborð inni í rústinni. Líklega hefur þessi rúst verið kvíar eða annars konar skepnuhús.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-140 |

*Athugasemdir*

## 12.4 Fornleifaskrá

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Tákntala* | *Aðalnr.* |
|---|---|---|---|
| Snæfells- og Hnappadalssýsla | Grundarfjarðarbær | 3709 | 9 |

| *Landareign* | *Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Kirkjufell | | Kirkjufellssel | 5 |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *GPS Staðsetning* | *Viðmiðun* | *M.y.s.* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir / Sindri Ellertsson Csillag | 02.07.2012 | E295979 N497621 | Isn93 | 110 | 4 |

| *Tegund minja* | *Tilgáta/Niðurstaða* | *Verk* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| Grjótbyrgi | | Seljabúskapur | 1 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Frá hvaða bæ?* | *Yngra bæjarstæði?* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
